**FREYR ÞÓRSSON**
*Klífur fossa og jökla*

Heilsa
allt Í MIÐJU BLAÐSINS




**JEPPAR**
*Ekki bara karlasport*

Sérblað um jeppa og ferðir
**FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG**




**AUÐUNN BLÖNDAL**
*Gerði Bubba brjálaðan*

Lét draga bílinn hans í burtu
**FÓLK 38**




# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

26. september 2006 — 257. tölublað — 6. árgangur
**MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI**
Sími: 550 5000


## ÞRIÐJUDAGUR

### Blendin viðbrögð



Í takt við tímann var kosin versta myndin af hlustendum morgunþáttarins Capone.
**FÓLK 32**

### Listin og menningarþjóðin



Ragnheiður Jónsdóttir myndlistarmaður sýnir verk sín í Listasafni ASÍ. Hún hefur sterkar skoðanir á framtíð og afkomu íslenskra listamanna.
**MENNING 28**

### Hugrekki Ómars

„Frásögn Ómars af samskiptum sínum við valdastéttina í landinu, eða öllu heldur afskiptum valdastéttarinnar af honum er með ólíkindum," segir Valgerður Bjarnadóttir.
**Í DAG 20**

### Áfram hjá FH



Heimir Guðjónsson hafnaði í gær tilboði um að gerast aðalþjálfari hjá Fram og ákvað þess í stað að gera nýjan samning við FH.
**ÍÞRÓTTIR 34**

### VEÐRIÐ Í DAG




**BJART Í BORGINNI** Í dag verður norðaustan strekkingur við suðausturströndina, annars hægari. Léttskýjað vestan til, rigning austan til, annars skýjað með köflum. Hiti 5-12 stig, mildast á Suðausturlandi.
**VEÐUR 4**






# Hlutafélag tekur yfir eignir Varnarliðsins

**Eignir Varnarliðsins á Íslandi eiga að ganga upp í kostnað sem til fellur vegna brottfarar hersins. Bandaríkjamenn telja sig ennþá skuldbundna til að verja landið sé ógn aðsteðjandi. Varnarþáttur samnings samt almennt orðaður.**

**VARNARMÁL** Bandaríkjamenn munu ekki greiða íslenskum stjórnvöldum sérstakt gjald þegar Varnarliðið yfirgefur Keflavíkurflugvöll um næstu mánaðamót samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. Íslendingar taka yfir eignir Varnarliðsins hér á landi sem greiðslu fyrir hreinsun og annan kostnað sem til fellur vegna brottfarar hersins. Verður stofnað sérstakt hlutafélag sem mun ráðstafa þessum eignum samkvæmt ákvörðun pólitískt skipaðrar stjórnar.

Samningur um viðskilnað Bandaríkjamanna á Keflavíkurflugvelli og áframhaldandi varnarsamstarf Íslands og Bandaríkjanna verður kynntur í dag. Eftir ríkisstjórnarfund hittir Geir H. Haarde forsætisráðherra formenn allra stjórnmálaflokka, síðan gengur hann á fund utanríkismálanefndar í Þjóðmenningarhúsinu og hittir fréttamenn að því loknu.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins telja Bandaríkjamenn sig ennþá skuldbundna til að verja landið eins og varnarsamningurinn frá árinu 1951 kveður á um. Samt mun varnarþáttur þessa nýja samnings, um hvernig bregðast skuli við sé öryggi Íslands ógnað á einhvern hátt, vera almennt orðaður. Allar upplýsingar um viðbragðsáætlanir eru líka flokkaðar sem hernaðarleyndarmál.

Bandaríkjamenn munu samkvæmt samkomulaginu koma íslenskum stjórnvöldum til aðstoðar við endurskipulagningu á stjórnkerfi öryggismála landsins. Munu fulltrúar tollgæslu, lögreglu og Landhelgisgæslu geta sótt námskeið og þjálfun í Bandaríkjunum en einnig verða einhverjar æfingar hér á landi undir stjórn Bandaríkjamanna. Leggja á aukna áherslu á vettvangsvinnu tollvarða og áhættugreiningu við landamæravörslu í samvinnu við lögreglu.

Þá munu íslensk stjórnvöld ætla að setja ný lög um almannavarnir sem taka mið af þessum nýju aðstæðum. Liður í því er að koma upp tengslaneti um öryggismál við önnur ríki sem á að tryggja úrvinnslu upplýsinga sem varða öryggis- og varnarmál. Ein hugmyndin er að setja á laggirnar sérstakt öryggisráð sem stjórni þessari vinnu í samstarfi við Landhelgisgæsluna, greiningardeildir Ríkislögreglustjóra og þá sem sinna landamæravörslu. - bg



**SÍGARETTUPAKKAR** „Léttar" sígarettur verða dómsmál í Bandaríkjunum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Tóbaksfyrirtæki fyrir dóm:
## Sögð blekkja reykingamenn

**NEW YORK, AP** Alríkisdómari í New York hefur heimilað hópmálsókn gegn tóbaksfyrirtækjum sem sökuð eru um að hafa blekkt reykingamenn með því að gefa í skyn að „léttar" sígarettur séu hættuminni en aðrar sígarettur.

Málsóknin er höfðuð fyrir hönd allra þeirra sem keyptu „léttar" sígarettur í Bandaríkjunum eftir að þær komu á markað í byrjun áttunda áratugs síðustu aldar.

„Þau gerðu sér grein fyrir að þau voru að selja dauðann," segir Michael D. Hausfeld, lögmaður reykingamanna. Spurningin var bara, segir hann, „hvernig átti að fela það?" - gb



**KÁTIR STRÁKAR Í HÚSDÝRAGARÐINUM** Veðrið undanfarna daga hefur minnt á hásumar frekar en mitt haust. Sigurður Þ. Ragnarsson veðurfræðingur segir samvinnu hæða og lægða valda hlýviðri á svona undarlegum tíma. Fyrir ringlaða sé þó alltaf þrennt sem staðfesti haustkomu; styttri dagar, næturfrost og börn með skólatöskur. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Mikið hlýviðri undanfarna daga:
## Sumarhiti í september

**VEÐUR** Hlýviðrið undanfarna daga hefur eflaust ruglað einhverja í ríminu, enda nálægt því sumarhiti í lok september. Sigurður Þ. Ragnarsson veðurfræðingur segir orsökina helst vera samvinnu hæða og lægða. Kalt vor og hlýtt haust sé einnig orðið eins konar veðurmynstur undanfarin ár. Landsmenn megi búast við þokkalega mildu veðri út vikuna þó vindarnir verði kannski meiri en hefur verið.

„Þetta er flottara en maður þorir að ímynda sér á þessum árstíma. Suma daga hefur verið hlýrra í september en var í júlí," segir hann. „Svona veðurfar er þó frekar brothætt því það þarf afar lítið að breytast til að veðrið verði allt öðruvísi." - sþs

Forseti framkvæmdastjórnar ESB um frekari stækkun sambandsins:
## Stjórnarskrármál í forgang

**BRUSSEL, AP** Jose Manuel Barroso, forseti framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, sagði í gær að gera ætti hlé á frekari stækkun sambandsins eftir að Rúmenía og Búlgaría fá inngöngu. Áður en unnt yrði að fjölga aðildarríkjum frekar yrði að fá niðurstöðu í það hvað yrði um stjórnarskrársáttmálann strandaða.

„Það væri óráðlegt að halda stækkun sambandsins áfram áður en við höfum tekið á stjórnarskrárvandanum," sagði hann eftir fund með franska forsætisráðherranum Dominique de Villepin. Fullgilding stjórnarskrársáttmálans strandaði í fyrra er hann var felldur í þjóðaratkvæðagreiðslum í Frakklandi og Hollandi.



**JOSE MANUEL BARROSO** Á blaðamannafundi í Brussel í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Framkvæmdastjórn ESB mun í vikunni birta síðustu matsskýrslu sína á aðildarhæfni Rúmeníu og Búlgaríu. Samkvæmt heimildum AP-fréttastofunnar mun í skýrslunni vera mælt með því að löndin tvö fái inngöngu strax um næstu áramót. Hinn kosturinn væri sá að þau fengju inngöngu ári síðar. Ráðherraráð sambandsins tekur ákvörðun um það síðar í haust hvor kosturinn verði ofan á. - aa


**Drögum í dag**
Verður þú einn af 30 nýjum milljónamæringum?

Áttu miða?



HAPPDRÆTTI HÁSKÓLA ÍSLANDS
*vænlegast til vinnings*

## SPURNING DAGSINS



*Ómar, hvernig er að vera loksins kominn í lið?*

Gríðarlegur léttir. Allt í einu get ég látið sjá mig hjá öllum sem ég vil, talað við alla sem ég vil og sagt það sem ég vil við alla.

Ómar Ragnarsson sjónvarpsfréttamaður tilkynnti í síðustu viku að hann ætli sér að spila með liði umhverfissinna í þjóðfélagsumræðunni.

Símhlerunum hefur verið beitt tæplega 800 sinnum á síðustu tíu árum:

# Símhlerunum beitt æ oftar

**HLERANIR** Síðan árið 1998 hefur lögreglu 779 sinnum verið veitt heimild til símhlerana en í flestum tilfellum hefur það verið gert við rannsókn á fíkniefnamálum. Þetta kom fram í svari Björns Bjarnasonar dómsmálaráðherra við fyrirspurn Björgvins G. Sigurðssonar, þingmanns Samfylkingarinnar, á síðasta þingvetri.

Helgi I. Jónsson, dómstjóri Héraðsdóms Reykjavíkur, segir engar reglur liggja fyrir um það hversu lengi að hámarki lögreglan getur beitt símhlerunum til þess að flýta fyrir rannsókn. „Það er ekkert í lögum sem segir um hversu lengi má beita símhlerunum að hámarki. Hins vegar er það alltaf tekið fram í úrskurði hversu lengi símhleranirnar mega standa yfir. Þar er sá varnagli alltaf settur.“



**LÖGREGLUSTÖÐ** Lögregla notað símhleranir oftast í fíkniefnamálum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Skráning hófst ekki með skipulegum hætti á beiðnum um símhleranir fyrr en árið 2000. Síðan þá hefur beiðnum um símhleranir fjölgað nokkuð en 157 sinnum var veitt leyfi fyrir símhlerunum með dómsúrskurði í fyrra, miðað við 117 skipti árið 2000.

Ekki hafa ástæður símhlerana verið teknar sérstaklega saman í Héraðsdómi Reykjavíkur, en á landsbyggðinni var í miklum meirihluta úrskurða veitt heimild til hlerana í fíkniefnamálum, í 173 tilfellum af 196. - mh

Tvítugur í mánaðarfangelsi:

# Dæmdur fyrir að kýla mann

**DÓMSMÁL Rúmlega tvítugur maður var í gær dæmdur í 30 daga fangelsi fyrir líkamsárás. Dómurinn, sem kveðinn var upp í Héraðsdómi Austurlands, var skilorðsbundinn.**

**Manninum var gefið að sök að hafa aðfaranótt 25. júní 2006 veitt öðrum manni högg í andlit með þeim afleiðingum að sá síðarnefndi hlaut glóðarauga og skurð á kinnbeini undir vinstra auga. Ákærði játaði brot sitt skýlaust fyrir dómnum, eins og því var lýst í ákæru. Dómurinn dæmdi árásarmanninn til að greiða sakarkostnað.** - jss



**HUGO CHÁVEZ MEÐ CHOMSKY Á LOFTI** Bókin, sem kom út árið 2003, er nú komin í fyrsta sætið á vinsældalista Amazon.com. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Chávez áhrifamikill vestra:

# Chomsky rokselst eftir ræðu

**NEW YORK, AP „Djöflaræða“ Hugo Chávez, forseta Venesúela, á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna í New York, hefur haft óvænt áhrif á bóksölu þar vestra.**

**Í upphafi ræðu sinnar hélt Chávez á lofti eintaki af bók Nóbelsverðlaunahafans Noams Chomsky, en hún heitir Hegemony or Survival: America's Quest for Global Dominance. Chávez hvatti þingmenn og Bandaríkjamenn til að lesa hana „frekar en að glápa á Superman-myndir“.**

**Bókin fór á lista best seldu bókanna hjá Amazon.com og Barnes & Noble daginn eftir og er nú í því fyrsta hjá Amazon.** - kóþ

## NOREGUR

### Ópið til sýnis

Listunnendum verður gefinn kostur á að berja augum víðfræg þjófstolin verk Edvards Munch, Ópið og Madonnu, frá og með morgundeginum og til lokunar á sunnudaginn. Síðan fara þau í tímafreka viðgerð. Verkin verða til sýnis á Munch-safninu í Osló.

# Spá gengisfalli að nýju árið 2010

**Í hagspá Landsbankans er gert ráð fyrir nýju hagvaxtarskeiði árið 2008. Sagan er svo sögð munu endurtaka sig með aðlögun og gengisfalli. Bankinn segir fasteignaverð lítið. Seðlabankinn er talinn munu lækka stýrivexti hratt á næsta ári.**

**VIÐSKIPTI** Skyndileg viðhorfsbreyting erlendra fjárfesta í byrjun árs hratt hér af stað aðlögunarferli í efnahagslífinu. Í nýrri hagspá Landsbankans, sem kynnt var í gærmorgun, segir að eftir örstutt aðlögunarskeið stefni í nýtt hagvaxtarskeið á árunum 2008 til 2010 með áframhaldandi stóriðjuframkvæmdum.

Viðsnúningurinn í efnahagslífinu er sagður vera að ná fullum þroska núna. „Fasteignamarkaðurinn hefur kólnað, bílainnflutningur hefur minnkað og hægist á kortaveltu. Allir þessir hefðbundnu þættir eru smám saman að koma fram,“ segir Björn R. Guðmundsson, sérfræðingur á greiningardeild bankans. Á næsta ári er svo reiknað með hröðum samdrætti einkaneyslu, fjárfestingar og innflutnings. „En vegna þess að aukið verðmæti útflutnings kemur sterkt á móti verður ekki samdráttur í landsframleiðslu,“ segir hann. Spáð er 1,3 prósenta hagvexti á næsta ári. Við tekur svo hagvaxtarskeið þar sem gert er ráð fyrir að hagvöxtur verði 5 prósent að meðaltali.

Á næsta ári segir bankinn verðbólgu munu lækka hratt, meðal annars vegna kælingar á fasteignamarkaði og hækkandi gengis krónunnar, en svo aukist verðbólga á ný með meiri framleiðsluspennu í hagkerfinu. Í næstu uppsveiflu er því svo spáð að stýrivextir nái uppsveiflu í 10 prósentum og krónan falli árið 2010. „Við sjáum fyrir okkur enn eina sveifluna í stóriðjunni.“

Fasteignaverð er sagt munu lítið breytast fram á næsta ár, og lækka um tvö til þrjú prósent. Þannig verði fasteignaverð á næsta ári tæplega 11 prósentum hærra en árið 2005. „Heilmargir þættir styðja við fasteignaverðið,“ segir Lúðvík Elíasson, einn hagspárhöfunda.



**Á MORGUNFUNDI UM EFNAHAGSMÁL** Um 500 manns mættu á morgunfund Landsbankans þar sem kynnt var efnahagspá fram til 2015. Í forgrunni eru Edda Rós Karlsdóttir forstöðumaður greiningardeildar, Sigurjón Þ. Árnason og Halldór J. Kristjánsson bankastjórar og Björgólfur Guðmundsson, formaður bankaráðs Landsbankans. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

> Fasteignamarkaðurinn hefur kólnað, bílainnflutningur hefur minnkað og hægist á kortaveltu. Allir þessir hefðbundnu þættir eru smám saman að koma fram.
>
> **BJÖRN RÚNAR GUÐMUNDSSON**
> SÉRFRÆÐINGUR GREININGARDEILDAR LANDSBANKA ÍSLANDS

Þá segir Yngvi Örn Kristinsson, framkvæmdastjóri verðbréfasviðs bankans, að mistök hafi verið gerð við framkvæmd peningastefnunnar og mikilvægt sé að læra af reynslunni í þeim efnum. Hann segir stórframkvæmdir hér kalla á meiri sveiflu en svo að peningamálastefna Seðlabankans ráði við hana. Bankinn veltir upp þeirri spurning hvort ekki þurfi meiri sveigjanleika í verðbólgumarkmiðið meðan á framkvæmdum standi. „Er ráðlegt að ryðja úr vegi innlendri framleiðslu sem er arðbær við eðlilegar aðstæður fyrir tímabundnar fjárfestingar í þessum mæli?“ spyr bankinn og veltir upp leiðum til að bæta virkni peningastefnunnar. olikr@frettabladid.is



**MYNDIR EFTIR HITLER** Talið er að þessar myndir séu eftir Adolf Hitler.

Umdeilt uppboð í Bretlandi:

# Vatnslitamyndir Hitlers seldar

**BRETLAND, AP** Vatnslitamyndir og skissur sem talið er að séu eftir Adolf Hitler verða seldar á uppboði í Bretlandi í dag.

Verkin fundust á búgarði í Flæmingjalandi í Belgíu, skammt frá þeim stað þar sem Hitler var ásamt hersveit sinni í fyrri heimsstyrjöldinni, en sem ungur maður sinnti Hitler listmálun af kappi. Að sögn listfræðings dettur engum í hug að kaupa verkin vegna listarinnar, heldur eingöngu vegna sögulegs gildis þeirra.

Verk Hitlers hafa áður selst fyrir yfir 3,5 milljónir íslenskra króna. - smk

Borgarbúar skoða himininn:

# Ljósin slökkt um alla borg

**STJÖRNUSKOÐUN** Slökkt verður á öllum ljósastaurum og öðrum borgarljósum á höfuðborgarsvæðinu og víðs vegar um landið milli tíu og hálf ellefu næsta fimmtudagskvöld. Tilefnið er að vekja athygli borgarbúa á himinhvolfunum. Þorsteinn Sæmundsson stjörnufræðingur mun lýsa himninum í beinni útsendingu á Rás 2 á sama tíma.

Þorsteinn segir erfitt að svara því hvar sé best að fylgjast með himninum á fimmtudagskvöld.“ Það fari allt eftir því hvernig gangi að myrkva borgina. - sþs






Skordýrafræðingur segir hættuna á faraldri kakkalakka raunverulega:

# Leiðin greið fyrir kvikindin

**SUÐURNES** Erling Ólafsson skordýrafræðingur segir að raunveruleg hætta sé á því að kakkalakkar berist af vellinum inn í íslenskt samfélag. „Þetta er nokkuð sem ekki er rétt að líta framhjá,“ segir hann.



**ERLING ÓLAFSSON** SKORDÝRAFRÆÐINGUR

Mikið er um kakkalakka og önnur skordýr á vellinum sem hafa komið með vörum frá vöruskemmum hersins sem fluttar hafi verið hingað eftirlitslítið. „Á svona stöðum í Bandaríkjunum er krökkt af kakkalökkum og alls konar kvikindum og við fáum afleggjara frá því,“ segir hann.

Erling ímyndar sér að „greið leið“ sé að opnast fyrir kvikindin af vellinum „án þess að ég vilji fullyrða mikið um það. Kakkalakkanum er lagið að berast með manninum,“ segir hann.



**KRÖKKT AF KAKKALÖKKUM** „Ég held að það finnist nóg að bíta og brenna í þessum híbýlum,“ segir Erling Ólafsson skordýrafræðingur.

Kakkalakkar deyja ekki úr hungri. „Ég held að það finnist nóg að bíta og brenna í þessum híbýlum. Það er enginn svo þrifalegur að ekki sé nóg handa kakkalökkum. Þeir finna sér alltaf eitthvað,“ segir hann og telur einfaldast að jafna húsin við jörðu til að losna við kakkalakkana.

Kakkalakkar eru alætur og lifa á matarleifum eða dauðum skordýrum. „Kakkalakkar eru sóðar sem skíta um allt, það er fýla af þeim, fyrir utan það hvað fá kvikindi eru eins hvimleið út af sóðaskap. Þeir skjótast um allt og eru snöggir inn í fylgsni.“ - ghs

120 1886 2006

# Uppfærðu launa-reikninginn þinn með Launavernd




GOTT FÓLK McCANN

Launavernd tryggir áframhaldandi tekjur fjölskyldunnar komi til launamissis vegna fráfalls, sjúkdóma eða örorku. Auk þess byggir þú upp viðbótarlífeyrissparnað sem eykur fjárhagslegt sjálfstæði þitt við starfslok. Það eina sem þú þarft að gera er að uppfæra launareikninginn þinn með Launavernd. Komdu við í næsta útibúi, hafðu samband í síma 410 4000 eða farðu á landsbanki.is og fáðu nánari upplýsingar.

Landsbankinn
Banki allra landsmanna

Launavernd Landsbankans

## GENGIÐ 25.9.2006

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 69,94 | 70,28 |
| Sterlingspund | 133,03 | 133,67 |
| Evra | 89,24 | 89,74 |
| Dönsk króna | 11,96 | 12,03 |
| Norsk króna | 10,63 | 10,692 |
| Sænsk króna | 9,594 | 9,65 |
| Japanskt jen | 0,5989 | 0,6025 |
| SDR | 103,78 | 104,4 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
123,1544

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Friðsamleg mótmæli fóru fram í anddyri höfuðstöðva Landsvirkjunar í gær:

# Huggulegt spjall um Hálslón

**MÓTMÆLI** Lítill hópur fólks kom sér fyrir í anddyri höfuðstöðva Landsvirkjunar í gær til að mótmæla fyllingu Hálslóns. Talsmaður hópsins segir að með mótmælunum sé verið að svara kalli Ómars Ragnarssonar fréttamanns til þjóðarinnar.

„Við áttum mjög góðan fund með stjórnarformanni Landsvirkjunar og fleirum. Við fengum kaffi og smákökur, þetta var bara huggulegt spjall,“ segir Ingvar Þórisson, talsmaður hópsins. „Ég held að þetta séu ein friðsömustu mótmæli sem farið hafa fram í sambandi við virkjunina.“

Mótmælendurnir áformuðu að sitja í anddyrinu fram að Jökulsárgöngunni sem farin verður klukkan átta í kvöld. Gengið verður frá Hlemmi að Austurvelli til að vekja athygli á hugmyndum Ómars um að Hálslón verði ekki fyllt og Kárahnjúkavirkjun geymd ógangsett sem minnismerki.

Þegar Fréttablaðið hafði samband við Ómar í gær hafði hann ekki heyrt af mótmælunum en útilokaði ekki að líta við. „Annars er ég önnum kafinn við að undirbúa gönguna. Við ætlum að mynda á úr dropum og sandkornum og ganga þannig niður Laugaveginn að Austurvelli.“ - sþs



**NOKKRIR MÓTMÆLENDANNA** Talsmaður hópsins segir mótmælin ein þau allra friðsamlegustu sem farið hafi fram. Boðið var upp á kaffi og smákökur og spjallað um Kárahnjúkavirkjun.

Forseti Pakistans:

# Lýsir hótunum Bandaríkjanna

**PAKISTAN, AP Pervez Musharraf, forseti Pakistans, segist í nýútkominni minningabók ekki hafa átt neitt val um annað en að styðja hernað Bandaríkjanna gegn talíbönum í Afganistan.**

**Musharraf skýrði frá því í síðustu viku að Richard Armitage, þáverandi aðstoðarutanríkisráðherra Bandaríkjanna, hefði hótað því að Bandaríkjamenn myndu „sprengja Pakistan aftur á steinöld“.**

**Í bók sinni sem heitir „Í eldlínunni“ lýsir Musharraf samskiptum sínum við Bandaríkjamenn mun nánar.** - gb

Ragnheiður Elín Árnadóttir:

# Í prófkjör Sjálfstæðisflokksins

**STJÓRNMÁL** Ragnheiður Elín Árnadóttir, aðstoðarmaður forsætisráðherra, sækist eftir 4. sæti í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Suðvesturkjördæmi.



**RAGNHEIÐUR ELÍN ÁRNADÓTTIR**

Ragnheiður Elín er stjórnmálafræðingur og hefur gráðu í alþjóðastjórnmálum frá háskólanum í Georgetown. - bþs

Benedikt Sigurðarson:

# Sækist eftir fyrsta sætinu

**STJÓRNMÁL** Benedikt Sigurðarson, kennari við Háskólann á Akureyri, sækist eftir að leiða lista Samfylkingarinnar í Norðausturkjördæmi í þingkosningunum í vor.



**BENEDIKT SIGURÐARSON**

Benedikt, sem er kennari og uppeldisfræðingur að mennt, var skólastjóri Barnaskóla Akureyrar í tólf ár en hefur unnið við Háskólann á Akureyri undanfarin níu ár. Benedikt var formaður stjórnar KEA. - bþs

## LEIÐRÉTTING



Í grein um Hermann Gunnarsson á laugardag birtist röng mynd. Rætt var við Berg Guðnason lögmann en fyrir handvömm birtist mynd af öðrum manni. Beðist er velvirðingar á þessu.



**ÁTAKASVÆÐIÐ Á NORÐURBRÚ** Kantsteinar á víðavangi og brennandi rusl blasti við vegfarendum á Norðurbrú í gær. 268 voru handteknir eftir að flöskum, steinum og eggjum var kastað að lögreglu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Óeirðir á Norðurbrú

**Mótmæli allt að eitt þúsund ungmenna leystust upp í óeirðir á sunnudagskvöld, eftir að lögreglan skarst í leikinn. Þetta voru ein mestu mótmæli í borginni í áratugi og að sögn lögreglu og voru 268 handteknir. Ungmennin vildu mótmæla því að hústökufólk væri rekið úr húsi sem það hefur haft afnot af í rúm 20 ár.**

**DANMÖRK** Tveir Danir og þrír útlendingar, Þjóðverji, Svíi og Íri, voru í haldi lögreglunnar í Kaupmannahöfn í gær, ásakaðir um ofbeldisverk gegn laganna vörðum. Útlendingarnir eru á aldrinum 18 til 22 ára. Um fimmtíu manns til viðbótar voru einnig ákærðir fyrir skemmdarverk og óhlýðni við lögreglu. Alls voru 268 manns handteknir í óeirðum við Norðurbrú (Nørrebro) á sunnudagskvöld.

Ungmennin höfðu verið að mótmæla lokun félagsmiðstöðvar fyrir unglinga, Ungdomshuset, sem hústökufólk hafði nýtt síðan það fékk til þess leyfi frá borgaryfirvöldum árið 1982. Húsið var selt kristilegum samtökum fyrir fimm árum síðan. Eftir kaupin hafa samtökin reynt að fá hústökufólkið borið út úr húsinu, en með litlum árangri. Í lok ágústmánaðar úrskurðaði dómstóll að hústökufólkið væri í órétti og fyrirskipaði því að rýma húsið.

Mótmælin á sunnudaginn hófust friðsamlega, en eftir að mótmælendur lokuðu umferð yfir Dronning Louises Bro, skarst lögreglan í leikinn og reyndi að leysa mótmælin upp. Átök brutust út og lauk þeim með fjöldahandtökunni.

> Hettuklæddir menn voru að rífa upp kantsteina og safna í hrúgur.
>
> **ÞÓRARINN LEIFSSON** MYNDLISTARMAÐUR

Þórarinn Leifsson myndlistarmaður býr á Norðurbrú og var úti í göngutúr með konu sinni, þegar upp úr sauð. Hann lýsir ástandinu svo á bloggsíðu sinni: „Folkets Park og svæðið í kring logaði í óeirðum, fólk var að flýja þaðan. Við ákváðum því að snúa við og reyna að finna öruggari leið heim í kotið. Þegar við komum að horninu á Krossgötu og Steingötu sáum við að allt var að verða vitlaust. Hettuklæddir menn voru að rífa upp kantsteina og safna í hrúgur á meðan vegfarendur fylgdust með og mæður kölluðu út um glugga á börn sín að drífa sig inn. Úti á næsta horni var óeirðalögreglan mætt á stórum kassabílum og með allar græjur. Við hlustuðum á sírenurnar, skrenső í bílunum og heróp óeirðarseggja í nokkrar mínútur áður en við ákváðum að draga okkur í hlé.“

Þórarinn sagði í samtali við Fréttablaðið að sér þætti furðulegt hversu fljótt þetta hefði gengið yfir. Strax daginn eftir hefði allt verið komið í dúnalogn og búið að hreinsa göturnar. Mótmælendur á bak og burt. Eins og ekkert hefði gerst á Norðurbrú.

klemens@frettabladid.is



**BRÚIN YFIR JÖKLU** Talsmaður Landsvirkjunar á Kárahnjúkum segir stálbita og undirstöðu brúarinnar munu fara á kaf þegar Hálslón verði fyllt.

Fylling Hálslóns undirbúin:

# Brúin yfir Jöklu rifin og fer á kaf

**SAMGÖNGUR** Búið er að rífa brúna yfir Jöklu sem stendur fyrir neðan Kárahnjúkavirkjun í fyrirhuguðu lónsstæði Hálslóns. Byrjað verður að fylla lónið á næstu dögum.

Sigurður Arnalds, talsmaður Landsvirkjunar á Kárahnjúkum, segir burðarvirki brúarinnar hafa verið látið standa en aðrir hlutar hennar rifnir. „Það sem stendur áfram eru stálbitarnir og steyptu undirstöðurnar. Þetta verður langt fyrir neðan lægsta vatnsborð og mun því að öllum líkindum ekki sjást meir.“

Hann segir að opnað verði fyrir umferð yfir stífluna sjálfa næsta vor. - sþs

Landsbanki Íslands:

# Lýkur við kaup á Cheshire

**VIÐSKIPTI Landsbankinn hefur gengið frá kaupum á Cheshire Guernsey Ltd. á eynni Guernsey í Ermarsundi eftir að eftirlitsaðilar á Íslandi og á Guernsey blessuðu viðskiptin. Nafni breska bankans verður breytt í Landsbanki Guernsey Ltd. og verður hann hluti af Landsbankasamstæðunni.**

**Kaupin eru fjármögnuð með eigin fé Landsbankans og eru í samræmi við stefnu bankanna að eflast á markaði fyrir alþjóðleg innlán.** - eþa


NÝ & BETRI

Nýr og betri Lífsstíll

Afslappandi og uppbyggjandi vikudvöl fyrir konur á lúxushótelinu Princesa Yaiza. **Nýr og betri lífsstíll**, þar sem reyndir leiðbeinendur halda frábær námskeið. Heil vika af leikfimi, yoga, slökun, fyrirlestrum, thai-nuddi, dansleikfimi og fleiru. Segðu streitunni stríð á hendur og endurskapaðu eigin persónu í haustævintýri á Lanzarote.



Verð: 77.500,-
17.–24. október 2006
m.v. 2 saman í svítu. Innifalið í verði: Flug, skattar, gisting með morgunverði, námskeið og námskeiðsgögn.

Byggðu upp líkama og sál 17.–24. október

www.sumarferdir.is
Sími 575 1515

SUMAR FERÐIR – ERU BETRI EN AÐRAR!

MasterCard www.kreditkort.is Mundu eftir MasterCard ferðaávísuninni


## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**VINDASÖM LANGTÍMASPÁ**
Þegar litið er yfir veðurhorfur næstu daga eru það vindar sem einkenna kortin. Annað kvöld eða aðra nótt vex vindur talsvert á landinu, síst þó norðaustan til. Má búast við að á fimmtudagsmorgun verði hvassviðri eða stormur með ströndum sunnan og vestan til og eru horfur á að stífur strengur nái inn á landið. Þessu veðri fylgir væta norðan og austan til annars, skýjað og úrkomulítið.

**HORFUR Í HÖFUÐBORGINNI Í DAG**
Hæg breytileg átt. Léttskýjað lengst af. Hiti 5-9 stig að deginum.

um hádegi »




» á morgun




Norðaustan 3-13 m/s stífastur á Vestfjörðum.

» fimmtudagur




3-15 m/s hvassast með ströndum.

um hádegi »

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 22°C léttskýjað | London | 19°C skýjað | Alicante | 27°C léttskýjað |
| Þórshöfn | 13°C rigning | París | 22°C léttskýjað | Mallorca | 25°C léttskýjað |
| Osló | 18°C léttskýjað | Frankfurt | 19°C skúrir | Algarve | 26°C hálfskýjað |
| Stokkhólmur | 21°C léttskýjað | Friedrichshafen | 17°C skýjað | Krít | 26°C léttskýjað |
| Gautaborg | 20°C léttskýjað | Berlín | 25°C skýjað | Las Palmas | 25°C léttskýjað |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.




Vertu með og fáðu þér miða
í síma 800 6611 eða á hhi.is

**Aðeins dregið úr seldum miðum.**

# Í dag drögum við út 30 nýja milljónamæringa

HAPPDRÆTTI
HÁSKÓLA ÍSLANDS
*vænlegast til vinnings*

GOTT FÓLK McCANN

**KJÖRKASSINN**



*Átt þú þér uppáhaldslið í íslenskri knattspyrnu?*

| | |
|---|---|
| Já | 48% |
| Nei | 52% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Stundar þú reglulega líkamsrækt?*

Segðu skoðun þína á visir.is

Benedikt páfi sextándi fundar með fulltrúum múslima:

# Reynir að lægja öldurnar

**ÍTALÍA, AP** Benedikt páfi sextándi fundaði með leiðtogum múslima í gær í þeim tilgangi að reyna að sefa reiði múslima í hans garð vegna ummæla hans um Múhameð spámann og íslamstrú. Sendinefndir frá múslimalöndunum Íran, Írak, Tyrklandi og Marokkó mættu á fundinn, auk fulltrúa múslima á Ítalíu og fleiri aðila.

Á fundinum, sem haldinn var í sumarhúsi páfans nálægt Róm, sagði páfi að „framtíð okkar“ ylti á góðu sambandi milli kristinna og múslima.

Páfi hélt fimm mínútna ræðu, heilsaði síðan hverjum og einum viðstöddum með handabandi og spjallaði um stund við erindreka.



**BENEDIKT PÁFI SEXTÁNDI** Fundaði í gær með fulltrúm múslima. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Hann minntist hins vegar ekkert á ræðuna umdeildu sem hann hélt í Þýskalandi 12. september síðastliðinn, en í henni vitnaði hann í orð keisara austrómverska keisaradæmisins á fjórtándu öld þess efnis að Múhameð spámaður hefði aðeins fært heiminum illsku og miskunnarleysi. Páfi hefur beðist afsökunar á því að hafa móðgað múslima en ekki á orðum sínum og hefur það síður en svo lægt öldurnar.

„Páfinn hefur lýst djúpri virðingu sinni fyrir íslamstrú,“ sagði Albert Edward, fulltrúi Íraka, eftir fundinn. „Nú er kominn tími til að láta kyrrt liggja og brúa bilið.“ - smk

Dómsmálaráðherrar Framsóknar:

# Vissu ekki um leyniþjónustu

**LEYNIÞJÓNUSTA Steingrímur Hermannsson og Jón Helgason, dómsmálaráðherrar Framsóknarflokksins á tímum kalda stríðsins, neita að hafa vitað af rekstri leyniþjónustu hjá stofnunum sem heyrðu undir ráðuneyti þeirra. Þetta kom fram í kvöldfréttum NFS í gær.**

**Sagnfræðingurinn Þór Whitehead hefur unnið að söfnun upplýsinga um rekstur öryggis- eða leyniþjónustu á tímum kalda stríðsins. Þær hafa vakið ýmsar spurningar, meðal annars um hvort vinstri stjórnir á þessum tíma hafi haft vitneskju um reksturinn.** - sþs


**1. Stýrimann og 2. vélstjóra vantar á Erling KE140, 240 tonna netabát.**

UPPLÝSINGAR VEITIR HAFÞÓR Í SÍMA 6961021


# Engin forsenda fyrir strandflutningum

**Það er engin forsenda fyrir strandflutningum hér við land, segir framkvæmdastjóri Samtaka verslunar og þjónustu. Hann segir búið að slá hugmyndina út af borðinu hvað varði SVÞ og flutningafyrirtækin. Einungis þurfi betri vegi.**

**STRANDFLUTNINGAR** Það er engin forsenda fyrir strandflutningum hér við land, segir Sigurður Jónsson, framkvæmdastjóri Samtaka verslunar og þjónustu. Hann segir forsvarsmenn aðildarfélaga samtakanna á sömu skoðun, þar með talin flutningafyrirtæki.

Verið er að kanna á vegum samgönguráðuneytisins hvort hugsanlegt sé að taka upp strandsiglingar við landið að nýju að einhverju leyti. Í tengslum við endurskoðun á samgönguáætlun sem nú stendur og í kjölfar umræðna um álag á vegakerfinu hefur Sturla Böðvarsson samgönguráðherra óskað eftir því að málið verði kannað. Efnt var nýverið til fundar í samgönguráðuneytinu um hugsanlega strandflutninga. Hann sátu meðal annars fulltrúar nokkurra flutningafyrirtækja, Samtaka verslunar og þjónustu, Siglingastofnunar Íslands og ráðuneytisins.

„Það kom glögglega fram á þessum fundi að það er engin forsenda fyrir þessum strandflutningum,“ segir Sigurður. „Þarfir eigenda farmsins sem flytja þarf eru með þeim hætti að það er ekki til staðar áhugi á að flytja hann á sjó. Menn sögðu þó, í allri sanngirni, að ef hugsanlega kæmi til álita að greiða niður flutninga til einhvers svæðis, þá væru það Vestfirðir. Vegakerfið þangað væri ónýtara heldur en í öðrum hlutum landsins, þannig að það gæti ef til vill réttlætt tímabundna sjóflutninga þangað.“

Sigurður segir menn sammála um, að setja þurfi fjármuni í veginn í hundrað kílómetra radíus út frá Reykjavík. Byggja þurfi almennilegan veg til Akureyrar. Upplýst hafi verið á fundinum að leggja eigi töluverða peninga á fjáraukalögum í veginn austur fyrir fjall og einnig vesturleiðina.





**STRANDFLUTNINGAR** Sigurður bendir á að sú eftirspurn eftir strandflutningum sem var fyrir hendi þegar Mánafoss sigldi á ströndina, síðasta áætlunarskipið sem það gerði, væri að stórum hluta ekki lengur fyrir hendi með brotthvarfi kísilgúrsins.



**SIGURÐUR JÓNSSON** Segir búið að slá hugmyndina um strandflutninga út af borðinu.

„Flutningatækin sem við erum að nota eru ekkert öðruvísi heldur en gerist annars staðar í heiminum,“ heldur Sigurður áfram. „Allt þetta tal um þungaflutninga er bara bull. Það sem er lélegt hér eru vegirnir. Þeir eru þröngir, gamlir og illa byggðir. Vissulega þola þeir þessa umferð ekki vel.“

Ráðgert er að aftur verði fundað um málið í ráðuneytinu og segir Sigurður að þá verði sjónum beint að þeim umbótum sem gera þurfi á vegakerfinu.

„Við ætlum ekkert að ræða meira um strandflutninga því við teljum að þeir séu ekki raunhæfur kostur. Það er búið að slá þá hugmynd út af borðinu hvað SVÞ og flutningafyrirtækin varðar.“

jss@frettabladid.is


**25 ára afmælisvika 23. - 30. sept.**



**25% afmælisafsláttur af öllum gleraugum**

augnsýn GLERAUGNAVERSLUN Fjarðargata 13-15 Sími 565 4595


Sturla Böðvarsson setti öryggisviku sjómanna með óvenjulegum hætti:

# Ráðherra seig niður úr þyrlu

**BJÖRGUNARMÁL** Öryggisvika sjómanna var kynnt í gær um borð í Sæbjörgu, skólaskipi Slysavarnarfélagsins Landsbjargar. Sturla Böðvarsson samgönguráðherra setti vikuna formlega með ávarpi og kom til athafnarinnar með heldur óvenjulegum hætti, en hann var látinn síga niður á þilfar skipsins úr TF-LÍF, þyrlu Landhelgisgæslunnar. Öryggisvikan er nú haldin í þriðja sinn í tengslum við siglingardag Alþjóðasiglingarmálastofnunarinnar.

Í setningarræðu sinni mærði ráðherra meðal annars vilja og áhuga sjómannafélaga landsins til að standa vel að öryggismálum. Hann sagði þó mikilvægt að halda öryggisviku sem þessa til að reka áframhaldandi áróður fyrir aukinni þekkingu og þjálfun sjómanna. Sturla lagði áherslu á að enn væri margt ógert í öryggismálum sjómanna og undirstrikaði að það væri verkefni einungis ráðuneytið og útgerðirnar sem þyrftu að vinna að þeim málum heldur ýmsir aðrir í samfélaginu.



**EINBEITTUR VIÐ STÝRIÐ** Sturla Böðvarsson samgönguráðherra sagði mikilvægt að halda öryggisviku sem þessa til að reka áframhaldandi áróður fyrir aukinni þekkingu og þjálfun sjómanna. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Eimskip færði Slysavarnarskóla sjómanna veglegar gjafir í tilefni vikunnar, en fyrirtækið gaf skólanum nýjan siglingarhugbúnað, gám sem á að nýtast við reykköfunarþjálfun og styrk að andvirði 100.000 krónur til eigin ráðstöfunar. - þsj


550 5600

**Hringdu ef blaðið berst ekki**

FRÉTTABLAÐIÐ - mest lesið

ENNEMM / SÍA / NM23588




# BREYTTUR PATROL Á ÓBREYTTU VERÐI!

Nú býður **Ingvar Helgason** sérstaklega vel búinn **Nissan PATROL** með breytingarpakka frá **Artic Trucks** að verðmæti **400.000 kr. á óbreyttu verði!**

**Á heima á Íslandi**
Áreiðanlegur vinnuþjarkur sem hefur sýnt náttúrulega hæfni við íslenskar aðstæður. Nissan Patrol er einfaldlega alvöru jeppi fyrir alvöru fólk.

**Komdu og reynsluaktu!**

ARCTIC TRUCKS

| Breytingar |
|---|
| Stærri dekk (33") |
| Krómgrind |
| Kastarar |
| Vindhlífar |
| Húddhlíf |
| Dráttarbeisli |
| Toppbogar |

NISSAN

**Breyttur Nissan Patrol**
**Verð aðeins 4.590.000 kr.**

**Ingvar Helgason**
Sævarhöfða 2 / Sími **525 8000** / **www.ih.is**
Opið mán – fös kl. 9 - 18 og laug kl. 12 - 16

| Umboðsmenn um land allt | Akranesi 431 1376 | Akureyri 464 7940 | Höfn í Hornafirði 478 1990 | Njarðvík 421 8808 | Reyðarfirði 474 1453 |
|---|---|---|---|---|---|

## VEISTU SVARIÐ?



**1** *Í hvaða evrópsku höfuðborg urðu mikil mótmæli á sunnudaginn?*

**2** *Lög hvaða goðsagnakenndu rokksveitar komu nýlega út í vögguvísuútgáfum?*

**3** *Hver er fyrirliði Evrópuliðsins sem bar sigur úr býtum í Ryder-keppninni um helgina?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 38

Landssamband hestamanna lætur til sín taka:

# Vill stöðva danska hestaníðið

**HESTAMENNSKA** Dýraverndarfélög í Danmörku verða beðin um að skerast í leikinn vegna frétta um að maður á Norður-Jótlandi selji fólki aðgang að tveimur íslenskum hrossum til kynlífsiðkana. Þetta segir Jón Albert Sigurbjörnsson, formaður Landssambands hestamannafélaga, sem mun senda erindi þessa efnis til danska Íslandshestafélagsins.

Þetta óvenjulega mál hefur verið til umfjöllunar í dönskum fjölmiðlum, þar sem fram hefur komið að dönsk lög banni ekki athæfi manna gegn dýrum af þessu tagi. Tveir danskir blaðamenn heimsóttu umræddan mann á Norður-Jótlandi undir því yfirskyni að þeir ætluðu að kaupa þá þjónustu sem hann bauð fram. Þeir tóku myndir á falda myndavél. Reyndist maðurinn vera með tvo hross, til þessara nota á stalli, sem hann sagði vera þriggja vetra stóðhest og tíu vetra hryssu, sem væru bæði íslensk.

Frásögn Fréttablaðsins af þessu máli vakti mikla athygli og fjölmargir tjáðu sig í framhaldi af henni á spjallsíðum hestamanna. Jón Albert sagði ekki annað koma til greina heldur en að reyna að fá þetta athæfi stöðvað með öllum ráðum. - jss



**HÖRÐ VIÐBRÖGÐ** Fréttir um að verið sé að níða íslenska hesta í Danmörku hafa vakið hörð viðbrögð hér á landi.

Tveir ungir menn í ofsaakstri:

# Urðu ekki varir við lögregluna

**LÖGREGLUMÁL Tveir ungir menn, 17 og 18 ára gamlir, sköpuðu stórhættu þegar þeir fóru í kappakstur á sunnudagskvöld.**

**Lögreglan mældi þá á 128 kílómetra hraða á Miklubraut þar sem hámarkshraði er 80. Mennirnir voru svo uppteknir af kappakstrinum að þeir urðu ekki varir við að lögreglan veitti þeim eftirför. Glæfraakstur mannanna hélt því áfram niður Reykjanesbraut og sveigðu mennirnir glæfralega hjá annarri umferð. Lögreglan náði loks að stöðva ökumennina ungu við Smárann í Kópavogi. Þeir mega búast við fjársektum. - þsj**








**AÐSTANDENDUR Í HÉRAÐSDÓMI** Aðstandendur Ragnars Björnssonar, sem lést eftir að hafa fengið hnefahögg í hálsinn, sjást hér fallast í faðma eftir uppkvaðningu dóms. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Hlaut tveggja ára fangelsi

## Loftur Jens Magnússon, 27 ára karlmaður, var í gær dæmdur í tveggja ára fangelsi fyrir að veita manni banahögg á skemmtistaðnum Ásláki í Mosfellsbæ.

**DÓMSMÁL** Héraðsdómur Reykjavíkur dæmdi í gær 27 ára karlmann, Loft Jens Magnússon, í tveggja ára óskilorðsbundið fangelsi fyrir að veita manni á sextugsaldri banahögg á skemmtistaðnum Ásláki í Mosfellsbæ aðfaranótt 12. desember árið 2004. Níu daga gæsluvarðhald, sem ákærði sat í eftir árásina, dregst frá dómnum.

Var Lofti einnig gert að greiða ekkju Ragnars 8,3 milljónir króna í miskabætur og þremur sonum Ragnars tæplega fjórar milljónir króna samtals.

Loftur var ákærður fyrir stórfellda líkamsárás en hann veitti Ragnari eitt högg, sem olli heilablæðingu vegna slagæðarofs. Loftur neitaði sök í málinu, út frá málsatvikalýsingu í ákæru. Fyrir dómi sagðist hann hafa veitt Ragnari höggið í sjálfsvörn, eftir að hann hefði ráðist að sér.

Í dómi héraðsdóms segir að málatilbúningur ákærða „samræmist engan veginn frásögn vitna af samskiptum ákærða og Ragnars heitins í eða við anddyrið,“ þar sem árásin átti sér stað.

Er því ekki fallist á það í dómnum að Loftur hafi veitt Ragnari banahögg í sjálfsvörn.

Að því virtu hve langt var liðið frá árásinni og hve „óvægna umfjöllun ákærði hefði sannarlega hlotið hjá einstökum fjölmiðlum“, þrátt fyrir að sök hans teldist ósönnuð til þessa dags, þótti tveggja ára fangelsisdómur hæfileg refsing.

Samkvæmt sakavottorði, sem vitnað er til í dómsorði, hefur Loftur tíu sinnum komið við sögu lögreglu fyrir umferðarlagabrot en aldrei fyrir ofbeldisbrot.

Ekki liggur fyrir ennþá, samkvæmt upplýsingum frá Birni Ólafi Hallgrímssyni, verjanda Lofts, hvort dómnum verði áfrýjað til Hæstaréttar.

magnush@frettabladid.is












Hjálmlaus stúlka hjólaði á bíl:

# Fékk alvarlega höfuðáverka

**SLYS** Átján ára stúlka slasaðist á höfði þegar hún hjólaði á bíl á Kirkjugarðsstíg við Suðurgötu á sunnudagskvöld.

Að sögn lögreglu hjólaði stúlkan gegn einstefnu með þeim afleiðingum að hún lenti í hlið bíls sem þar var á ferð. Hún var ekki með reiðhjólahjálm og hlaut nokkuð alvarlega höfuðáverka.

Stúlkan var flutt á slysadeild þar sem hún fór í aðgerð. Læknir á gjörgæsludeild í Fossvogi sagði í gær að ástand stúlkunnar væri gott og búið væri að útskrifa hana af sjúkrahúsinu. - þsj

# SAMSUNG dagar

Samsung er leiðandi fyrirtæki í framleiðslu og þróun rafeindatækja. Fyrirtækið er eitt af stærstu fyrirtækjunum í framleiðslu og sölu á sjónvörpum og ýmsum öðrum heimilistækjum. Samsung seldi á síðasta ári fyrir 56,7 milljarða dollara og hagnaðist um 7,5 milljarða.

Hjá fyrirtækinu starfa 128.000. manns á 120 stöðum í 57 löndum. Fyrirtækið hefur haft það markmið að geta boðið vandaða vöru á verði fyrir alla. Jafnframt hefur Samsung lagt sig fram um tækninýjungar og fékk nú nýverið Eisa verðlaun fyrir bestu tæknina í LCD sjónvörpi. Einnig fékk Samsung Eisa verðlaun fyrir besta heimabíóið annað árið í röð, besta smá ljósmyndaprentarann og smátölvuna, mediabook.



NÝTT

## Þægilega þunnt

sjónvarp

**LE32R71** - sjónvarp

**219.900.-**

Litir: Hvítt / Svart



EISA BEST PRODUCT 2005-2006

**HT-P1200** - heimabíó

5 x 100 w +150 w er með HDMI tengi og USB. útvarp með RDS. Spilar bæði DVD og CD diska, ásamt ljósmyndum.

**149.900,-**

## LCD

**sjónvarps tilboð**

*Gæði á einstöku tilboði:*



**40" LCD sjónvarp og DVD upptökutæki**

**LE40M51BX** LCD sjónvarp
& **DVDR-125** DVD upptökutæki og spilari
Verð áður: **379.900,-**

Tilboðsverð: **319.900,-**

**ÞÚ SPARAR 60.000,-**



EISA BEST PRODUCT 2005-2006

**LE40M61B**
40" LCD sjónvarp

6,4 milljarðar lita
Upplausn1366 x 768, skerpa 5000:1
Birta 500 cd/m2
1.000 blaðsíðna textavarpsminni

**399.000,-**



**32" LCD sjónvarp og DVD upptökutæki**

**LE32M51BX** LCD sjónvarp
& **DVDR-125** DVD upptökutæki og spilari
Verð áður: **264.900,-**

Tilboðsverð: **219.900,-**

**ÞÚ SPARAR 45.000,-**



Ný tækni: **SILVER NANO**
sem drepur bakteríur

Svitalykt **hverfur úr fötunum**
jafnvel án þvottaefna

Þetta hefur sérstaklega áhrif á föt sem þarf að þvo við lágan hita t.d. **íþróttaföt**

Þvottavél sem tekur 7,5 kg af þvotti

**Q1457** 1400 sn. **104.900,-**
**Q1657** 1600 sn. **119.900,-**

MEIRI ÞJÖPPUN - LENGRI ENDING RAFHLÖÐU

**FLOTTIR**

## MP3

**SPILARAR**



**YP-Z5**
4 GB flashminni
1,82" LCD-Litaskjár
FM útvarp
MP3, WMA
JPEG, OGG

| 1 GB | 2 GB | 4 GB |
|---|---|---|
| 19.900,- | 26.900,- | 34.900,- |

## NÝ TÆKNI SILVER NANO

sem drepur bakteríur

Lengir **líftíma matvæla**
í kæliskápum

og varnar því að það komi lykt úr þeim ef þeir **standa tómir og ekki í notkun**.

Silfur Nano er silfur í örlitlu magni ,nano stærð. Því er blandað út í plastið og fær plastið örlítin bláan blæ við það. Silfur hefur þann eiginleika að drepa bakteríur. Í kæliskápum er þetta ætlað til að matur skemmist síður.
Einnig er í öllum „Amerískum" Samsung kæliskápum tvö kælikerfi þannig að frostnu og þurru lofti er ekki dælt úr frystinum í kælinn, eins og hjá flestum öðrum framleiðendum, heldur tekur kæliskápurinn ferskt loft að utan til kælingar. Með þessu þornar maturinn síður í skápnum og ávextir og grænmeti verður ekki fyrir frost skemdum.



**RL39EBSM** Stál lakkaður
192 cm á hæð, kælir og frystir. Kælir 246 l og frystir 104 l. Orkunotkun 404 kwh á ári.

**89.990.-**



Kynntu þér **SILVER NANO**

**RS21DGUS** - Burstað stál
Burstað stál með vatni og klaka.
Sér kælikerfi fyrir kæli og sér í frysti.
Kælir 346 l og frystir 186 l eða alls 532 l.
Orkunotkun 520 kwh á ári.

**279.900,-**

**Umboðsmenn:**
**Reykjanes:** Ormsson Keflavík
**Suðurland:** Árvirkinn Selfossi og Eyjaradio Vestmannaeyjum.
**Vesturland:** Model Akranesi.
**Vestfirðir:** Þristur Ísafirði.
**Norðurland:** Bókaverslun Þórarins Stefánssonar Húsavík, Kaupfélag Skagfirðinga Sauðárkróki, SR Byggingavörur Siglufirði, Krákur Blönduósi og Verslunin Urð Raufarhöfn.
**Austurland:** Verslunin Vík Egilsstöðum, Reyðarfirði og Neskaupstað, HS Raf Eskifirði, Beint í Mark Vopnafirði

ORMSSON
ormsson.is

SMÁRALIND Sími 530 2900
LÁGMÚLA 8 Sími 530 2800
SÍÐUMÚLA 9 Sími 530 2800
KEFLAVÍK Sími 421 1535

RADIONAUST
Furuvöllum 5 • Sími 461 5000

imago



**STRÍPAÐ GEGN STJÓRNVÖLDUM** Þessi ungi maður beraði á sér bossann í mótmælunum vegna lygahneykslisins í Ungverjalandi á dögunum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Aðalmeðferð í máli Auðar Sveinsdóttur gegn Hannesi Hólmsteini hefst í dag:

# Efnislegrar afstöðu að vænta

**DÓMSMÁL** Aðalmeðferð hefst í dag í máli Auðar Sveinsdóttur, ekkju Halldórs Laxness, gegn Hannesi Hólmsteini Gissurarsyni vegna brota á höfundarréttarlögum. Forsaga málsins er sú að Hannesi er gefið að sök að hafa brotið höfundarréttarlög „með grófum og ítrekuðum hætti“ í 120 tilvikum í fyrsta bindi bókaraðar sinnar um ævi nóbelsskáldsins.

Í ákærunni eru brotin sögð framin af ásetningi eða stórfelldu gáleysi. Fjölskylda Halldórs vill að Hannes verði dæmdur samkvæmt 54. grein höfundarréttarlaga en refsing við slíkum brotum getur verið fjársekt eða allt að tveggja ára fangelsi.



AUÐUR LAXNESS



HANNES HÓLMSTEINN GISSURARSON

Málið var þingfest fyrir Héraðsdómi í nóvember 2004. Því var síðar vísað frá þann 9. júní 2005 með þeim rökum að ekki hafi verið gerð nægileg grein fyrir brotum Hannesar í málshöfðuninni og hún hafi því verið ófullnægjandi. Var Auði einnig gert að greiða Hannesi 500 þúsund krónur í málskostnað.

Hæstiréttur felldi frávísunina úr gildi í september á síðasta ári með þeim rökum að málið væri einkarefsimál og ekki ætti að gera sambærilegar kröfur til málatilbúnaðar í slíkum málum og gerðar væru til ákæru í opinberu máli. Héraðsdómur mun nú taka efnislega afstöðu til málsins. - þsj

Skemma brann til kaldra kola:

# Töluvert tjón á tækjabúnaði

**ELDSVOÐI** Vélaskemma á Þorgautsstöðum í Hvítársíðu brann til kaldra kola um helgina. Slökkvilið Borgarfjarðardala var kallað út en þegar það kom á staðinn þótti ljóst að ekki væri hægt að bjarga skemmunni. Slökkviliðsmönnum tókst þó að afstýra því að eldurinn breiddist út í nálægt timburhús en sögðu þeir að litlu hefði mátt muna.

Töluvert tjón varð í eldsvoðanum þar sem í skemmunni voru meðal annars tvær dráttarvélar, nýleg sláttuvél og heyvinnuvélar. Eldurinn er talinn hafa kviknað út frá rafmagni. - þsj

Helga Vala Helgadóttir:

# Í prófkjör Samfylkingarinnar

**STJÓRNMÁL** Helga Vala Helgadóttir, fjölmiðlakona og laganemi, sækist eftir 2.-3. sæti í prófkjöri Samfylkingarinnar í Norðvesturkjördæmi.



HELGA VALA HELGADÓTTIR

Helga Vala er leikari að mennt og hefur bæði leikið og leikstýrt. Þá hefur hún unnið að dagskrárgerð hjá Bylgjunni, Ríkisútvarpinu, Talstöðinni og á NFS. Helga Vala er búsett í Bolungarvík. - bþs

Eignarhaldsfélag um breikkun Suðurlandsvegar var stofnað í gær:

# Segja breikkun lífsnauðsynlega

**SAMGÖNGUMÁL** Breikkun Suðurlandsvegar er lífsnauðsynleg. Þetta segir Þorvarður Hjaltason, framkvæmdastjóri Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga.

Á rúmum tíu árum hefur umferð frá Selfossi og nágrenni þess til Reykjavíkur aukist um allt að níutíu prósent. Samkvæmt upplýsingum frá Vegagerðinni bendir allt til þess að þessi þróun haldi áfram og muni þá jafnvel tvöfaldast á næstu tíu árum.

Í gær var undirritað samkomulag um stofnun Suðurlandsvegar ehf. Tilgangur félagsins er að flýta breikkun á veginum milli Selfoss og Reykjavíkur. Stofnendurnir eru Sjóvá, sveitarfélögin austan Hellisheiðar, Mjólkursamsalan og Samtök sunnlenskra sveitarfélaga.



**VIÐ STOFNUNINA** Tilgangur félagsins er að flýta fyrir breikkun á veginum sem liggur á milli Selfoss og Reykjavíkur. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Tillögur um framkvæmdirnar hafa ekki enn verið teknar inn í samgönguáætlun Alþingis, sem von er á í haust. Samkvæmt gildandi samgönguáætlun er gert ráð fyrir 300 milljóna framlagi til vegabóta á Suðurlandsvegi. Til samanburðar bendir Þorvarður á að samkvæmt útreikningum Sjóvár var beinn kostnaður tryggingafélaga og tjónavalda árið 2004 vegna slysa á veginum um 600 milljónir. Við það bættust 400 milljónir sem samfélagið stóð straum af. - kdk



**LEIKSKÓLABÖRN** Nú vatnar starfsfólk í um 15 stöðugildi á leikskólum í Kópavogi.

15-16 vantar á leikskólana:

# Bærinn greiðir nám starfsfólks

**LEIKSKÓLAR** Nú vantar starfsfólk í 15-16 stöðugildi á leikskólum í Kópavogi.

Sesselja Hauksdóttir leikskólafulltrúi segir að á flesta leikskóla í bænum vanti aðeins einn til starfa en fáar umsóknir komi inn frá faglærðu fólki.

„Nú býðst leiðbeinendum á leikskólum í Kópavogi að sækja nám við Fjölbrautaskólann í Garðabæ sem Kópavogsbær greiðir fyrir.“

Sesselja segir að um 40-45 starfsmenn hafa tekið þessu boði en náminu fylgja launaflokkahækkanir fyrir utan þær einingar sem starfsfólk vinnur sér inn. - hs

## NORÐURLÖND

**Vinsæl Eyrarsundsbrú** Eitt hundrað milljón farþegar hafa farið yfir Eyrarsundsbrú milli Danmerkur og Suður-Svíþjóðar síðan hún var tekin í gagnið fyrir sex árum. Ökumenn þurfa að greiða 2.900 krónur til að fara þessa 15,3 kílómetra leið.









# TILBOÐ!

# INNBYGGÐ WC

VERÐ FRÁ:
**32.900** kr stgr.

**Innifalið í verði:**

- Innbyggingar WC kassi hár eða lár
- WC skál með setu
- Sturtuspjald
- Affallsrör, beint eða bogið
- Barki fyrir vatnsinntak
- Festingar upp og niðri

(Auka fyrir krómmatt eða króm-háglans sturtuspjöld; 2.500 kr. stgr.)

kynntu þér úrvalið á
**www.i-t.is**
eða komdu í verslun okkar í Ármúla 31

Val á sturtuspjaldi, skál og setu





INNRÉTTINGAR & TÆKI
www.i-t.is - fyrir þitt heimili

Opið virka daga frá kl. 09–18 • laugardaga kl. 11–15 | Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is



**HAUST Í MOSKVUBORG** Í Moskvu er óvenju heitt um þessar mundir. Hitinn fór í 22 gráður um helgina, þegar þessi mynd var tekin. NORDICPHOTOS/AFP

Aðalmeðferð í máli Lesley Ágústsson gegn Aquanetworld:

# Posar notaðir til að blekkja

**HÉRAÐSDÓMUR** Aðalmeðferð fór fram í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær í máli Lesley Ágústsson gegn afsláttar- og markaðssetningarfyrirtækinu Aquanetworld. Við réttarhöldin kom fram að Lesley hefði greitt 2,6 milljónir króna í fyrirtækið fyrir nokkrum árum.

Lesley átti að fá vildarpunktaávísun á fjögurra mánaða fresti og 2,5 prósent af allri veltu fyrir fjárfestingu sína og vinnu í þágu fyrirtækisins. Hún sagðist ekkert hafa fengið, ekki einu sinni endurgreiðslu.

Aquanetworld safnaði fyrirtækjum á afsláttarlista og gaf út kort. Kortunum átti að renna í gegnum posa þannig að punktasöfnun færi fram. Lesley átti að fá eigin heimasíðu en á henni átti að vera listi með afsláttarfyrirtækjum.

Í dómnum kom fram að hugbúnaður hefði aldrei verið fullþróaður eða tekinn í notkun og að posar hefðu verið settir upp á Kýpur í blekkingarskyni og til að sannfæra Lesley um að halda áfram í Aquanetworld.

Mark Ashley Wells, stofnandi Aquanetworld, mætti ekki í dóminn og hafnaði viðtali en sendi frá sér tilkynningu þar sem kemur fram að Lesley Ágústsson hafi brotið samkomulag við fyrirtækið og síðan markvisst reynt að valda fyrirtækinu tjóni, til dæmis með lygum. **- ghs**



MARK ASHLEY WELLS

Mál gegn fyrrum ritstjórum DV:

# Sátt gerð vegna málshöfðunar

**DÓMSMÁL Sátt hefur verið gerð í máli Sigurðar Björnsson gegn fyrrverandi ritstjórum DV, Jónasi Kristjánssyni og Mikael Torfasyni. Sigurður höfðaði málið vegna umfjöllunar og myndbirtingar þar sem greint var frá veikindum hans vorið 2005.**

**Sáttagjörðin felur í sér að 365 miðlar greiði Sigurði miskabætur og málskostnað en fjárhæð bótanna er trúnaðarmál.**

**Þá er tekið fram að 365 miðlar harmi nærgöngulan fréttaflutning DV af veikindum Sigurðar samhliða því sem hann er beðinn afsökunar á þeim óþægindum sem umfjöllun blaðsins olli honum. - sdg**

Valdimar Sigurjónsson:

# Í prófkjör Framsóknar

**STJÓRNMÁL** Valdimar Sigurjónsson, nemi við Háskólann á Bifröst, gefur kost á sér í 3. sæti á lista Framsóknarflokksins í Norðvesturkjördæmi.



VALDIMAR SIGURJÓNSSON

Valdimar er viðskiptalögfræðingur og stundar meistaranám í skattarétti á Bifröst. Hann er formaður Framsóknarfélagsins Bifrastar og varamaður í sveitarstjórn Borgarbyggðar. **- bþs**

Áróðursstríð á Srí Lanka:

# Deilt um hvort þrír eða sjötíu hafi fallið

**KÓLOMBÓ** Sjóher Srí Lanka réðst á báta Tamílatígra í gær. Talsmaður hersins segir sjötíu uppreisnarmenn hafa fallið, en Tígrarnir sjálfir kannast ekki við að fleiri en þrír hafi látist í átökunum. Tígrarnir halda því að auki fram að þeir hafi náð að skemma tvö árásarskip stjórnarhersins.



ÞORFINNUR ÓMARSSON

Þorfinnur Ómarsson, talsmaður norrænu eftirlitssveitanna, segir ómögulegt að segja nokkuð með vissu í þessu tilfelli. Tölur séu iðulega ýktar af báðum fylkingum. Áróðursstríð standi yfir og ásakanir á báða bóga, til að mynda þegar fjöldi múslima var myrtur í síðustu viku. Enn sé óvíst hver hafi átt þar hlut að máli og bendir hvor fylkingin á hina. Á næstu dögum er von á ályktun um ástand mála í Srí Lanka frá norrænu eftirlitssveitinni, að sögn Þorfinns Ómarssonar. **- kóp**



**LÍKLEGUR ARFTAKI BLAIRS** Gordon Brown fjármálaráðherra segist hafa lært mikið af Tony Blair. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Hrósaði Blair í bak og fyrir

**Gordon Brown flutti í gær langa stefnuræðu á flokksþingi breska Verkamannaflokksins og vonast til þess að taka fljótlega við af Tony Blair.**

**MANCHESTER, AP** Gordon Brown, fjármálaráðherra Bretlands, hefur lengi vonast til þess að taka við af Tony Blair sem bæði forsætisráðherra og leiðtogi Verkamannaflokksins. Í gær skýrði hann frá hugmyndum sínum um stefnu flokksins eins og hún yrði undir sinni forystu í ræðu sem hann flutti á þingi Verkamannaflokksins í Manchester.

Brown hóf ræðu sína á því að bera lof á Tony Blair og sagði að bæði hann sjálfur og Verkamannaflokkurinn hefðu lært mikið af Tony Blair. Meðal annars að Verkamannaflokkurinn gæti ekki „bara haldið með verkafólki, við verðum að halda með fyrirtækjunum líka,“ og einnig að „enginn getur verið hlutlaus í baráttunni gegn hryðjuverkum.“

Hann sagði að flokkurinn mætti aldrei falla þá í gryfju hatast við Bandaríkin, en biðlaði þó til þeirra sem lengst eru til vinstri í flokknum með því að segja að Bretar mættu aldrei fara í stríð án þess að hafa til þess samþykki þjóðþingsins.

Flokksfélagar þeirra Browns og Blairs, sem hlýddu á ræðuna, fögnuðu þó mest þegar hann fjallaði um innanlandsmálefni, ekki síst þegar hann sagðist ætla að „njóta þess“ að takast á við Íhaldsflokkinn.

Svo skaut hann aðeins á David Cameron, leiðtoga Íhaldsflokksins, þegar hann sagðist hafa lagt fyrir sig stjórnmál til þess að gera eitthvað sem skiptir máli en ekki til þess að verða frægur.

Brown viðurkenndi einnig að á ýmsu hefði gengið í samskiptum þeirra Blairs, og bætti því við að þar sem „ágreiningur hefur leitt athyglina frá því sem máli skiptir, þá sé ég eftir því, og ég veit að Tony gerir það líka.“ **- gb**

HYSTER

Heildarlausnir í lyfturum



Viðurkennd viðgerðar- og varahlutaþjónusta

VÉLAR & ÞJÓNUSTA
Járnhálsi 2 110 Reykjavík Sími 5 800 200 www.velar.is
Höldur á Akureyri er söluaðili fyrir V&Þ á Norðurlandi

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

FORVARNARDAGURINN 2006

TAKTU ÞÁTT!

HVERT ÁR SKIPTIR MÁLI

Hvetjum börn og unglinga til þátttöku í skipulögðu íþrótta- og æskulýðsstarfi.
Stuðningur foreldra skiptir sköpum.

Verkefnið er styrkt af actavis hagur í heilsu

www.forvarnardagur.is


HVÍTA HÚSIÐ / SÍA
FÉLAG GRUNNSKÓLA-KENNARA
„Ég lærði leiklist og er með masterspróf í stjórnun. **En þegar ég var í Melaskóla kenndi Tryggvi Frímann Tryggvason mér að hlusta á góða sögu og draga af henni lærdóm um lífið og tilveruna.“**




| Góður | Betri | Bestur | Langbestur |
|---|---|---|---|
| GSM 35 | GSM 100 | GSM 160 | GSM 280 |
| 35 mín / 20 sms | 100 mín / 60 sms | 160 mín / 90 sms | 280 mín / 180 sms |
| 990 kr. á mán. | 1.990 kr. á mán. | 2.990 kr. á mán. | 4.990 kr. á mán. |

**Betri leið í GSM** hjá Símanum

Með því að skrá þig í Betri leið Símans verður allt svo miklu einfaldara. Nú borgar þú eitt fast gjald á mánuði fyrir GSM. Þú velur þá leið sem hentar þér best og færð vikulega skilaboð í símann þinn með upplýsingum um notkun.




**Veldu Betri leið í GSM hjá Símanum og öll símtöl kosta 0 kr. innan fjölskyldunnar.**
Öll símnotkun fer á einn reikning og fjölskyldurnar geta verið af öllum stærðum og gerðum, frá þremur einstaklingum upp í sex. Treystum fjölskylduböndin, skráið ykkur núna á **www.siminn.is**.

Þjónustan verður virk 1. nóvember og eftir það verða allir dagar fjölskyldudagar!

## „ORÐRÉTT“

**Sonurinn breytist aldrei**

*„Hann hefur ekkert breyst heldur er bara ennþá sami sonurinn.“*

**Þóra Hallgrímsson, móðir Björgólfs Thors, en sonur hennar var valinn kynþokkafyllsti auðjöfurinn af viðskiptablaðinu Financial Times.**

Fréttablaðið. 25. september.

**Tekur hugmyndir alvarlega**

*„En það er algerlega fáránlegt að ímynda sér að lausnin geti verið alþjóðlegt bann við tilteknum veiðarfærum.“*

**Einar Kr. Guðfinnsson sjávarútvegsráðherra um hugmyndir Sameinuðu þjóðanna um bann við veiðum með botnvörpu.**

Morgunblaðið. 25. september.

*nær og fjær*

# tilveran

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA? KRISTJÁN JÓNSSON FRAMKVÆMDASTJÓRI

## Á leiðinni til lífsþjálfara

„Það er allt fínt að frétta og sumarið er búið að vera yndislegt,“ segir Kristján Jónsson, betur þekktur sem „Kiddi Bigfoot“. „Ég keypti mér jeppa í janúar og er búinn að jeppast mikið á jöklum og sjá landið frá nýju sjónarhorni. Hin árlega Þórsmerkurferð í byrjun júlí var hápunktur sumarsins og toppurinn þriggja rétta máltíð á hvítum dúk í miðri glæsilegri náttúrunni. Alveg ógleymanlegt.“

Kiddi tók nýlega við starfi framkvæmdastjóra Íslenska útvarpsfélagsins, en var að vinna hjá Sam-myndum og Stúdíó Paradís áður. „Ég tel mig vera kominn heim að vera kominn aftur í útvarpsmennskuna,“ segir Kiddi, sem eins og kunnugt er var áður allt í öllu á útvarpssviði Norðurljósa. „Það gengur mjög vel hjá okkur, X-FM vann stórsigra í síðustu könnun og nú liggur fyrir að slípa línurnar hjá Kiss FM og sjá hvað við getum gert betur þar.“



Kiddi er á leið til London að sækja sér innblástur. „Ég er á leið á fjögurra daga ráðstefnu hjá Antony Robins, sem er einn besti lífsþjálfari í heimi. Hann heldur ráðstefnur fyrir tíu þúsund manns í einu og kennir frá níu á morgnana til ellefu, tólf á kvöldin – bara klukkutíma pása. Hann kennir manni í stuttu máli að betrumbæta líf sitt í leik og starfi. Ég hef farið til hans áður og það var mjög gagnlegt. Þetta er bara eins og með góða bók, maður vill kíkja á hana aftur, þótt maður viti alveg hvernig hún endar.“

## FURÐUR:
### SANNKÖLLUÐ ALÆTA



*Frakkinn Michael Lotito lifir á því að borða hina undarlegustu hluti og er tíður gestur í sjónvarpsþáttum og á sýningum. Níu ára gamall byrjaði hann að borða gler og málmhluti og síðan hefur hann m.a. lagt sér til munns 7 sjónvarpstæki, tölvu, 15 innkaupakerrur, tvö rúm og Cessna flugvél.*

Hann getur étið tæplega kíló af málmum á dag og hefur aldrei fengið í magann af átinu. Hann borðar auðvitað „venjulegan“ mat líka og konan hans segist vera ágætur kokkur.

## SJÓNARHÓLL
BARÁTTA ÓMARS RAGNARSSONAR

### Bendir á aðrar leiðir

„Ómar er eldhugi, það þekki ég vel eftir áratuga samstarf,“ segir Haukur Heiðar Ingólfsson, heimilislæknir og píanóleikari, sem hefur verið aðalundirleikari Ómars Ragnarssonar með hléum síðan 1963. Eins og kunnugt er hefur Ómar kynnt hugmyndir um nýjar leiðir sem fela í sér að hægt verði að afla raforku til að knýja álverið í Reyðarfirði án þess að fórna þeim náttúruperlum sem færu undir fyrirhugað Hálslón. „Náttúra landsins er Ómari ákaflega hugleikin,“ segir Haukur Heiðar, „og þess vegna skil ég baráttuvilja hans og löngun til verndunar landsins. Ég virði hans skoðanir og er honum sammála. Ég hef ferðast mikið með honum um allt land og þekki því af eigin raun hversu vel hann þekkir landið okkar og er annt um það. Mér finnst hann líka benda á aðrar leiðir í virkjunarmálum, sem hægt væri að fara... ef einhver vildi hlusta.“



HAUKUR HEIÐAR INGÓLFSSON LÆKNIR

# Keflvískir hamborgarasalar óttast ekki brotthvarf Kanans

Í Reykjanesbæ eru sjö veitingastaðir sem grilla sína eigin hamborgara. Þetta verður að teljast vel af sér vikið hjá bæjarfélagi sem telur rúmlega tíu þúsund manns. Nú þegar síðasti bandaríski hermaðurinn er að hverfa af landinu má þá búast við algjöru hruni í hamborgarabransanum í Keflavík? Nei, aldeilis ekki, segja veitingamenn.

„Þegar ég byrjaði fyrir sjö árum voru helmingur kúnnanna hermenn af vellinum,“ segir Gunnar Friðriksson, veitingamaður á Ólsen Ólsen í Hafnargötunni. „Svo fór hermönnunum að fækka smátt og smátt og undir það síðasta voru þetta kannski fimm prósent kúnnahópsins. Það er því alls engin martröð þótt Kaninn sé farinn því fækkunin hefur verið jöfn og yfir langan tíma.“

Gunnar segist vera sá eini í Keflavík sem bjóði upp á eldsteikta hamborgara. „Ég fékk mér gas og stækkaði hamborgarann í kjölfarið. Mínir vinsælustu borgarar eru Ólsen-borgarinn og Ólsen Spes-borgarinn. Svo er ég líka með tuttugu tegundir af Ólsenbátum.“ Gunnar er mjög ánægður eftir sumarið: „Ég hef aldrei séð annað eins af túristum og í sumar. Það varð algjör sprenging og það eru allir að tala um þetta hérna í bænum. Hér áður fyrr keyrðu túristarnir bara í gegn en nú gera þeir stopp og fá sér að borða.“



VILLI PULSA HJÁ PYLSUVAGNINUM Íslenski kynstofninn stærsti kúnnahópurinn. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Vilberg Skúlason er sjaldan kallaður annað en „Villi Pulsa“, enda búinn að vera með Pylsuvagninn í Tjarnargötu í að verða 27 ár. „Kanarnir hafa aldrei verið stór kúnnahópur hjá mér svo það skiptir mig engu þótt þeir séu farnir,“ segir Villi. „Íslenski kynstofninn hefur alltaf verið minn stærsti kúnnahópur.“ Villi byrjaði með borgara sem síðar var kallaður „Villaborgari“ – hamborgari með hefðbundnu pulsu-með-öllu meðlæti auk rauðkáls og súrra gúrkna. „Þessi er alltaf jafn vinsæll,“ segir Villi. Hann segir helstu breytinguna hjá sér undanfarin ár vera þá að hann sé hættur að hafa opið á næturnar. „Það breyttist allt með nýjum opnunartíma skemmtistaða. Það var auðveldara að stíla inn á þetta þegar allir staðirnir lokuðu á sama tíma, en nú er fólk að drattast heim til sín þetta sex til sjö á morgnana, svo ég er bara farinn að opna fyrr á morgnana.“

Hörður hjá Boggabar kallar Villaborgara „Keflvíkinginn“ á sínum stað. Hann segist ekki heldur hafa orðið fyrir búsifjum þótt Kaninn sé farinn. „Þeir voru nú aldrei stór kúnnahópur og eftir 11. september hættu þeir alveg að koma,“ segir hann. Boggabar heldur upp á tuttugu ára afmæli sitt á næsta ári en hann hefur verið á sama stað á Víkurbrautinni síðan árið 1987. „Pítsurnar eru vinsælastar hjá mér, en hamborgararnir alltaf líka,“ segir Hörður.

Aðrir staðir sem bjóða upp á hamborgara í Reykjanesbæ eru Pizza-Ungó, Biðskýlið í Njarðvík, Brautarnesti og tvö útibú söluturnsins Nýungar. Alls staðar var það sama uppi á teningnum, veitingamenn óttast ekki brotthvarf Kanans.



GUNNAR FRIÐRIKSSON Í ÓLSEN ÓLSEN Engin martröð þótt Kaninn sé farinn. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Það sem einkennir alla staðina er að þeir eru með bílalúgu, eru svokallaðir „Drive through“-staðir að amerískri fyrirmynd. Hvergi á landinu er annað eins magn af lúgum og í Keflavík og Keflvíkingar eru byrjaðir að útbreiða lúgumenninguna því eigandi Bílaapóteksins í Hæðasmára – fyrsta lúguapóteksins á Norðurlöndum – er Keflvíkingur.

gunnarh@frettabladid.is

### Lúgusjoppurnar eru hvergi jafnmargar








Heildarlausn fyrir snyrtinguna
Lotus Professional



Á tilboði í september



3.982 kr.

Blár enMotion snertifrír skammtari



1.865 kr.

Blár sápuskammtari Foam



1.865 kr.

Blátt WC Compact statíf fyrir tvær rúllur

Arngrímur Þorgrímsson
Sölustjóri hjá RV

Rekstrarvörur
- vinna með þér
Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is

TUNGLIÐ RV6215A

Bæjarstjórinn á Bolungarvík enn að flytja inn skemmtikrafta:

# Jonathan elskar Ísland

Grímur Atlason var einn duglegasti tónleikahaldari landsins áður en hann gerðist skyndilega bæjarstjóri Bolungarvíkur. Grímur er þó ekki alveg af baki dottinn og býður upp á skemmtikraftinn bandaríska Jonathan Richman þann 10. október í Iðnó. „Jonathan elskar Ísland og vildi ólmur koma aftur,“ segir Grímur. Jonathan var hér síðast á ferðinni í fyrra og vakti mikla lukku fyrir glaðlega tónlist og líflega sviðsframkomu. Eins og þá kemur Jonathan fram með trommaranum Tommy Larkins. „Listinn yfir það sem Jonathan biður um á tónleikunum er stuttur og laggóður,“ segir bæjarstjórinn. „Hann fer fram á að það séu engin sjónvörp í gangi í húsinu og engar viftur eða kúluspil. Hann vill sem sé hafa gott hljóð í húsinu. Öfugt við marga sem biðja kannski um tuttugu kassa af bjór vill Jonathan alls enga drykki baksviðs.“ Grímur segir að staðið hafi til að Jonathan spilaði í Bolungarvík en það hafi ekki gengið upp vegna anna söngvarans. „Margir af þeim sem ég hef flutt inn vilja koma aftur og ég stefni auðvitað á það að einhver þeirra spili í Bolungarvík.“



**GRÍMUR ATLASON** Enn að flytja inn tónlistarmenn.



**JONATHAN RICHMAN** Spilar í Iðnó 10. október næstkomandi.



**FÁLKAR** Úr kvikmyndinni Í ríki fálkans eftir Magnús Magnússon.

## Fálkapar lenti í hremmingum

Tveir fálkar dvelja nú í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum eftir að hafa lent í hremmingum. Þetta eru kven- og karlfugl. Karlinn fannst í Húsafelli í byrjun mánaðarins. Hann var afar horaður við komu en talið er að hann sé blindur á öðru auga. Kvenfálkinn fannst í síðustu viku. Hann var mjög grútarblautur og gat ekki flogið af þeim sökum. Talið er að hann þurfi að jafna sig í töluverðan tíma áður en honum verður sleppt aftur í náttúruna.

Dvöl þeirra í garðinum tengist verkefninu „Villt dýr í hremmingum“ sem miðar að því að koma villtum dýrum til heilsu og síðan til eðlilegra heimkynna. Fálkar hafa verið alfriðaðir á Íslandi frá 1940. Fálkastofninn á Íslandi telur um 250 til 350 pör.

- kdk









## Svona erum við

> Tungumálanám í framhaldsskólum haustin 1999 og 2005




Heimild: Hagstofa Íslands

**baksvið**
*fréttir og fróðleikur*

**FBL-GREINING:** STÆKKUN EVRÓPUSAMBANDSINS

# *Ætlað að gera Evrópu öruggari*

Búlgaría og Rúmenía verða brátt fullgildir meðlimir í Evrópusambandinu, og vex sambandið þá úr 25 aðildarlöndum í 27. En hvers vegna er ESB að stækka og hvað geta þessi lönd fært sambandinu?

**HVÍ GANGA ÞESSI LÖND Í ESB?**
Búlgaría og Rúmenía sóttu um aðild að ESB í byrjun tíunda áratugarins, ásamt átta öðrum fyrrum kommúnistaríkjum í Mið- og Austur-Evrópu. Ríkisstjórnir hinna landanna gerðu hraðar endurbætur á stjórnmálalegu og efnahagslegu skipulagi sínu og því fengu þau lönd aðild að ESB fyrir tveimur árum síðan. Þessi voru Tékkland, Eistland, Ungverjaland, Lettland, Litháen, Pólland, Slóvakía og Slóvenía, en auk þeirra fengu Kýpur og Malta aðild það ár. Endurbæturnar hafa gengið hægar í Rúmeníu og Búlgaríu og því er það fyrst núna sem ráðamenn ESB telja nóg að gert til að mæta lágmarkskröfum sambandsins. Gert er ráð fyrir að þau fái aðild í ársbyrjun 2007.

**ERU LÖNDIN TILBÚIN TIL AÐ GANGA Í ESB?**
Haft hefur verið eftir talsmönnum Evrópusambandsins að löndin tvö séu í raun ekki búin að uppfylla öll skilyrði sambandsins, en telja þó að endurbótunum verði ekki flýtt, verði löndum áfram meinuð aðild. Til dæmis var vonast til þess að búlgörsk yfirvöld tækju á spillingu meðal ráðamanna og skipulagðri glæpastarfsemi í sumar, en lítið var úr þeim aðgerðum. Því hefur verið ákveðið að heimila Rúmeníu og Búlgaríu aðild nú, en undir afar ströngu eftirliti og verður gripið til refsiaðgerða ef fé frá ESB hverfur eða ef glæpaklíkur fá áfram að starfa óáreittar innan landanna tveggja. Búlgaría og Rúmenía verða fátækustu aðildarlönd ESB, þótt efnahagur beggja landa fari nú ört batnandi. Telja



önnur aðildarríki ESB að vaxandi efnahagur og kappsamur starfskraftur landanna muni verða sambandinu til góðs í heild sinni. Eins telja talsmenn framkvæmdastjórnar ESB að löndin tvö geti betrumbætt utanríkis- og löggreglusamstarf sambandsins, þar sem Rúmenía geti virkað sem tengill við lönd lengra í austri, og Búlgaría við Balkanskaga- og Svartahafslöndin.

**ÖNNUR HUGSANLEG AÐILDARLÖND?**
Tyrkland og Króatía sóttu um aðild árið 2005, en jafnframt er gert ráð fyrir að Albanía, Bosnía, Kósovó, Svartfjallaland og Serbía muni ganga í ESB í framtíðinni.

**SPURT & SVARAÐ**
VOPNABURÐUR



GEIR JÓN ÞÓRISSON

## *Vopnaðar árásir*

Lögreglan segir vopnaburð hafa aukist mjög. Mun oftar sé gripið til hnífa eða annarra tóla í átökum. Nýleg dæmi eru um mjög alvarlegar árásir með hnífum og hafa verið uppi umræður um að herða þurfi viðurlög við vopnaburði til að reyna að stemma stigu við þróuninni. Geir Jón Þórisson er yfirlögregluþjónn í Reykjavík.

**Þarf að taka harðar á brotum á vopnalögum?** Það má ef til vill endurskoða vopnalöggjöfina, það þarf að taka alvarlegar á málum þar sem fólk ræðst að öðru með vopnum.

**Hvað er hægt að gera?** Vopnalögin eru afar klár og skýr eins og þau eru. Hins vegar verður að auka eftirlit, til dæmis með aðstoð dyravarða. Þeir gætu oftar athugað hvort fólk sé með vopn á sér áður en það fær að fara inn á skemmtistaði. Við viljum auka samstarfið við þá og teljum það helst geta hjálpað okkur.

**Hvernig getur almenningur brugðist við?** Við viljum að almenningur láti okkur vita af því að fólk sé með vopn. Það er algerlega bannað að bera hnífa á almannafæri sama hversu stórir þeir eru.

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

# Norræn tengsl efld við Kaliníngrad

**Norræna ráðherranefndin hefur opnað upplýsingaskrifstofu í Kaliníngrad, rússnesku hólmlendunni við suðaustanvert Eystrasalt. Per Unckel, framkvæmdastjóri nefndarinnar, segir opnun skrifstofunnar vera mikilvægan áfanga að eflingu samstarfs Norðurlanda við þau héruð Rússlands sem næst þeim liggja.**



**FRÁ KALINÍNGRAD** Unckel segir Norðurlönd, Evrópusambandið og Rússland eiga sameiginlegra hagsmuni af því að efnahagsþróun og aðrar framfarir, svo sem í umhverfisverndarmálum, verði í Kaliníngrad-héraði. LJÓSMYND/AUÐUNN

Í samtali við Fréttablaðið segir Unckel að í samstarfi ríkja og fyrirtækja við Eystrasalt felist meiri möguleikar en flestir geri sér grein fyrir.

„Sem framkvæmdastjóri Norrænu ráðherranefndarinnar hef ég lagt metnað í að opna norrænt samstarf fyrir alþjóðlegu samstarfi,“ segir Unckel. Hann bendir á að mikilvægustu angar þess séu annars vegar samstarfið yfir Eystrasaltið, við Eystrasaltsríkin þrjú auk Norðvestur-Rússlands, og hins vegar samstarfið við Evrópusambandið sem eigi sér margar hliðar. Norðurlöndin og Evrópusambandið hafa á mörgum sviðum stillt saman strengi í nálgun sinni að samstarfi við Rússland og á Eystrasaltssvæðinu.

**Tortryggni rússneskra ráðamanna**
Unckel segir norrænu upplýsingaskrifstofurnar eiga sér sérstaka sögu. „Fyrstu slíku skrifstofurnar voru opnaðar í Eystrasaltslöndunum strax áður en þau hlutu formlega aftur sjálfstæði í byrjun tíunda áratugarins, í framhaldinu var skrifstofan í St. Pétursborg opnuð og nú þessi hér í Kaliníngrad,“ útskýrir hann.

Mörg ár eru síðan Norræna ráðherranefndin leitaði fyrst eftir því við rússnesk stjórnvöld að fá að opna slíka skrifstofu í Kaliníngrad, en samingaviðræður stóðu með hléum allt frá árinu 2000 unz samningar tókust loks snemma á þessu ári. Spurður hverju þetta sætti segir Unckel að vissulega hefðu áformin mætt vissri tortryggni meðal rússneskra ráðamanna, sem hefði tekið sinn tíma að eyða.

„Slík tortryggni var vissulega fyrir hendi – ráðamenn í Moskvu spurðu sig hvað heimamenn í Kaliníngrad vildu og hvaða markmið norrænu ríkin hefðu með starfrækslu slíkrar skrifstofu þar – þetta tengdist líka deilunum við ESB um hvað yrði um Kaliníngrad eftir ESB-inngöngu Litháens og Póllands,“ segir Unckel. Þetta hefði að mestu leyst með samkomulagi ESB og Rússlands um ferðafrelsi Kaliníngrad-búa í gegnum Litháen.

„Það voru semsé ýmsir samverkandi þættir sem ollu því að það tók svo langan tíma að ná samningum um þetta,“ segir Unckel. „En nú er það leyst, og að baki.“

**Gagnkvæmni og langtímasjónarmið**
Unckel segir aðspurður að Norræna ráðherranefndin leggi í Kaliníngrad mesta áherzlu á tvennt, annars vegar skiptiáætlanir sem geri sveitarstjórnarmönnum, embættismönnum, námsmönnum og fleirum tækifæri til að dvelja við nám, starfsþjálfun og tengslamyndun á Norðurlöndum, og hins vegar á stuðning við lítil og meðalstór fyrirtæki. Þá sé líka lögð áherzla á rannsóknasamstarf og stuðning við starfsemi frjálsra félagasamtaka. Unckel leggur áherzlu á, að allt þetta samstarf byggi á gagnkvæmni. Hvert samstarfsverkefni byggi á því að allir aðilar leggi sitt af mörkum, líka til fjármögnunar verkefnanna.

Unckel viðurkennir að allt slíkt samstarf hafi reynzt auðveldara í Eystrasaltsríkjunum, þar sem stjórnsýslan er gegnsærri en í Rússlandi. En mikið sé í húfi fyrir Norðurlönd að eiga gott samstarf við Norðvestur-Rússland, og því gegni upplýsingaskrifstofurnar í St. Pétursborg og Kaliníngrad mikilvægu hlutverki.

„Það sem fyrst og fremst ræður nálgun okkar í þessu samstarfi er skynsemi og langtímasjónarmið,“ segir Unckel. Það séu hagsmunir Norðurlanda að þróun verði á nærsvæðum þeirra í Rússlandi, og því sé talsverðu til kostað – alls fari á að gizka um 1.200 milljónir íslenskra króna að andvirði í samstarfið við Norðvestur-Rússland, og er þá meðtalinn rekstrarkostnaður upplýsingaskrifstofanna.

## PER UNCKEL

Svíinn Per Unckel hefur gegnt stöðu framkvæmdastjóra Norrænu ráðherranefndarinnar síðan í ársbyrjun 2003. Hann átti langan feril í sænskum stjórnmálum að baki þegar hann tók við stöðunni. Að eigin sögn hefur hann í framkvæmdastjóratíð sinni beitt sér fyrir frekari opnun norræns samstarfs fyrir víðtækara fjölþjóðlegu samstarfi í Evrópu, einkum í austur (við Rússland) og í suður (við Evrópusambandið).



**PER UNCKEL** Framkvæmdastjóri Norrænu ráðherranefndarinnar. LJÓSMYND/AUÐUNN

Unckel er lögfræðingur að mennt, en pólitískan feril sinn hóf hann árið 1971 er hann var kjörinn formaður ungliðahreyfingar Miðflokksins sænska. Árið 1976 var hann kjörinn á þing. Hann var menntamálaráðherra í ríkisstjórn Carls Bildt 1991-1994. Árið 1999 varð hann formaður þingflokks Miðflokksins.

Unckel hefur sagt starfi sínu lausu frá komandi áramótum. Finni eða Íslendingur eru taldir eiga mesta möguleika á að taka við stöðunni.



FRÉTTAVIÐTAL
AUÐUNN ARNÓRSSON
audunn@frettabladid.is



veidihornid.is

Hafnarstræti 5 - Sími 551 6760 • Síðumúli 8 - Sími 568 8410

VEIÐIHORNIÐ

# LANGÓDÝRUSTU GERVIGÆSIRNAR



**12 skeljar í kassa. 8 á beit, 2 í hvíld og 2 á verði. Festijárnin fylgja með.**

**Aðeins 7.995 fyrir 12 gæsir og festijárn**

**Einnig álftir á aðeins 2.195 • flotgæsir aðeins 1.595 • gerviendur aðeins 595, stél aðeins 495**

**Hvergi betra verð!**



Aðeins 8.423 á mánuði.

## Beretta ES 100 Standard White

Þrengingar og ólarfestingar fylgja.

**Staðgreitt aðeins 89.900 eða aðeins 8.423 á mánuði í 12 mánuði vaxtalaust**



Aðeins 7.906 á mánuði.

## Beretta ES 100 Synthetic White

Þrengingar og ólarfestingar fylgja.

**Staðgreitt aðeins 84.900 eða aðeins 7.906 á mánuði í 12 mánuði vaxtalaust**



Aðeins 7.560 á mánuði.

## Beretta ES 100 Synthetic Black

Þrengingar og ólarfestingar fylgja.

**Staðgreitt aðeins 81.900 eða aðeins 7.560 á mánuði í 12 mánuði vaxtalaust**



### Sellier & Bellot gæsaskot.

Veiðihornsverð á þessum vinsælu gæsaskotum.

**2 ¾" 42,5gr. hleðsla aðeins 885 pakkinn (25 skot).**

**3" 53gr hleðsla aðeins 1.090 pakkinn (25 skot).**





Aðeins 5.318 á mánuði.

### Stoeger Model 2000 Standard

Þrengingar og ólarfestingar. **Staðgreitt aðeins 56.900 eða aðeins 5.318 á mánuði í 12 mánuði vaxtalaust**



Aðeins 5.835 á mánuði.

### Stoeger Model 2000 Camo

Þrengingar og ólarfestingar. **Staðgreitt aðeins 61.900 eða aðeins 5.835 á mánuði í 12 mánuði vaxtalaust.**



Aðeins 5.145 á mánuði.

### Stoeger Model 2000 Synthetic

Þrengingar og ólarfestingar. **Staðgreitt aðeins 54.900 eða aðeins 5.145 á mánuði í 12 mánuði vaxtalaust**



Aðeins 3.420 á mánuði.

### Stoeger P350 Synthetic.

Þrengingar fylgja. **Staðgreitt aðeins 35.900 eða aðeins 3.420 á mánuði í 12 mánuði vaxtalaust.**



Aðeins 3.765 á mánuði.

### Stoeger P350 Camo

Þrengingar fylgja. **Staðgreitt aðeins 39.900 eða aðeins 3.765 á mánuði í 12 mánuði vaxtalaust.**



**Uppgefið heildarverð er með staðgreiðsluafslætti**

**3% lántökugjald og færslugjald er innifalið í mánaðagreiðslum.**

**Meira úrval skotvopna er í Veiðihorninu Síðumúla 8**



# skoðun

greinar@frettabladid.is

Samfylking um breytingar á tollum og sköttum:

## Lægra matarverð

BJÖRGVIN GUÐMUNDSSON SKRIFAR

Um nýliðna helgi kynntu þingmenn Samfylkingarinnar tillögur um lækkun matvælaverðs. Í þeim felst að fella niður vörugjöld, innflutningstolla og lækka virðisaukaskatt á matvæli um helming. Miða þessar breytingar að því að lækka matarreikning íslenskra fjölskyldna verulega.

Nú kann það að vera, að Samfylkingin kjósi að kynna þessar tillögur nú áður en ríkisstjórnin leggur fram sína áætlun um lækkun matvælaverðs hér á landi. Það er samt aukaatriði. Aðalatriðið er að ná samstöðu á Alþingi um þetta mikilvæga hagsmunamál. Lágtekjufólk eyðir hærri hluta tekna sinna í kaup á matvöru en efnafólk og því eiga þessar breytingar að koma sér vel fyrir þann hóp.

Viðbrögð talsmanna samtaka bænda eru eðlileg. Hlutverk þeirra er að verja hagsmuni bænda, sem búa við ríkisstyrki og mikla innflutningsvernd. Stjórnmálamenn mega ekki láta undan slíkum þrýstingi þótt kosningavetur sé framundan. Hagsmunir hins dreifða almennings eru hér ríkari.

Það er jákvætt ef ríkisstjórnin er búin að komast að samkomulagi um að lækka virðisaukaskatt á matvæli um tíu prósentustig. Það er skref í rétta átt. Slíkt myndi einnig lækka vísitölu neysluverðs um allt að eitt prósentustig. Þar sem skuldir Íslendinga eru að mestu verðtryggðar myndi það einnig þýða lækkun á greiðslubyrði lána, sem er ekki síður mikið hagsmunamál launafólks.

Á síðasta landsfundi Sjálfstæðisflokksins, sem fer með æðsta vald í málefnum flokksins, var samþykkt ályktun um að draga enn frekar úr hömlum gagnvart innflutningi. „Til að ná þessu markmiði þarf að lækka eða fella niður tolla og vörugjöld og afnema innflutningskvóta. Rétt eins og útflutningur er mikilvægur skiptir frjáls og óhindraður innflutningur miklu máli til að efla samkeppni og bæta hag neytenda og þar með efla hagsæld hér á landi,“ segir þar jafnframt.

Tillögur Samfylkingarinnar fara því saman við áherslur Sjálfstæðisflokksins. Jafnframt hafa yngri þingmenn stjórnarflokksins bæði talað og ritað um nauðsyn þess að breyta núverandi kerfi. Það ætti því að vera ríkur vilji til þess á Alþingi að ganga lengra en að lækka bara virðisaukaskattinn!

Samt má ekki gleyma bændum í þessu umbreytingarferli. Þeim hefur verið gert að starfa í úreltu kerfi framleiðslustýringar og ríkisstyrkja og hafa tekið ákvarðanir um fjárfestingar út frá því.

Samfylkingin vill að teknar verði upp tímabundnar greiðslur til bænda og umhverfisstyrkir. Þegar slíkar tillögur eru kynntar er nauðsynlegt að fram komi hvaða fyrirkomulag verði viðhaft og hve mikið það muni kosta skattgreiðendur. Að því leyti eru tillögur Samfylkingarinnar vanhugsaðar.

Skynsamleg leið gæti verið sú að afhenda öllum bændum sem hafa notið ríkisstyrkja skuldabréf til ákveðins tíma, jafnvel tíu ára. Það væri ávísun á reglulegar greiðslur í stað núverandi styrkja, sem yrðu lagðir af. Bændur hefðu þá um tvennt að velja; að selja skuldabréfið strax og fá dágóða upphæð í hendurnar eða halda því. Þetta gæti ýtt undir nauðsynlega hagræðingu í landbúnaði á Íslandi og aukna samkeppni.

Alþingismenn verða að hafa hugrekki til að leggja fram nýjar lausnir í landbúnaðarmálum – og vinna þeim brautargengi. Þingmenn Samfylkingarinnar hafa stigið mikilvægt skref í þá átt með tillögum sínum um lækkun matvælaverðs.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365

RITSTJÓRAR: Kári Jónasson og Þorsteinn Pálsson AÐSTOÐARRITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Steinunn Stefánsdóttir FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Sigríður Björg Tómasdóttir og Trausti Hafliðason FULLTRÚI RITSTJÓRA: Björgvin Guðmundsson

Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Smári formaður



Flest bendir til að Smári Geirsson, forseti bæjarstjórnar Fjarðabyggðar, verði næsti formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga. Þing sambandsins hefst á Akureyri á morgun og lýkur á föstudag með formannskjöri. Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, nú borgarstjóri í Reykjavík, hefur gegnt formannsembættinu síðan 1990 og fer hann fyrir uppstillingarnefnd. Er hermt að samstaða sé að nást um Smára í formannsstólinn og virðist hann hafa hrist þá Halldór Halldórsson, bæjarstjóra á Ísafirði, og Árna Þór Sigurðsson, borgarfulltrúa í Reykjavík, af sér í samkeppni um embættið.

### Úr nýrri átt



Fari svo að Smári verði kjörinn verður hann fyrsti formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga sem kemur utan af landi. Formenn sambandsins, í rúmlega 60 ára sögu þess, hafa allir verið frá Reykjavík, nema hvað Sigurgeir Sigurðsson var jú frá Seltjarnarnesi. Lengi vel voru formennirnir embættismenn borgarinnar, líkt og formennska Páls Líndal, Jóns G. Tómassonar og Björns Friðfinnssonar ber með sér en seinni ár hafa stjórnmálamenn valist til starfans.

### Að mörgu að hyggja

Það er annars allt annað en auðvelt verk að stilla upp álitlegri stjórn sem öllum líkar enda mikilvægt að líta til margvíslegra sjónarmiða. Vissulega þarf að horfa til þess að stjórnmálaflokkarnir fái fulltrúa í stjórn í samræmi við kjörstyrk. Þá þarf að líta til jafnvægis milli landshlutanna og svo vitaskuld kynja. Og eins og þetta sé ekki nóg þá þarf að gæta þess að „innskeifir og örvhentir,“ fái sína fulltrúa í stjórnina, eins og góður sveitarstjórnarmaður orðaði það.

bjorn@frettabladid.is

# Hugrekki Ómars



VALGERÐUR BJARNADÓTTIR

Í DAG | Framkvæmdirnar fyrir austan

Fyrir einhverjum vikum síðan sagði ég í pistli sem þessum frá viðtali sem ég hafði heyrt við Ómar Ragnarsson á gömlu gufunni og mér fannst ákaflega merkilegt. Það var áður en Ómar kom út úr skápnum. Nú er hann kominn út úr skápnum, treystir sér ekki til að vera í hlutverki íþróttafréttamannsins, vill blanda sér í leikinn eftir því sem hann segir sjálfur í blaðkálfi sem fylgdi Morgunblaðinu nú um helgina.

Frásögn Ómars af samskiptum sínum við valdastéttina í landinu, eða öllu heldur afskipti valdastéttarinnar af honum er með ólíkindum. Ég trúi því þó að í frásögninni sé Ómar sá hófsami fréttamaður sem hann hefur verið alla sína starfsævi og dragi frekar úr hótununum en hitt. Rétt er að taka það fram að Ómar notar aldrei orðið hótanir, það eru mín orð, hann er kurteisari maður en svo og talar um þrýsting og mótbárur. Hann segir frá því að hafa fengið skilaboð um að ef hann hætti ekki fréttaflutningi sínum þá skyldi hann hafa verra af. – Hvers konar þjóðfélag er það sem við búum í?

Hann var ekki eingöngu beittur þrýstingi, heldur eiginkonan líka, en það virðist vera trikk sem þeir sem reyna að kúga fólk beita þegar karlar láta ekki segjast, sem sagt að hringja í frúna og athuga hvort hún geti ekki haft „vit fyrir“ eiginmanninum. Þessum þrýstingi, sem hann kallar svo, hefur fréttamaðurinn orðið fyrir í gegnum árin vegna þess að hann hefur sagt satt og rétt frá framkvæmdum við risavirkjunina við Kárahnjúka.

Í blaðkálfinum fyrir Ómar einnig upp atburðarásina þegar ákveðið var að ráðast í þessa virkjun. Það var gert svona smátt og smátt þangað til þessi risaframkvæmd var allt í einu tilbúin á teikniborðinu og búið að taka fyrstu skóflustunguna. Vafalaust hefur einhverjum spekingnum við stjórnvölinn þótt það hrós um skilvirkni íslenska kerfisins að framgangur málsins gekk sjö sinnum fljótar fyrir sig hér á landi en í öðrum löndum að mati Alcoa-manna. Ég man eftir því að ég fór hjá mér heima í stofu þegar ráðamenn þjóðarinnar leiddust í kross með Alcoa-mönnum þegar samningurinn var undirritaður.

*Frásögn Ómars af samskiptum sínum við valdastéttina í landinu, eða öllu heldur afskipti valdastéttarinnar af honum er með ólíkindum.*

Það er ótrúleg skammsýni finnst mér að trúa því að hér á landi getum við ekkert gert annað en að veiða fisk og bræða ál. Miklum peningum er kostað í rannsóknir á orku. Fyrir hálfum mánuði sagði ég á þessum stað frá lista sem ég fann á netinu yfir orkulindir sem rammaáætlun um virkjanir á landinu mun ná til. Til að endurtaka það sem þar kom fram þá eru tuttugu og átta virkjanir í fyrsta áfanga og búið er að setja sautján gufuaflsvirkjanir á lista til að skoða nánar.

Nauðsyn er að þessar fyrirætlanir allar saman komi fram í dagsljósið og við fáum að vita hvað við borgum mikið á ári úr sameiginlegum sjóðum til að kanna hvar megi bora næst. Ég trúi því að þeim peningum megi ráðstafa betur og nota í rannsóknir og leit að öðrum atvinnutækifærum sem við getum nýtt okkur hér á landi.

Ómar lýsir því hvernig risavirkjunin getur orðið til þess að öll áhrif sem virkjanir framtíðarinnar hafi á umhverfið verði álitin smávægileg og valdi því að þeirri varkárni sem vera ber í umgengninni við landið verði ekki gætt. Ég hef hitt þá sem eru bjartsýnni en Ómar og trúa því að meira að segja virkjanafúsir sjái að stíga verður afskaplega varlega til jarðar í virkjanamálum til að ofbjóða ekki þjóðinni. Óskandi væri að þeir sem eru þannig þenkjandi hafi rétt fyrir sér. Ég er ekki alveg viss um að svo sé.

Svo eru hin áhrifin, þau efnahagslegu. Í því tilliti er hér líka um slíkt risaverkefni að ræða að virkjunin og verksmiðjan fyrir austan verða næstum því sérstök hagstærð í litla íslenska hagkerfinu. Í áratugi miðaðist öll hagstjórn á Íslandi við afkomu sjávarútvegsins. Vonandi mun hagstjórn næstu áratugina ekki snúast um virkjun og verksmiðju fyrir austan, þá verður illa komið fyrir okkur. Þess vegna er líklega betra frá efnahagslegu sjónarmiði ekki síður en umhverfislegu að setja virkjunina aldrei í gang, með öðrum orðum hleypa aldrei vatni í lónið.

Auk þess legg ég til að eftirlaunaósóminn verði afnuminn með lögum.

# Kæri Jón

**Umræðan**

Opið bréf til iðnaðarráðherra



RÓBERT MARSHALL

Kæri Jón, Þú ert að gera hrikaleg mistök.

Mig hefur lengi langað til að segja þetta en ekki verið í aðstöðu til þess. Ég skrifa þetta bréf til þín og þingmanna þinna í Framsóknarflokknum sem og ríkisstjórnarinnar allrar vegna fyrirhugaðrar virkjunar við Kárahnjúka og þar með mestu umhverfiseyðileggingar Íslandssögunnar. Með fyllingu Hálslóns hverfur Hjalladalur og þar með gífurlegt víðerni ósnortins lands. Ég bið þig um að leggja það til við ríkisstjórnina að framkvæmdinni verði frestað. Þú getur fengið þingmenn þína til að fylgja þér í því máli. Þú getur komið í veg fyrir að Framsóknarflokkurinn reisi sér ævarandi minnisvarða um skammsýni, um virðingarleysi við land, þjóð og komandi kynslóðir, um brenglað verðmætamat. Þú veist jafn vel og ég að þessi minnisvarði verður fyrst og fremst tileinkaður Framsóknarflokknum, jafn ósanngjarnt og það er. Samstarfsflokkur ykkar í ríkisstjórn hefur haft einstakt lag á því að láta ykkur svara fyrir óvinsælar ákvarðanir. Þeir þegja og glotta á meðan þið skýrið málin. Ég veit að það er gott fólk og vel meinandi í Framsóknarflokknum. Ég veit að það er ekki allt sannfært um þessa framkvæmd. Hlustaðu á það fólk; hlustaðu á þjóðina.

Menn hafa velt fyrir sér hvað orðið þjóðhyggja þýðir. Þú kynntir það til íslenskrar stjórnmálasögu. Getur það verið þjóðhyggja að sundra þjóðinni? Getur það verið þjóðhyggja að búa til sár á landi og íslenskri þjóðarsál sem aldrei grær? Ég held því fram að það sé til merkis um göfuglyndi og gott gáfnafar að skoða alla möguleika á hverjum tíma; að vega og meta hvort forsendur hafi breyst. Velta fyrir sér hvaða leið sé best að fara. Hvort ákvarðanir hafi verið grundvallaðar á réttum upplýsingum. Skipta um skoðun ef svo skyldi vera. Lágu allar upplýsingar fyrir þegar þetta var ákveðið? Í ljós hefur komið að svo var ekki. Það er ekki of seint að gera málamiðlun. Það er ekki of seint að endurskoða málið. Er hægt að ná í þessa raforku annars staðar eins og Ómar Ragnarsson hefur lagt til? Er ekki hægt að minnka lónið og þar með þann skaða sem það veldur? Þú hefur það í hendi þér að sætta þjóðina. Þú hefur það orð á þér að hafa verið mannasættir í Framsóknarflokknum. Gerðu slíkt hið sama fyrir þjóð þína.

Í kvöld klukkan 20.00 ætlar að fólk að ganga með Ómari Ragnarssyni frá Hlemmi niður að Austurvelli. Kæri Jón, gakktu með því fólki.

*Höfundur stundar útivist.*



## ÞURFA BARA INNLIT OG HVATNINGU

Hanna Lára Steinsdóttir hefur ákveðnar hugmyndir um úrræði fyrir alzheimersjúklinga og aðstandendur þeirra.

HEILSA 4

## HUGAÐ AÐ FARARTÆKI LÍKAMANS

Mikilvægt er að huga að heilsu fótanna til að koma í veg fyrir leiðinlega kvilla.

HEILSA 2





## ALLT HITT

**[HEILSA]**

**Árbæjarþrek** í Fylkishöllinni býður upp á sex vikna skokknámskeið fyrir byrjendur. Skokkað er á mánudögum og miðvikudögum og hefst það 25. september. Námskeiðið kostar 8.500 krónur og inni í því er aðgangur að stöðinni. **www.threk.is**



**Fyrstu** kettlingarnir sem ekki valda ofnæmi hjá mannfólki voru settir á markaðinn í Bandaríkjunum á dögunum. Biðlistar eru eftir kettlingum þrátt fyrir að hver köttur kosti hátt í 300 þúsund krónur.

**Vísindamönnum** hefur tekist að gera mýs sólbrúnar án þess að nota ljós, hvorki frá sól eða lampa. Í staðinn notuðu þeir krem sem setur af stað ferli í húðfrumunum sem myndar brúna litinn. Kremið hefur enn ekki verið prófað á mönnum. Sjá nánar www.doktor.is

**www.hugo.is** er vefur Hugos Þórissonar sálfræðings sem gefur börnum og foreldrum góð ráð. Margir þekkja Hugo úr sjónvarpinu en annan hvern mánudag mætir hann ferskur í Ísland í bítið með ráð undir rifi hverju.

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er þriðjudagurinn 26. september, 269. dagur ársins 2006.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 7.21 | 13.19 | 19.15 |
| Akureyri | 7.06 | 13.04 | 19.00 |

*Heimild: Almanak Háskólans*

Smáauglýsingasími
550 5000
Auglýsingasími Allt
550 5880
Þú getur pantað smáauglýsingar á visir.is



Freyr er haldinn mikilli útivistardellu og klifur er aðeins hluti af henni. Hann fær mikla útrás fyrir ástríðu sína í Björgunarsveitinni Ársæli sem hann hefur verið meðlimur í síðastliðin fjögur ár. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# Klífur fossa og jökla

***Freyr Þórsson, bifvélavirki og nemi á frumgreinasviði í Háskólanum í Reykjavík, stundar kletta- og ísklifur sér til dægrastyttingar.***

„Ég er mikill útivistarmaður í eðli mínu, fer á skíði, í göngur og jeppaferðir,“ útskýrir Freyr og vill ekki gera mikið úr klifrinu, segir það einfaldlega falla undir áhugasviðið.

Freyr fór að klifra af einhverri alvöru eftir að hann gekk til liðs við Björgunarsveitina Ársæl fyrir fjórum árum síðan, sem fer meðal annars í skipulagðar klifur-, jeppa- og gönguferðir. Hann segir Valshamar í Hvalfirði mikið notaðan til klettaklifurs, en ísklifur sé stundað í Eilífsdal. Sjálfur stundar hann ísklifur á skriðjöklum og kleif síðasta vetur fossa í Noregi.

Aðspurður um muninn á kletta- og ísklifri, segir Freyr að í grundvallaratriðum sé um sama hlutinn að ræða. „Helsti munurinn er kannski sá, að í klettunum er maður sífellt að leita að tilbúnum festum til að klifra upp á,“ segir hann. „Ísklifur snýst meira um að búa til festur, með öxunum og broddunum. Það er því frjálsara en klettaklifrið.“

Mikill munur er síðan á þeim búnaði sem notaður er við kletta- og ísklifur að sögn Freys. „Maður notar hjálm, sigbelti og línur í báðum tilvikum,“ segir hann. „Svokallaðar klifurtúttur eru síðan notaðar í klettaklifri, það er að segja þröngir skór með gúmmítám, og síðan kalkpoki til að þurrka hendurnar. Við ísklifur er mun sérhæfðari búnaður notaður, ísaxir, broddar og svo framvegis.“

Freyr segir að klifur styrki og sé ekki hættulegt, sé rétt að því staðið. „Ef maður er kominn í einhverjar þrengingar, er bara um að gera að snúa við, sem kallar aftur á ákveðið hugrekki,“ segir hann. „Í heild er klifur einstaklega skemmtileg íþróttagrein, þótt hún sé að vísu svolítið dýr og tímafrek.“

*roald@frettabladid.is*

# Neysluvenjur ungra offeitra Evrópubúa

FYRIRLESTUR UM VERKEFNI TIL MEISTARAPRÓFS Í NÆRINGARFRÆÐI VIÐ MATVÆLAFRÆÐISKOR.



Neysluvenjur Evrópubúa hafa breyst yfir árin.

Ragnheiður Ásta Guðnadóttir flytur, föstudaginn 29. september, fyrirlestur um verkefni til meistaraprófs með yfirskriftinni Neysluvenjur og fæðismeðferð ungra offeitra Evrópubúa. Ragnheiður Ásta hóf í byrjun árs 2005 nám til meistaraprófs í næringarfræði við Háskóla Íslands en hafði áður lokið BS prófi í matvælafræði og prófi í kennslufræðum til kennsluréttinda. Verkefnið er hluti af evrópska verkefninu SEAFOODplus YOUNG. Markmið þess er að auka þekkingu á næringarfræðilegum áhrifum sjávarafurða til að stuðla að auknu heilbrigði og koma í veg fyrir sjúkdóma hjá ungum evrópskum fjölskyldum. Fyrirlesturinn hefst klukkan 15.00 í stofu VR-158 í VR-II byggingu raunvísindadeildar Háskóla Íslands.



**Vatnið** er hollt og gott. Ekki má drekka of mikið af því og ekki of lítið. Er ekki bara best að drekka þegar maður er þyrstur og velja þá vatnið frekar en gosdrykkina.















Ásdís Arngeirsdóttir, löggiltur fótaaðgerafræðingur, segir vondan skófatnað geta leitt til fótskekkju. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Hugað að fótunum, farartæki líkamans

***Heilsa fóta okkar er í flestum tilfellum ekki ofarlega á gátlistanum. Ásdís Arngeirsdóttir, löggiltur fótaaðgerðafræðingur, segir þó mikilvægt að huga að heilsu fótanna til að koma í veg fyrir ýmsa fylgikvilla sem fótskekkja leiðir af sér.***

Ásdís Arngeirsdóttir, löggiltur fótaaðgerðafræðingur, ritaði nýverið grein í Gigtina, tímarit Gigtarfélags Íslands, þar sem hún ræðir um mikilvægi góðrar heilsu fótanna. „Það er mjög misjafnt hversu mikla hugsun fólk leggur í heilsu fóta sinna," segir Ásdís. „Þetta er farið að breytast í dag og fleiri sem hugsa vel um fæturna sína og vilja láta sér líða vel. Gigtarsjúklingar eru þeir sem eru í meiri áhættu með að fá fótskekkju, líkþorn og siggmyndun en auðvitað á þetta við alla."

Ásdís segir mikilvægt að fólk láti skoða fætur sína einu sinni á ári, líkt og farið er í eftirlit til tannlæknis. Mikilvægast er þó að leita strax til sérfræðings ef vart verður við verki í fótum, mikið sigg eða líkþornamyndun. „Það eru allmargir sem þjást af fótskekkju. Hún myndast þegar tábergið sígur, þegar of mikið álag er á framfótinn. Þetta er sérstaklega algengt hjá konum sem ganga mikið á háum hælum og hjá fólki sem gengur í skóm sem eru opnir í hælinn, eins og inniskóm, klossum og öðru. Fótskekkjan getur svo leitt til þess að stóra táin fellur til hliðar og hinar tærnar kreppast saman. Afleiðingarnar eru svo þær að öll líkamsstaðan skekkist. Einnig getur verið um að ræða skekkju í hæl en fótskekkjan getur valdið bakverkjum, taugar klemmast og óþæginda verður vart í mjöðmum. Því miður er ekki hægt að laga tábergssig en til að rétta úr skekkjunni má styðjast við innlegg sem veita fætinum hvíld."

Ásdís segir að fólk þurfi að huga betur að skófatnaði sínum. Of þröngir skór eru vondir fyrir fæturna og geta leitt til líkþornamyndunar. „Við mælum helst með fótlaga skóm en það er alltaf erfitt fyrir okkur fótafræðingana að berjast gegn tískustraumunum," segir Ásdís. Einfalt ráð til að skera úr um hvort skór séu hæfilega breiðir er að draga útlínur þeirra á blað, draga svo útlínur fótarins á blað, og bera saman.

„Fæturnir eru það tæki sem halda okkur uppi. Líði okkur illa í fótunum líður okkur illa alls staðar og sú vanlíðan getur jafnvel dregið úr þreki okkar og orku. Fæturnir eru okkar farartæki og mikilvægt að hugsa vel um þá."

*johannas@frettabladid.is*

**HUGAÐ AÐ FÓTUNUM**

Farið reglulega til fótaaðgerðafræðings.

Látið táneglurnar aldrei verða of langar eða siggið of þykkt.

Haldið hita á fótunum með því að vera í góðum sokkum sem eru ekki með stífri teygju.

Ekki er mælt með fótabaði í lengur en fimm mínútur.

Mikilvægt er að þurrka fæturna vel, sérstaklega milli tánna.

Nuddið fæturna með góðu kremi til að viðhalda mýkt en ekki setja krem á milli tánna.

Gangið og gerið fótaæfingar til að viðhalda hreyfigetu í liðunum.

Tekið úr tímaritinu Gigtin.



# Hreyfing fyrir alla

***Undirbúningur er hafinn vegna verkefnisins Hreyfing fyrir alla, sem er tilraunaverkefni um að fjölga skipulögðum hreyfitilboðum fyrir fullorðna og eldra fólk með því að efla almenningsíþróttadeildir íþróttafélaga.***

Í síðustu viku stóð heilbrigðisráðuneytið, ásamt Lýðheilsustöð og Íþrótta- og Ólympíusambandi Íslands, fyrir samráðsfundi vegna undirbúnings verkefnisins. Ætlunin er að skapa tækifæri til að sinna þeim fjölmörgum einstaklingum og hópum sem skortir hvatningu og stuðning til að hreyfa sig en hafa ekki getu eða áhuga á að nýta sér þá þjónustu sem er þegar í boði. Einnig er ætlunin að skapa ódýran valkost sem getur brúað bil sem getur skapast eftir að meðferð hjá heilbrigðiskerfi lýkur.

Verkefninu er ætlað að standa í eitt ár og nú er leitað að hentugum tilraunasvæðum. Óskað hefur verið eftir liðsinni hagsmunaaðila á landsvísu við undirbúning verkefnisins enda er ætlunin að prófa árangur og hagkvæmni nýrrar þjónustu, með það fyrir augum að hún verði varanleg og yfirfæranleg á allt landið.

Fundinn sátu fulltrúar ýmissa hagsmunahópa og félaga. Hann reyndist gagnlegur og voru þátttakendur sammála um mikilvægi verkefnisins.

Grein af vef Lýðheilsustöðvar, www.lydheilsustod.is.



Ætlunin er að skapa tækifæri til að sinna þeim sem skortir hvatningu og stuðning til að hreyfa sig.



## Persona.is

EYGLÓ GUÐMUNDSDÓTTIR
SÁLFRÆÐINGUR SKRIFAR

# Samskipti manna

Mikilvægi góðra samskipta ætti að vera öllum augljós, en svo virðist sem sumir eigi erfiðara en aðrir að átta sig á hversu mikilvægt það raunverulega er að leggja áherslu á að umgangast samferðamenn sína með hlýju, jákvæðni og virðingu. Góð samskipti er eitthvað sem flestir vilja eiga við aðra, eða allavega vilja flestir að komið sé fram við þá með ákveðinni virðingu og kurteisi. Samskipti er eitthvað sem langflestir sálfræðingar eru fremur uppteknir af, þar sem hluti sálfræðinnar snýst einmitt um samskipti.

Ég persónulega heillast mjög af samskiptum og veit fátt dapurlega en að eiga í leiðinlegum samskiptum, hvort sem er við maka minn, börn, aðra fjölskyldumeðlimi, vini, og svo hina „ókunnugu" sem ég hitti á leið minni í lífinu. Sjálf reyni ég að vera þægileg í samskiptum – það tekst kannski ekki alltaf, en ég legg mig fram við að sýna öðrum kurteisi og virðingu og skiptir þá engu máli hver á í hlut. Þessvegna hrekk ég svo í kút þegar ég hitti fyrir fólk sem virðist hafa það sem markmið að sýna frekar dónaskap og óvirðingu í samskiptum sínum við aðra. Ég tek það fram að nánasta samferðafólk mitt – fjölskylda, vinir og kunningjar – eru yfirleitt mjög fær í mannlegum samskiptum, en ef einhver skyldi eiga „slæman samskiptadag" þá er hægt að ræða það og að sjálfsögðu fyrirgefa.

Hins vegar, þegar fólk mér ókunnugt, t.d. fólk sem ég þarf að kaupa þjónustu af, kemur illa fram við mig finnst mér erfiðara að brosa og labba í burtu án þess að benda viðkomandi á að „kurteisi kostar ekkert"!! Ástæða þess að ég ákvað einmitt að skrifa um mikilvægi góðra samskipta er einmitt sú að á sama klukkutímanum upplifði ég annars vegar mjög góð samskipti og hins vegar mjög slæm samskipti, og það á sama þjónustusvæðinu – en ekki af sömu þjónustuaðilum. Í fyrra skiptið var um að ræða unga stúlku sem var að afgreiða mig með mat og strax tók ég eftir því að henni fannst líklega ekki gaman í vinnunni eða kannski fannst henni ég bara svona þreytandi að vera panta mat hjá henni. Eftir að hafa hent saman því sem ég pantaði og rúllað því inní álpappír skutlaði hún matnum nánast í mig og þá fannst mér nóg boðið. Til að valda engum misskilningi ætlast ég alls ekki til að afgreiðslufólk rúlli fram rauðum dregli þegar ég kem á staðinn eða setji upp „Colgatebros", en að sama skapi kæri ég mig heldur ekki um fýlusvip og hreinlega dónaskap! Ég ákvað því að benda þessari tilteknu stúlku á að næst mætti hún sýna meiri kurteisi og að „skutla" matnum til manns væri ekki vænlegt ef maður vildi áframhaldandi viðskipti. Því miður virtist viðkomandi alls ekki átta sig á að hún hafði verið dónaleg í framkomu og baðst því ekki afsökunar á hegðun sinni heldur sagðist hafa verið að „rúlla" matnum í áttina til mín og fannst sjálfsagt heldur ekkert athugavert við fýlusvip sinn og óþjónustulund!! Ég vil taka fram að með henni voru fleiri starfsmenn sem sýndu góða þjónustu, en þrátt fyrir það bragðaðist maturinn ekki eins vel og venjulega og mun ég líklega ekki venja komur mínar á þennan stað framar.

Á hinum staðnum voru hins vegar þroskaðar konur að afgreiða og þar fékk ég bæði bros, virðingu, og þjónustulipurð, sem sýndi sig í því að þessar konur voru tilbúnar til að leggja aukalega á sig til að veita mér þá þjónustu sem ég var að sækja þar. Þangað mun ég sækja þjónustu áfram!

Tilgangur þessa pistils er ekki að gera lítið úr fólki sem á „slæma samskiptadaga", heldur benda á að lítið bros og kurteisi er eitthvað sem við ættum að alltaf að vera aflögufær um að veita næsta manni. Sérstaklega á þetta við fyrirtæki sem eiga að veita viðskiptavinum sínum þjónustu – sem viðskiptavinurinn kaupir og greiðir fyrir – því þjónustulund starfsfólks er mikilvægur þáttur í að fá fólk til að vilja eiga viðskipti aftur við viðkomandi fyrirtæki.

Sýnum hvert öðru kurteisi og virðingu í samskiptum, þá líður manni svo miklu betur og hver veit nema maður hafi bætt dag einhvers með því að veita honum smá bros!

*Gangi ykkur vel að brosa!*

Eygló Guðmundsdóttir,
sálfræðingur



Sýklalyf hefur reynst vel í baráttunni gegn fílaveiki. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

# Lækning á fílaveiki

***Vísindamenn halda því fram að ódýrt sýklalyf hindri ekki aðeins fílaveiki (Lymphatic Filariasis) heldur dragi úr einkennum hennar.***

Um það bil 120 milljónir manna, aðallega búsettar á hitabeltissvæðum, eru haldnar sjúkdómnum, sem lýsir sér í verulegum bólgum á útlimum og kynfærum karla.

Rannsóknarhópur á vegum lyflæknisfræðiskóla í Liverpool, sem sérhæfir sig í hitabeltissjúkdómum, komst að þeirri niðurstöðu að sýklalyfið „doxycyline" drægi úr sjúkdómseinkennum þeirra sem eru þungt haldnir af veikinni.

Það er einnig talið drepa orminn sem á þátt í að orsaka sýkinguna, en hann berst með biti moskító-flugna.

Núverandi lyf drepa einungis lirfur en ekki fullþroskaða orma og stöðva ekki framrás sjúkdómseinkenna þegar hann hefur náð ákveðnu stigi, þannig að doxycyline markar ákveðin þáttaskil í baráttunni við fílaveikina. Auk þess að draga úr veikindum bætir hann lífsskilyrði sjúklinga, sem verða oft hornreka vegna útlitsafskræmingar í þriðja heims ríkjum þar sem fátækt og hjátrú eru ríkjandi.







Heilsuvöru-markaður
Opið virka daga kl. 10–20
laugardaga kl. 10–17
maður lifandi
Borgartúni 24 og Hæðasmára 6

Næstu námskeið og fyrirlestrar
26. sept. Hvað heldur þú að þú sért?
17:30-19:00 Þorvaldur Þorsteinsson rithöfundur
27. sept. Eru geðlyf töfralausn eða martröð?
18:00-19:30 Benedikta Jónsdóttir
27. sept. Heilsukostur - Matreiðslunámskeið
18:00-21:00 Meistarakokkar Maður lifandi -Fullbókað
28. sept. Candida sýking í líkamanum
kl 17:30-19:00 Hallgrímur Magnússon læknir
02. okt. Mataræði til varnar og lækningu á krabbameini
kl. 18:00-19:30 Kristín Vala Ragnarsdóttir prófessor









Fitusog án skurðaðgerðar

- Á aðeins 10 dögum færðu árangur sem jafnast á við fitusog
- Húðin stinnist og appelsínuhúðin hverfur
- Þú ert mæld,magi rass og læri, fyrir og eftir
- Öflugasta cellómeðferð hingað til sem stittir biðtímann um margar vikur
- 6 mismunandi aðferðir notaðar á þig til að skila sem mestum árangri
- 100% ánægja þegar meðferðinni er lokið...

Verð: 37.400,-

Ef þú pantar strax í dag Minna Mál grenningarmeðferðina færðu hana á tilboðsverði kr: 24.900,-

Hringdu núna, síminn er: 577 7007

Kínastofan • Stórhöfði 17 • 110 Rvk




# Oft þurfa heilabilaðir bara innlit og hvatningu

***Hanna Lára Steinsson félagsráðgjafi hefur ákveðnar hugmyndir um úrræði fyrir alzheimersjúklinga og aðstandendur þeirra enda hefur sjúkdómurinn áhrif á líf ótal fjölskyldna í landinu.***

„Við eigum að huga miklu meira að fyrri stigum alzheimersjúkdómsins en gert er og þeirri getu sem sjúklingarnir hafa lengi framan af. Reyna að koma strax inn í með stuðning við fjölskylduna og virkni fyrir sjúklingana. Við höfum lengi einblínt á hjúkrunarheimilin og þar erum við alltaf með biðlista en biðlistarnir gætu verið miklu styttri ef um boðlega heimaþjónustu væri að ræða," segir Hanna Lára. Hún var fyrsti félagsráðgjafinn sem var ráðinn eingöngu fyrir fólk með heilabilun og aðstandendur þess hér á landi og starfaði á Landakoti. Nú er hún forstöðumaður Rannsóknarstofu um barna- og fjölskylduvernd.

Nýlega kom út bók eftir hana með viðtölum við aðstandendur heilabilaðra sem vakið hefur mikla athygli. „Ég er búin að halda hundrað fyrirlestra um aðstandendur en það er ekki fyrir aðra að lýsa þeirra aðstæðum. Þeir verða að gera það sjálfir ef þær eiga að komast til skila," segir hún um það framtak.

Hanna Lára segir farið að greina heilabilun mun fyrr en áður var og að búist sé við gríðarlegri fjölgun sjúklinga á næstu árum og áratugum, næstum tvöföldun til 2030. Hún telur að Íslendingar þurfi að spýta í lófana og efla verulega þjónustuna við þennan hóp.

„Í nágrannalöndunum eru komin alls konar sérúrræði fyrir heilabilaða. Margvísleg afþreying fyrir yngri sjúklinga sérstaklega og þar eru kaffihús þar sem hjón koma saman, heilbrigði makinn og sjúklingurinn. Makinn einangrast oft svo gersamlega þegar hann hefur engan stað til að fara á með sjúklinginn án þess að honum finnist það vandræðalegt," bendir hún á. „Framtaksleysi er einn af fylgifiskum sjúkdómsins í byrjun. Því þurfa þeir sem þjást af honum oft bara innlit og hvatningu. Það er ekki nóg að skrá fólk í leikfimi eða föndur því það hefur ekki í sér frumkvæði til að drífa sig af stað. Síðan fer verklagið að dala þegar á líður og fólk hættir að geta gert ýmsa hluti sem aðrir geta gert án þess að hugsa. Þá þarf það aukna aðstoð og lengri viðveru hjá því í heimahúsum en síðan dagúrræði þegar líður á."

Hanna Lára vill koma upp sérstöku húsi fyrir heilabilaða og sér þar fyrir sér fjölþætta þjónustu. Þar væri boðið upp á ýmsa starfsemi sem sjúklingurinn gæti tekið þátt í og valið sjálfur hvað hann vildi gera yfir daginn. Þar yrði bæði dagdeild og skammtímadeild. „Skammtímadeild er úrræði sem vantar gersamlega. Það eina sem er í boði nú eru tvö sjúkrarúm á Landakoti á þriggja manna sjúkrastofu innan um veikustu sjúklingana. Það þarf að vera hægt að leysa aðstandendur af með helgarinnlögnum eða viku, svo þeir nái að hlaða batteríin. Þarna þurfa að vera einstaklingsherbergi með snyrtiaðstöðu," segir hún og bætir við að lokum: „Við þurfum að koma okkur inn í nútímann og koma fram við heilabilaða af þeirri virðingu sem þeir eiga skilið."

*gun@frettabladid.is*



Hanna Lára ber hag heilabilaðra fyrir brjósti enda starfaði hún lengi í þágu þeirra og aðstandenda. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Við erum það sem við borðum

***Kristín Vala Ragnarsdóttir, umhverfisjarðefnafræðingur og prófessor í umhverfissjálfbærni, við Háskólann í Bristol á Englandi flytur fyrirlestur í Manni lifandi um áhrif mataræðis á krabbamein.***

Fyrirlesturinn ber heitið „Mataræði til varnar og lækningu á krabbameini" og byggir á bókinni „Your Life in Your Hands ... Understanding, Preventing and Overcoming Breast Cancer", eftir breska vinkonu Kristínar að nafni Janet Plant.

„Janet greindist sjálf með krabbamein fyrir um það bil tuttugu árum síðan, sem illa gekk að ráða niðurlögum á. Loks voru meðferðirnar hættar að virka, en þá var Janet búin að undirgangast brjóstnámsaðgerð auk þess sem kirtlar undir handarkrikum höfðu verið fjarlægðir. Læknar töldu hana eiga þrjá mánuði eftir ólifaða."

Kristín segir að Janet, sem er jarðfræðingur að mennt, hafi upp úr því farið að skoða heimsbréfabækurnar sínar til að sjá hvernig útbreiðslu krabbameins væri háttað eftir löndum. „Hún veitti því eftirtekt að tíðni krabbameins var einstaklega lág í Kína, en hækkaði í þeim borgum þar sem Kínverjar höfðu tekið upp vestræna lifnaðarhætti eins og í Hong Kong."

Þetta varð aftur til þess að Janet fór að skoða muninn á lífsmáta Kínverja og Vesturlandabúa með hliðsjón af því hvort einhverjir umhverfisþættir gætu haft áhrif á krabbameinstíðnina. „Hún uppgötvaði þá að enginn mjólkuriðnaður er í Kína," útskýrir Kristín.



Kristín situr í vísindaráðgjafanefnd Breska rannsóknarráðsins (NERC) fyrir umhverfi og heilsu. MYND/UNIVERSITY OF BRISTOL

Að sögn Kristínar ákvað Janet því að hætta neyslu á mjólkuafurðum til að sjá hvort það bæri einhvern árangur. „Hún stokkaði upp mataræðinu, sneyddi hjá mjólkurafurðum og gerviefnum og lagði sig fram við að borða lífrænan mat. Samfara því hélt Janet áfram í krabbameinsmeðferðinni."

Krabbameinskýli sem höfðu staðið eins og hálfegg út undan herðablöðum Janet og voru hörð viðkomu linuðust smám saman þar til þau hurfu, eftir að hún breytti mataræðinu. „Læknir Janet var orðlaus því hún hafði staðið í frammi fyrir dauðanum," segir Kristín.

„Í framhaldi af því fann Janet rannsóknargreinar þar sem því var haldið fram að mjólk innihéldi vaxtaþætti sem örvuðu vöxt krabbameinsfrumna," segir Kristín. „Leiddar voru líkur að því að væri neysluni hætt drægi úr vextinum. Í nýjustu útgáfu af bók Janet fylgja þessar rannsóknir og fleiri með."

Spurð af hverju beri ekki meira á þessum meintu tengslum í umræðunni, segir Kristín mjólkuriðnaðinn hafa sterk samfélagsleg ítök og bendir á að Janet hafi orðið fyrir aðkasti frá aðilum innan þess geira bæði í Bandaríkjunum og Ástralíu þegar hún flutti fyrirlestra.

Kristín er í engum vafa um að aðferðir Janet beri árangur. Sjálf breytti hún mataræði sínu vegna frumubreytinga í leghálsi, sem er frumstig krabbameins, og hafði það afturvirk áhrif. Mun Kristín flétta þeirri reynslu saman við fyrirlesturinn, sem hún flytur kl. 18.00 2. október í Manni lifandi Borgartúni 24. Sjá nánari upplýsingar á síðunni, www.madurlifandi.is.



Rétt mataræði getur skipt sköpum í baráttunni gegn krabbameini.

*roald@frettabladid.is*



Með því að láta glugga með tilboði um heilsusamlegri kosti birtast tölvum þeirra sem kaupa mat á netinu, er hægt að minnka fituinnihald matarkörfu netverja til muna.

# Fólk vill borða betur

***Ný rannsókn gefur til kynna að fólk sem kaupir mat á netinu velji heldur heilbrigðari kosti ef þeir standa til boða.***

Rannsóknin var gerð á fimm hundruð áströlskum netverjum sem kaupa mat á vefnum. Kom í ljós að þegar boðið var upp á heilsusamlegri kost á skjánum völdu langflestir að kaupa frekar þann mat. Þannig tókst þeim að minnka fituinnihald matarkörfunnar um tíu prósent.

Rannsakendur telja að með því að láta glugga birtast á skjá neytenda væri einnig hægt að auka fræðslu til fólks til að minnka sykur og saltát og stuðla þannig að heilsusamlgera líferni.

Meðalaldur þeirra sem tóku þátt í rannsókninni var 40 ár. Eftir því sem fólk var eldra og þyngra var það líklegra til að taka heilsusamlegri kostinum sem þeim var boðinn.

*Af heilsuvef BBC*

**bætiefnið }**

## Ginseng

EYKUR ANDLEGT OG LÍKAMLEGT STARFSÞREK.



Ginseng hefur verið notað í Asíu í yfir 5.000 ár, fyrst og fremst til að auka andlegt og líkamlegt starfsþrek. Rannsóknir benda einnig til að það styrki ónæmiskerfið.
Þegar ginseng er notað, flytur blóðið aukið magn súrefnis til frumnanna. Hámarkseinbeiting krefst innra jafnvægis og einnig líkamlegs og andlegs þróttar.
Ginseng eykur bæði andleg og líkamleg afköst. Það hefur í áranna rás verið mikið notað af íþróttafólki, skákmönnum, leikurum og öðru fólki í störfum sem gera miklar kröfur til hugar og handa. Jafnt rannsóknir sem reynsla fjölda fólks um heim allan hafa staðfest ágæti ginsengs til auka líkamlegt og andlegt starfsþrek og viðhalda góðu heilsufari.
Ný og betri bætiefnabiblía

## Málþing um heilaskaða

AÐGANGUR ÓKEYPIS.



Fagráð um málefni heilaskaða stendur fyrir málþingi fimmtudaginn 28. september 2006, kl. 13.00-16.00 í hringsal LSH við Barnaspítala Hringsins.
Markmið með málþinginu er að fræða og vekja athygli á þessum málaflokki, jafnframt því að leggja hornstein að stofnun félags aðstandenda og fagfólks um málefni fólks með heilaskaða.
Málþingið er stutt af Landspítala - háskólasjúkrahúsi og Reykjalundi. Jafnframt hefur Velferðarsvið Reykjavíkur lýst yfir vilja til að leggja þessu málefni lið.
Nánar á www.serstokborn.is

# Skagstrendingar fá nýja heilsugæslu

***Siv Friðleifsdóttir, heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, tók formlega í notkun nýja heilsugæslustöð á Skagaströnd í síðustu viku.***

Hús Heilsugæslustöðvarinnar á Skagaströnd er um 250 fermetrar að stærð auk tengigangs, en stöðin tengist dvalarheimilinu Sæborg í því skyni að samnýta búnað og þjónustu sem samnýtanleg er. Á stöðinni er aðstaða fyrir lækni og hjúkrunarfræðing og einnig er um 40 fermetra aðstaða í stöðinni fyrir sjúkraþjálfara. Heilsugæslustöðin þjónar um 500 manns.

Heildarkostnaður við byggingu gæslunnar er um 65 milljónir króna, en þess má geta að í tengslum við nýbygginguna voru tæki og búnaður stöðvarinnar endurnýjuð. Hún er því búin öllum þeim tækjum sem í dag eru talin sjálfsögð á stöð af þessari stærð. Siv Friðleifsdóttir, heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, sagði þegar hún ávarpaði starfsfólk og gesti í dag að ánægjulegt væri sjá og gera sér grein fyrir mikilvægi hinnar nýju stöðvar á Skagaströnd fyrir íbúa svæðisins. Undirstrikaði ráðherra mikilvægi grunnþjónustu heilsugæslunnar. Hún væri þjónusta sem stæði öllum landsmönnum til boða á svæðinu sem þeir búa á. Heilsugæslan eigi að vera aðgengileg og biðtími stuttur.

*Af vef heilbrigðis- og tryggingaráðuneytisins.*



Ný heilsugæsla var opnuð á Skagaströnd.


Allir þurfa að sofa vel, þú líka .............

STILLANLEG RÚM




Veldu þér eitt með öllu

WALLHUGGER dregst að veggnum eins og nafnið bendir til. Þannig helst þú alltaf við hlið náttborðsins. Mest seldi ameríski botninn í heiminum.

SWISSFLEX
50 ára reynsla



Loftrúm án rafmagns

Eitt virtasta framleiðslufyrirtæki Evrópu. Stillanlegu loftrúmin hjá SWISSFLEX eru í sérflokki.

BIFLEX



Einn góður á frábæru verði.

Mest selda stillanlega rúmið.
Frábær reynsla á Íslandi frá árinu 2000.
Ef þig vantar gott og sterkt stillanlegt rúm þá er BIFLEX lausnin.




IQ-CARE heilsudýnan er ein besta heilsudýna í heimi

Sérstök efnisuppbygging IQ-CARE heilsudýnunnar gefur henni eiginleika sem eru engu líkir.

- Þrýstijöfnun er lykilorðið. IQ-CARE aðlagast fullkomlega að líkamanum og tryggir gott blóðflæði sem gerir það að verkum að þú byltir þér minna og nærð dýpri og betri svefni.
- IQ-CARE er svæðisskipt og gefur því réttan stuðning fyrir mjóbak og axlir.
- IQ-CARE er með opnari efniseiginleika en flestar vörur úr skyldum efnum sem gerir það að verkum að hún andar mun betur.
- IQ-CARE aðlagast hraðar að líkamanum en flest rúm úr skyldum efnum.
- IQ-CARE er ein sterkasta efnablanda sem hefur verið þróuð og endist því lengur en flestar vörur úr skyldum efnum.
- IQ-CARE þrýstijöfnunarefnið er mikið notað og viðurkennt af sjúkrahúsum og heilsustofnunum.

Úrval af þýskum hágæðasængum frá BETTY www.betty.de



- NASA Outlast með 100% hvítum Siberíu gæsadúni www.outlast.com
- Thalascá dúnsængur og koddar fyrir asmasjúklinga.
- Thinsulate sængur. www.thinsulate.com
- Thinsulate sængur með Comfortemp efni.
- Camel sængur Betty Hyspring tækni
- Silkisængur
- Cashmere sængur Betty Hyspring tækni
- Sensofill heilsukoddar

Veldu það besta




WILLIS & GAMBIER
HÁGÆÐA HÚSGÖGN
www.wguk.com

Við aðstoðum þig við að velja það sem þér hentar










Svefn & heilsa ★★★★★

www.svefn.is

Verið velkomin

★ GÆÐI ★ GÓÐ VERÐ ★ ÞJÓNUSTA ★ ÚRVAL ★ ÞEKKING

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Dalsbraut 1, Akureyri, 461 1150
Opið virka daga 10:00 - 18:00 • Opið á laugardögum frá 11-16:00 frá og með 12. ágúst

[ ALLAR SMÁAUGLÝSINGAR VIKUNNAR Á visir.is ]

# allt - sem þig vantar

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER OPINN ALLA DAGA KL. 8–22

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000
smaar@frettabladid.is / visir.is

AFGREIÐSLAN ER OPIN:
MÁNUDAG TIL MIÐVIKUDAGS 8–18
FIMMTUDAG OG FÖSTUDAG 8–19
LAUGARDAG 9–17 SUNNUDAG 11–16

## BÍLAR & FARARTÆKI






ISUZU TROOPER Nýskr. 09/1999, 3000cc diesel 5 dyra, Fimmgíra, Rauður, Ekinn 210.000 þ. Verð 1.150.000.

**Bílaland, B & L**
**Grjótháls 1, 110 Rvk.**
**Sími: 575 1230**
**www.bilaland.is**





CHRYSLER LHS Árgerð 2000. Ekinn 130 þ.mílur þúsund km. Verð kr. 690.000.

**Höfðahöllin**
**Kletthálsi 2, 110 Rvk.**
**Sími: 567 4840**
**www.hofdahollin.is**





Skoda Octavia 4X4, árg. 2002, ek.116 þús. km, verð 1.290 þús. kr.

**100 bílar ehf**
**Funahöfða 1, 110 Reykjavík**
**Sími: 517 9999**
**Opið virka daga 10-19 og laugardaga 12-17**
**www.100bilar.is**





HONDA ACCORD TYPE S árg 9/2005 ek 20 þ.km Verð 2.790 þ. Áhvílandi 2.400 þ. Afb 39 þ. á mánuði. Flott eintak .Getum bætt bílum á plan og skrá. S: 5674000

**Heimsbílar**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 567 4000**
**www.heimsbilar.is**


## Bílar til sölu




NÝTT! Bílaleitar-Vélmenni. Finnur bílinn á augnabliki! Tóti er tengdur fleiri hundruð bílasölum með yfir þrjár milljónir bíla á söluskrá. Smelltu á Tóta á islandus.com og hann finnur bílinn um leið, reiknar út verð í Íslenskum krónum með flutningsgjöldum tolli og VSK á augabraði og sýnir þér niðurstöður strax á islandus.com vefsíðunni. Í dag fylgir Ábyrgð frá Vörður-Íslandstrygging á öllum bílum Islandus.com og hægt að fá viðbótarábyrgð í allt að 5 ár! Við seljum bíla langt undir markaðsverði. Sími þjónustuvers 552 2000 og netspjall við sölumenn er á www.islandus.com




Allt að 30% lægra verð! Kynnum nýjan Jeep árgerð 2007 frá Kr. 2.790.000 og Honda Pilot lúxusjeppa frá Kr. 3.990.000. Berðu saman við Toyota Landcruiser á www.islandus.com/pilot. Besti jeppinn á markaðnum segja bandarískir bílavefir enda rakar Honda Pilot inn verðlaunum fyrir sparneytni, búnað og aksturseiginleika. Mikið úrval af nýjum og nýlegum bílum frá USA og Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. Sömu bílar bara miklu lægra verð. Íslensk Ábyrgð fylgir. Bílalán. Fáðu betra tilboð í síma 552 2000 eða á www.islandus.com



Volvo s60 '04 árg., ekinn 35 þús. 180 hö., filmur, 18"felgur og fleiri aukahlutir, skoða öll skipti, áhugasamir hringi eftir 19 alla daga 898 7141.



**200 þúsund út + yfirtaka (740). 12 þúsund á mánuði!**
Hyndai getz 2003 árg. ekinn aðeins 25þ. ! 5 gíra, 5 dyra, 1400cc vél. Uppl. í síma 899 1888.



Daewoo Lanos árg. 12/99, s/v dekk, toppbíll, v. 100 þ. út og yfirtaka lán 146 þ., afb. ca. 12 þ. á mán. í 12 mán, eða 246 þ. staðgreitt, uppl. í s. 659 9696.

## 0-250 þús.



VW Golf CL 1800, beinsk. ek. 152 þús., sk. '07, 140 þús. staðgr. Uppl. í s. 698 0070 eftir kl. 20.



Blæjubíll-hardtop gott verð Mazda Mx5 ek. 95 þús. sumar-vetradekk á felgum s. 895 8898.



Dodge Stratus árg. '96 góður bíll til sölu. Nýr stýrisendi, hjólalegur, nýr rafgeymir. Vél 2500cc, sjálfsk., ek. 96 þús m. Tilboð óskast. S. 869 5499.



Chevrolet Lumina árg. '90, 6-7 manna, ek. 143 þ. Mikið yfirfarinn, bremsur, spindlar o.fl. Tengibúnaður, algjörlega öryðgaður bíll og litur vel út. Sk. '07. Verð 90 þús. Fyrstur kemur fyrstur fær! S. 861 3790.



Ford Escord '96, 1,4. Sk. '07. Verð 130 þús. S. 820 3478.

Nissan Primera '91 ek. 247 þús. km. þarfnast lagfæringar. Tilb. 50 þús. Uppl. í s. 848 5184 & 891 7291.

Opel corsa árg. '97, ekinn 101.000, sk. '07. beinsk. Tilboð óskast. 661 2068.

Opel Astra árg. '96 sk. '07, ssk., verðhugmynd 120 þús., uppl. í s. 699 2707.

## 250-499 þús.



Til sölu er MMC Spacestar. Árgerð '00. Ekinn 124 þús. Beinssk. Filmur, álfegur. Skoðaður „07. Toppbíll. Listaverð 530 þús. Ásett 330 þús. Uppl. í s. 892 7852.



**Útsala-enn meiri lækkun!**
Eyðir 7 lítrum. Verð 390.000, áður 690. Toyota Avensis Wagon. 1999. Ekinn 173.000 km. Lán 316.000 kr. Afb. 19 þ á mán. Uppl. í s. 896 1976. Ath. skipti á allskyns dóti.



Renault Megane '97 110 þ.km. Öflugur og flottur! 2.0i 16V 150hö ABS 450 þ. kr. 860 4940.

Til sölu Hyundai Elantra árg. '00, ekinn 75 þús. sk. '07, 2ný dekk. V. 370 þús. s. 866 3187.

40 þ. út og yfirtaka á vaxtalausu láni. Nissan Almera '00 ek. 118 þ. Í toppstandi og lítur vel út. Eftirst. af láni eru tæp 440 þ. afb. um 14 þ. á mán. Uppl. í s. 698 8339 e. kl. 18.

## 500-999 þús.



BMW 316i '97, ek. 131 þ., skoðaður '07. Vel með farinn. Sumar/vetradekk. Verð 550 þ. Sþ 552 7785 & 896 0964.



Toyota Yaris 1.3. árgerð '03, 5 d., beinsk. Grænn. Ek. 24 þ. Skoðaður '08. Listaverð 1.130.000. Verð 1.030.000. Bílalán 680.000 þ. Upplýsingar í síma 892 7852.



**4x4 Corolla Station á 100% láni !!!**
Corolla touring 4x4 árg. '99, ek. 127 þ., sk. '07, s/vdekk, Cd. Verð 670 þ. Lán 624 100% yfirtaka. S. 661 8197.

## 1-2 milljónir



Mazda 6, árg. '04, ek. 42 þús, fæst gegn yfirtöku á láni, eftirst. 1500 þús., 32 þús. á mán., dráttarkúla, 16" dekk, nagladekk fylgja, toppeintak. Uppl. í s. & 820 3152 og 898 1960.



Toyota Celica, árg. '00, ek. 98 þús, Verð 350 þús + yfirtaka láns. Uppl. í s. 692 3404.



**Auðveld Kaup á flottum 4x4 Golf Station.**
VW Golf 4Motion, árg. '01, ek. 67 þ. Sk. '07. Verð 1070 þ. Fæst gegn yfirtöku á láni 1029 þ., s. 661 8185.



**20 þús. pr mán og sparibaukurinn er þinn !!**
Suzuki Liana árg. '04, 1600, sk. '07, ek. 25 þús., CD. Ásett 1.290 þ., 100% lán 1.199 þ. 20 þ. pr. S. 897 2425.

## Bílar óskast

0-150 þ. Staðgreitt, ekki eldri en '95, má þarfnast lagf. eða skoðunar. S. 659 9696.

Óska eftir bíl ekki eldri en '95 á 0-100 þús., má þarfnast lagfæringar. S. 691 9374.

## Jeppar

Toyota 4Runner til sölu 3000 diesel turbo, árg. '95, 33" breyttur, rafm. í rúðum, topplúga, leður áklæði, cd, ek. 190 þ., verð 970 þ. Uppl. í s. 867 2147.

## Mótorhjól

Aprila 1000 Milli RSV árg. '01 til sölu. Power commander, títan púst og mfl. Kraftmikið og skemmtilegt hjól. Til sýnis og sölu hjá Höfðabílum, S. 577 4747.



Glæsilegt Yamaha R1 2001 hjól til sölu. ek. 18 þús. km. Ásett verð 870 þús. áhílandi lán getur fylgt. upplýsingar í s. 660 4115.

## Fjórhjól

Grizzly fjórhjól '03, 2WD, beinskipt, 5 gíra, lítur vel út, ásett verð 280 þús. Uppl. í s. 863 6306.

## Vélsleðar



Ski doo mach 1 vel med farin ekin 4000 km 3cl 141 hö uppl. í síma 869 0442 verð 270 t eða skoða tilboð !

## Vinnuvélar




Alternatorar, startarar og varahlutir, fyrir vinnuvélar, vörubíla og fólksbíla. Ljósboginn Bíldshöfða 14. S. 553 1244.

## Lyftarar







Lyftarar, brettatjakkar, skæralyftur, lyftuborð, trillur, vagnar, hjólabúnaður og ýmis léttitæki. Vandaðar vörur, góð verð, öflug viðgerða og varahlutaþjónusta. Léttitækni ehf, Stórhöfða 27, s. 567 6955. Allar upplýsingar á www.lettitaekni.is



# ÆTLAR Á HONUM Á ÞORRABLÓT

*Theodór Kristjánsson breytir Landcruiser HJ62*

SJÁ BLS. 10

[ SÉRBLAÐ UM JEPPA OG FERÐIR – ÞRIÐJUDAGUR 26. SEPTEMBER 2006 ]

# jeppar




## EFNISYFIRLIT

ÚTSÝNI TIL ALLRA ÁTTA
*Helgarferð á jeppum* BLS. 2

VENJULEGIR JEPPAR Á FJÖLLUM
*Litladeild 4x4* BLS. 4

PLÁSTRAR OG SÁRABINDI
*Allt sem þarf í sjúkrakassann* BLS. 4

JEPPAFERÐIR VERÐA SÍFELLT VINSÆLLI
*Starfið hjá 4x4* BLS. 6

UTANVEGAAKSTUR
*Telja lögreglu ganga of hart fram* BLS. 6

EKKI BARA KARLASPORT
*Skemmtilegar kvennaferðir* BLS. 8

HANDBÆKUR FYRIR FJALLAGARPA
*Nauðsynlegar í jeppann* BLS. 10



VIÐSKIPTAVINURINN
Í FYRSTA SÆTI

Glitnir Fjármögnun býður fjölbreytta kosti við fjármögnun bíla og atvinnutækja.

**Eigð'ann**

Eignastu bílinn með hjálp Glitnis

- **Bílalán**
- **Bílasamningur**

**Leigð'ann**

Greiddu aðeins fyrir afnot af bílnum

- **Einkaleiga**
- **Rekstrarleiga**

Hafðu samband í síma 440 4400 eða kynntu þér málið á **www.glitnirfjarmognun.is**

GLITNIR
FJÁRMÖGNUN



Um síðustu helgi fór Litladeild 4x4 að skála félagsins við Hofsjökul.



Stoppað til að pumpa í dekkin og undirbúa jeppana undir akstur á malbiki.



Ferðin reyndist hin skemmtilegasta og var ekið um grýttan veg, svo jepparnir og ökumennirnir fengu aðeins að reyna á sig.

# Útsýni til allra átta

Hjónin Hrafnhildur G. Stefánsdóttir og Ólafur Gunnarsson eru meðal félagsmanna í Litludeild Ferðaklúbbsins 4x4. Deildin fór um síðustu helgi í skála félagsins undir Hofsjökli og þau hjónin skráðu ferðina í máli og myndum.

Litladeild Ferðaklúbbsins 4x4 gegnir því hlutverki að fara með óbreytta og lítið breytta jeppa á fjöll að vetrarlagi. Deildin stendur fyrir einni ferð í mánuði yfir vetrartímann og eru allir velkomnir með óháð dekkjastærð bíla. Deildin fer bæði í dagsferðir og helgarferðir þar sem gist er í fjallaskálum. Ekki þarf að vera skráður félagsmaður til að fara með í ferðir Litludeildar. Hægt er að fylgjast með ferðum Ferðaklúbbsins 4x4 á heimasíðunni www.f4x4.is.

Fyrsta ferð haustsins var farin síðastliðna helgi en þá var haldið í Setrið sem er skáli Ferðaklúbbsins 4x4 og stendur við rætur Hofsjökuls. Hópurinn safnaðist saman við Select á Vesturlandsvegi upp úr kl. 8 og voru saman komnir átta bílar á 31” til 38” dekkjum. Kl. 8.30 var lagt af stað og þjóðvegurinn ekinn að Geysi þar sem fyllt var á tanka og fengið sér kaffi. Eftir kaffipásu á Geysi var ekið áfram í átt að Kjalvegi. Þegar malbikaðir vegir voru á enda stoppaði hópurinn til að minnka loftþrýstinginn í hjólbörðunum sem gerir bílana mun mýkri í akstri á malarvegum og drifbetri. Nú var stefnan tekin á Kjalveg en fljótlega eftir að haldið var á stað aftur fréttist af hóp sem hafði farið úr bænum kvöldið áður og hafði ákveðið að slást í för með okkur. Næsta stopp hjá hópnum var við grjóthrúguna á Bláfellshálsi þar sem beðið var eftir fjölskyldu sem hafði skráð sig með hópnum og kom úr sumarbústað á Suðurlandi.

Eftir kaffisopa og spjall var stefnan tekin norður Kjalveg og síðan beygt inn Kerlingarfjallaleið. Í Kerlingarfjöllum var tekinn hádegismatur og svæðið skoðað.

Frá Kerlingarfjöllum var ekið norður fyrir Loðmund og yfir Illahraun í Setur. Þegar þangað var komið hafði fjölgað í hópnum og voru bílarnir nú orðnir fjórtán og voru í hópnum bílar á dekkjastærðum frá 31” og upp í 49”.

EFtir að fólk hafði komið sér fyrir í skálanum var farinn bíltúr og helsta nágrenni við skálann kannað. Veðrið var eins og best verður á kosið og útsýnið stórkostlegt til allra átta. Farinn var góður könnunarleiðangur um svæðið og haldið aftur í Setrið þar sem kveikt var upp í grillinu. Eftir mjög góðan mat var haldin kvöldvaka að fjallamannasið.

Gengið var frá skálanum á sunnudagsmorgni og haldið af stað suður Klakksleið. Hópurinn ákvað að fara og skoða Kisugljúfur en áin Kisa var auðveld yfirferðar og fær öllum bílum hópsins. Þegar haldið var áfram tóku við miserfiðar sandbrekkur þar sem reyndi á drifgetu bílanna og aksturshæfni ökumanna. Þaðan lá leiðin að Klakksskála sem stendur undir fjallinu Klakk sem leiðin dregur nafn sitt af. Þvínæst var haldið að Leppistunguskála og var tekið matarstopp þar sem ferðalangarnir voru orðnir svangir.

Góður tími var tekinn í mat og spjall áður en haldið var að Svínárnesskála og þaðan stefnan tekin suður að og niður Tungufellsdal. Stoppað var við bæinn Tungufell þar sem lofti var bætt í dekkin til að gera jeppana klára fyrir akstur á malbiki.



Veðursæld var mikil í þessari tveggja daga ferð.

Komið var í Reykjavík um kl. 8 á sunnudagskvöld og voru ferðalangarnir þreyttir en ánægðir eftir tvo góða daga á fjöllum í frábæru veðri.








## Forsíðan

TOYOTA HILUX 1982

Forsíðuna prýðir Jón Ásgeir Þorláksson á Toyota hilox árgerð 1982 í fallegri náttúru Mývatnssveitar. Bíllinn er í eigu Þorláks Jónssonar föður hans. Forsíðumynd: Örlygur Hnefill

Stilling
- til öryggis

# Militec-1 á vélina

## fyrir veturinn

- Á gírkassan, drifið, sjálfskiptinguna og vökvastýrið.
- Léttir kaldræsi, minnkar eyðslu og tryggir betri smurningu.
- Mest selda smurbætiefnið á Íslandi í tíu ár.






**Fæst á öllum smur- og bensínstöðvum**

Stilling
Bílavarahlutir

AÐALNÚMER · SÍMI 520 8000
SKEIFUNNI 11 RVÍK. · SÍMI 520 8001
DRAUPNISGATA 1 AK · SÍMI 520 8002
DALSHRAUNI 13 HFN. · SÍMI 520 8003
SMIÐJUVEGI 68 KÓP. · SÍMI 520 8004
BÍLDSHÖFÐA 12 RVÍK. · SÍMI 520 8005
EYRARVEGI 9 SELF. · SÍMI 520 8006
www.stilling.is





Litla deildin hjá 4x4 býður upp á ferðir fyrir fólk sem á lítið breytta eða óbreytta jeppa.

Allt um allt sem skiptir máli í Reykjavík

REYKJAVIK.COM
REYKJAVIKMAG

Allar nýjustu upplýsingar og fréttir á ensku á vefnum reykjavik.com og í blaðinu Reykjavikmag.

# Venjulegir jeppar geta líka farið á fjöll

Innan ferðafélagsins 4x4 er stafandi hópur sem kallast Litla deildin. Þar er vettvangur fyrir byrjendur í jeppaferðum og þá sem eiga óbreytta bíla til að komast inn í starfið.


Vel er hægt að komast á óbreyttum jeppa um fjöll og firnindi og njóta náttúrufegurðarinnar sem er einstök á fjöllum.

„Það höfðu verið umræður um það á netinu að 4x4 félagið væri ekki að skipuleggja nógu mikið af ferðum fyrir lítið breytta eða óbreytta bíla. Ég kom af stað umræðu um hvort ekki væri rétt að stofna til félagsskapar þeirra sem væru með óbreytta bíla en hefðu áhuga á að vera með,“ segir Sigurlaugur Þorsteinsson, formaður Litludeildarinnar. „Í framhaldi af þessu fór ég og ræddi við formann 4x4 félagsins og hann hvatti mig til að vinna frekar að þessu. Félagið útvegaði húsnæði undir starfið og öflugur hópur kom að málinu. Þetta var fyrir þremur árum og svo vel gekk að fljótlega var haldið í ferð í Hólaskóg og síðan í Landmannalaugar. Sama ár fórum við svo á Mýrdalsjökul með 27 bíla, nær alla óbreytta.“

Sigurlaugur segir að nafn deildarinnar hafi komið til vegna þess að menn hafi talað um að vera á litlum dekkjum og stórum dekkjum. „Við vorum allir á litlum dekkjum og því var ákveðið á stofnkvöldinu að kalla deildina Litlu deildina.“ Í Litlu deildinni fer fram kennsla fyrir þá sem koma nýir inn í starfið. „Við erum að kenna fólki grunnatriðin í sambandi við fjallaferðir, hvaða tegundir af spottum það þarf að vera með. Það eru sérstakir teygjuspottar sem við notum, en þeir þola allt að 16 tonna átak. Þá kennum við fólki að hleypa lofti úr dekkjum til að bílarnir fljóti betur í snjónum og svo kennum við fólki hvernig eigi að bjarga sér úr hinum ýmsu aðstæðum. Það má segja að þetta sé alhliða fræðsla fyrir nýja jeppamenn. Tilgangurinn með þessu starfi er að koma fólki inn í hópinn og það hefur gengið mjög vel.“

Litla deildin hefur staðið fyrir fjölda ferða þar sem óbreyttir bílar fara á fjöll. Öryggisins vegna eru þó alltaf stærri bílar með í ferðunum sem geta dregið óbreyttu bílana ef einhverjir festa sig.

„Við höfum ekki verið mikið í því að kynna þetta starf fyrr en nú þar sem við höfum verið að móta starfið hingað til,“ segir Sigurlaugur. Hann segir að framtak þess hóps sem standi að litlu deildinni hafi fengið mjög góðar viðtektir og að mikið af fólki hafi komið inn í starfið eftir að hafa prófað að fara í ferð með deildinni. „Það eru allir velkomnir í ferðir með okkur, hvort sem þeir eru félagsmenn eða ekki. Það er spennandi dagskrá hjá okkur í vetur og við vonum að sem flestir gangi til liðs við okkur.“




# Hvað á að vera í sjúkrakassanum?

Skyldubúnaður í breyttum bílum en gagnslaus án þekkingar.

Samkvæmt lögum skal vera sjúkrakassi eða -púði í öllum breyttum bifreiðum, svo og hóp- og skólabifreiðum. Vart þarf að tíunda gildi þess að eftir þeim lögum sé farið og raunar ætti slíkur búnaður að vera til staðar í öllum bílum og farartækjum.

**Innihald sjúkrakassans skal vera samkvæmt fyrirmælum landlæknis en samkvæmt þeim er lágmarksbúnaður þessi:**

- Verkjatöflur
- Heftiplástur
- Grisjuplástur
- Sárabindi
- Sáraböggull
- Sílikongrisjur eða sambærilegt (fyrir skafsár)
- Saltvatn til sárahreinsunar eða sambærilegt (einnota)
- Teygjubindi
- Skæri



Til viðbótar við þennan búnað má bæta ýmsu lauslegu við sem getur nýst vel á ferðalögum. Hælsærisplástur eða gerviskinn ætti að vera staðalbúnaður hjá öllum sem stunda gönguferðir á sínum ferðalögum. Skurðaplástur og smáplástrar geta oft komið sér vel, sem og blautklútar til hreinsunar. Íþróttalímband getur komið í staðinn fyrir heftiplástur en líka nýst sem límband við önnur tækifæri. Að lokum koma öryggisnælur sér oft vel, sem og sólarvörn, kæliáburður og einnota latexhanskar.

Engu gildir þó hversu vel sjúkrakassinn er búinn ef engin er kunnáttan. Best væri ef allir lærðu skyndihjálp á þar til gerðum námskeiðum en jeppa- og ferðafólk ætti að líta á það sem skyldu sína, enda oft á ferðinni utan alfaraleiðar þar sem langt getur verið í læknisaðstoð. Eitt slíkt námskeið getur því skilið milli lífs og dauða.

• Linsur • Gleraugu • Sólgleraugu • Linsuvökvar • Hreinsivökvar • Klútar



# góð tilboð í augastað!

## tilboð 1

Frí lesgleraugu fylgja öllum margskiptum gleraugum (umgjörð og gler)

## tilboð 2

Ef þú kaupir gleraugu með einum styrk (nær/fjær) færðu önnur gleraugu með sama styrkleika með 50% afsl.

## tilboð 3

Ef þú kaupir gleraugu þá færðu frí sólgleraugu í sama styrkleika.

Sjónfræðingur á staðnum

augastaður
færir þér nýja sýn!

Lyf & heilsa Hamraborg og JL-húsinu

Apótekarinn Augastaður Apótekaranum Hafnarstræti 95 Sími 460 3460

# Jeppaferðir sífellt vinsælli

**Tæplega þrjú þúsund félagar eru skráðir í Ferðafélagið 4x4 og á vegum þess eru ellefu skálar víða um land. Félagið hefur vaxið mikið undanfarin ár og má segja að jeppaferðir séu vaxandi áhugamál meðal landsmanna. Við fengum Jón Snæland, ritara félagsins, til að segja okkur frá því starfi sem félagið vinnur.**

„Það er mikið að gera hjá okkur núna í ár. Við höfum komið að umhverfisátakinu Á réttum slóðum ásamt fleiri aðilum. Þá erum við auðvitað alltaf að skipuleggja ferðir,“ segir Jón Snæland, ritari Ferðafélagsins 4x4. Hann segir að félagið vaxi stöðugt en félagatalan nálgast þriðja þúsundið. Jón segir að jeppasport sé ekki eins dýrt og margir haldi. Þetta sé eitthvað sem flestir geti stundað, enda sé hægt að fá ódýra jeppa til fjallaferða. „Það er hægt að kaupa 38 tommu jeppa fyrir mun minni pening en venjulegan fjölskyldufólksbíl. Þetta er á færi bæði ríkra og fátækra.



Jón segir að hægt sé að fá ódýra jeppa til fjallaferða, því sé jeppasportið bæði fyrir ríka og fátæka. Á myndinni má sjá jeppa Jóns, sem gengur undir heitinu Ofsi.

Við erum nýlega komin úr ferð í Setur sem er stærsti skálinn okkar, en þangað fóru 20 bílar um helgina. Um næstu helgi verður farið í 44 tommu ferð yfir Hófsvað á Túná. Þetta er frægt vað sem Guðmundur Jónasson fjallabílstjóri fann árið 1950. Þá eru fyrirhugaðar þrjár nýliðaferðir fram að jólum. Við stefnum að því að fara í Jökulheima, Streið og sennilega á Hveravelli.“

Jón segir að þá sé mikil vinna unnin hjá félaginu við að merkja leiðir og slóða. „Það vantar almennileg kort af akstursleiðum og við höfum verið að vinna skrá yfir leiðir sem hægt er að fara.“

Þá hefur félagið staðið fyrir landgræðsluferðum í Þórsmörk og hafa félagsmenn verið duglegir að taka til hendinni við uppgræðslu landsins. Jón segir að öllum sé velkomið að koma í félagið og það sé auðvelt að skrá sig. „Fólk getur skráð sig á vefsíðu okkar eða komið á skrifstofuna.“



Jón G. Snæland segir að öllum sé velkomið að koma í félagið. Sjá www.4x4.is.



Félagið hefur staðið fyrir landgræðsluferðum í Þórsmörk.



Félagsmenn hafa verið duglegir að leggja hönd á plóg í landgræðslu.











Þyrlum hefur verið beitt til að ná þeim sem keyra utanvegar. Ekki er þó sami skilningur hjá öllum á því hvað teljist utanvegaakstur.

# Telja lögreglu ganga of hart fram

**Ferðaklúbburinn 4x4, Vélhjólaíþróttaklúbburinn, Ferðafélag Íslands, Útivist, Umhverfisstofnun, Landgræðsla ríkisins og Landvernd kynntu í sumar átak gegn utanvegaakstri sem hefur verið vaxandi vandamál.**

Mörgum þykir að lögreglan hafi gengið fram af of mikilli hörku undanfarið og að ótækt sé að taka fólk fyrir utanvegaakstur þegar það keyrir á vegaslóðum.

„Það eru alltaf einhverjir sem fara utan vega og skemma náttúruna og það var ástæða þess að farið var af stað með átakið Áfram veginn á réttum slóðum,“ segir Dagur Bragason, en hann á sæti í umhverfisnefnd Ferðafélagsins 4x4. Félagið hefur það að markmiði að gefa gott fordæmi um umgengni og verndun landsins. Undanfarið hefur lögregla í umdæmi Sýslumannsins á Selfossi verið sökuð um að ganga of hart fram í herferð gegn utanvegaakstri og dæmi séu um að menn séu stöðvaðir fyrir utanvegaakstur á vegarslóðum. „Sýslumaðurinn á Selfossi hefur túlkað það sem svo að ef vegur er ekki á korti Landmælinga þá séu ökumenn utan vegar. Ýmsir slóðar sem jeppafólk hefur notað eru ekki á þeim kortum en eru engu að síður til staðar,“ segir Dagur.

Hann segir það hafa verið eilífa baráttu að fá að ferðast um landið. „Ferðafélagið hefur á sínum snærum slóðanefnd sem vinnur að skrásetningu vegarslóða víða um land. Samkvæmt þeirri skilgreiningu sem Sýslumaðurinn á Selfossi hefur ákveðið að nota er bara lítill hluti þeirra vega sem við notum leyfilegir,“ segir Dagur.

NÝR VEITINGASTAÐUR

Í HJARTA MIÐBÆJARINS

# GEYSIR

## Bistro & Bar



GEYSISHÚSINU
Aðalstræti 2
101 Reykjavík
s: 5174300



Góðar veitingar...

í fallegu og vinalegu umhverfi...

í einu glæsilegasta húsi miðbæjarins.


Eitt af því sem fylgir jeppaferðum á fjöll, er fjörið við að losa bílana úr sköflum. Þessi mynd er tekin í kvennaferð 4x4 árið 2004.
FRÉTTABLAÐIÐ/ATLI

# Ekki bara karlasport

Það eru ekki bara karlmenn sem hafa gaman af því að keyra kraftmikla bíla um fjöll og dali. Um nokkurra ára skeið hefur hópur kvenna úr Ferðafélaginu 4x4 farið í árlega kvennaferð. Agnes Karen Sigurðardóttir er einn skipuleggjenda ferðanna.

„Ég hef komið að skipulagningu þessara ferða undanfarin þrjú ár, en svona ferðir hafa verið farnar árum saman. Kristín Sigurðardóttir, sem var um tíma formaður Ferðafélagsins 4x4, kom þessu af stað á sínum tíma," segir Agnes. Hún segir að oft hafi karlpeningurinn sóst eftir því að koma með í ferðirnar. „Það hefur ýmsum brögðum verið beitt. Karlmenn hafa skráð sig í ferðina undir kvenmannsnöfnum, eða boðist til að elda ofan í okkur í ferðinni eða þrífa." Síðastliðin þrjú ár hefur verið farið í skála Ferðafélagsins í Setri undir Hofsjökli. „Þetta er stærsti skálinn og þess vegna höfum við valið hann. Það eru nokkrar skemmtilegar leiðir að skálanum og því er töluverð tilbreyting milli ára. Í ár förum við Kerlingarfjallaleiðina og það var mjög skemmtilegt.

Í fjölmennustu ferðinni voru sextíu og fjórar konur en það er í það mesta. Það er þægilegast þegar eru um fimmtíu konur," segir Agnes. Hún segir miðað við að ekki séu fleiri en tvær konur saman á bíl. Í mörgum tilfellum eru eiginmenn í 4x4 félaginu og hafa smitað konurnar af áhuganum en svo eru til dæmi þess að konur hafi dregið menn sína inn í starfið.

Agnes segist hafa verið með bíladelluna frá því hún var barn. „Þegar ég var yngri langaði mig að verða bifvélavirki en var sagt að stelpur ættu ekki að vera með smurningu á fingrum og skít undir nöglum. Það er alltaf einhver hópur sem þykir þessi áhugi okkar kvenna skrítinn. Við erum hins vegar á þeirri skoðun að þetta sé sport fyrir alla fjölskylduna," segir Agnes.


Agnes Karen segir karlmenn hafa beitt ýmsum brögðum til að fá að komast með í kvennaferðirnar. Þeir hafi meðal annars skráð sig undir kvenmannsnöfnum.
FRÉTTABLAÐIÐ/ATLI


Stór hópur kvenna sækir ferðirnar á ári hverju.
FRÉTTABLAÐIÐ/ATLI



# Bíla...Áttan

## býður betur fyrir bílinn þinn!



Smurstöð



Dekkjaverkstæði



Bílaverkstæði



Vara- og aukahlutaverslun

## Allt á einum stað!

Lámarks biðtími

9 bílalyftur

Bíla...Áttan
Smiðjuvegi 30
Sími 587 1400

www.bilaattan.is

# Ætlar á honum á þorrablót

Margir bílaáhugamenn hafa skemmt sér við að gera upp eða betrumbæta bíla sína. Einn þeirra er Theodór Kristjánsson en hann er að gera upp 1988 árgerð af Landcruiser HJ62 í bílskúrnum sínum.

„Ég er búinn að eiga þennan bíl í nokkur ár og það má segja að ég sé búinn að gera allt sem hægt er að gera við hann. Ég er búinn að mála hann og gera hann fínan, áður hafði ég sett í hann 6,5 lítra vél úr suburban og sjálfsskiptingu sem tilheyrir henni. Núna er ég að setja bátaolíuverk í hann,“ segir Theodór sem er menntaður vélaverkfræðingur. „Síðan hef ég notið góðrar aðstoðar frá konunni minni, Jarþrúði Þórarinsdóttur, en hún er rafmagnstæknifræðingur og hefur hjálpað mér með raflagnir í bílnum.“


Hér er bíllinn áður en Theodór tók hann í gegn.

Hann segir að þetta sé skemmtilegt áhugamál en þetta er í annað skipti sem hann vinnur að bílabreytingum. Theodór stefnir að því að fara á bílnum fullgerðum á þorrablót 4x4 félagsins á næsta ári. „Ég ferðast töluvert um fjöll, en hef þó ekki haft eins mikinn tíma til þess núna eins og áður. Ég keypti Patrol jeppa sem ég hef notað meðan ég er að vinna að hinum. Ég get hins vegar ekki hrósað honum þótt hann sé þægilegur að keyra. Síðast þegar ég fór á fjöll fór ég hjólandi,“ segir Theodór.


Búið er að mála bílinn og nú er Theodór að setja bátaolíuverk í hann.

## Landcruiser HJ62 árgerð 1988

Sérsmíðuð fjöðrun að framan og aftan með mjög mikla slaglengd.

Bílinn var upphaflega með 4.0 turbo dísil og með 24volta rafkerfi en er nú með 6,5 turbo dísil vél með 4L80E rafstýrði sjálfskiptingu. Vélin var mæld á bekk hjá Tækniþjónustu bifreiða og skilaði bíllinn þar um 240 hestöflum og 697 Nm í togi.

Þetta fer síðan í 340 hestöfl og tog nálægt 800 Nm þegar öllum breytingum verður lokið.


TUCSON
2.7L ssk. 175 hö.
Kr 2.990.000
- ESP stöðugleikastýring
- ABS með EBD og TCS spólvörn
- Skriðstillir
- Sjálfvirkt 4x4 aldrif
- Driflæsing
- 6 loftpúðar
- Hiti í framsætum
- Hiti í framrúðu við þurrkublöð
- 16" álfelgur
- Aftenging fyrir barnabílstól
- Gullverðlaun fyrir gæði

Vertu í góðum málum

Hefur gæðin






Toyota RAV4 GX, 150 hö ssk. kr. 3.380.000
TUCSON, 175 hö ssk. kr. 2.990.000

HYUNDAI hefur gæðin

B&L • Grjóthálsi 1 • 110 Reykjavík • 575 1200 • www.bl.is

Keflavík 421 4444 Selfoss 575 1460 Akranes 431 2622 Akureyri 461 2533 Egilsstaðir 471 2524


## Handbækur fyrir fjallafara

Fjallaförum er nauðsynlegt að eiga góðar korta- og handbækur. Jón Snæland hefur gefið út tvær bækur sem gagnast fjallaförum vel, en hann hefur áratugalanga reynslu af ferðum um hálendi Íslands.

UTAN ALFARALEIÐA




Í bókinni Utan alfaraleiða er fjallað í máli, myndum og kortum um spennandi jeppaleiðir, bæði þekktar leiðir og minna þekktar. Í bókinni er að finna ítarlegar myndskreyttar skrár um vöð, skála og laugar, inngangskafla með ýmsum nauðsynlegum upplýsingum fyrir jeppaferðalanga. Þá eru upplýsingar um 60 jeppaleiðir, sem fara má sumar og vetur, GPS-punkta, akstурstíma, vegalengdir, gistimöguleika, kröfur til ökutækja, þjóðlegur fróðleikur og margt fleira.

EKIÐ UM ÓBYGGÐIR




Í bókinni Ekið um óbyggðir er af finna ríkulega myndskreyttar lýsingar á 82 ökuleiðum um hálendið. Fjallað er um hvers konar bílum þær eru færar, hvað ber að varast á þeim og bent á athyglisverða staði. Þá eru töflur með GPS-punktum, kort af leiðunum, upplýsingar um vegalengdir og akstурstíma, hvar hægt er að taka eldsneyti og ýmislegt annað sem nauðsynlegt er að vita. Í bókinni er myndskreytt skálaskrá með upplýsingum um 115 skála á hálendinu, m.a. GPS-staðsetningu, gistirými, kyndingu, umsjónaraðila og símanúmer þeirra. Þá er sérstakur kafli um ár þar sem gerð er grein fyrir tæplega eitt hundrað vöðum.

# LOKSINS LOKSINS LOKSINS

## Hollywood þægindi á Íslandi!



## Hann er til leigu!

- Hentar vel við ýmis tækifæri, svo sem afmæli, brúðkaup og fundi
- Tekur 17 farþega
- Lystisnekkja á hjólum

**GOLD LIMO**

SÍMI 897 0930 • goldlimo@goldlimo.is



Porsche Cayenne

**Við hættum ekki að leika okkur af því að við verðum gömul.**
**Við verðum gömul af því að við hættum að leika okkur.**

**Porsche Cayenne.**

PORSCHE

Bílabúð Benna

Bílabúð Benna - Vagnhöfða 23
Sími 590 2000 - www.porsche.is

# TILKYNNINGAR

## Tapað - Fundið

Grár Samsung gsm sími tapaðist aðfaranótt laugardags í miðbænum. Finnandi vinsaml. hafi samb. í 565 7876.

## Ýmislegt

**Engar skuldir - Hærri tekjur**
Skoðaðu Magnad.com og lærðu að skapa þér þær tekjur sem þú vilt - heima hjá þér!

## Einkamál




Ert þú karlmaður? Viltu láta dekra við þig? Hafðu samband í síma 869 6914.

Dömurnar á Rauða Torginu vilja heyra í þér! Yndislegt spjall við yndislegar dömur! Hver verður vinkona þín í kvöld? Símar 908-6000 (kr. 299,90 mín) og 535-9999 (ódýrara, kr. 199,90 mín)

„Kvöldsögurnar“ á Rauða Torginu eru góð afþreying fyrir karlmenn! Símar 905-2002 (kr. 99,90 mín) og 535-9930 (ódýrara, kr. 19,90 mín)

Notalegt nudd. Uppl. í s. 616 6469.

**Símaspjall 908 2020**
Ég er komin til baka hress og kát eftir gott frí langar til að vera vinkona þin í kvöld og í nótt. Komdu og leiktu við mig í ljúfu símaspjalli.

**Símaspjall 908 2444.**
Símaspjall 908 2444. Ég er spennandi, ég er Klara. Ásamt fleiri stelpum sem langar að vera vinkona þín í kvöld. Opið allan sólahringinn.

**Allar smá-auglýsingar einnig frítt í viku á visir.is**
PÖNTUNARSÍMI 550 5000 EÐA Á VISIR.IS
FRÉTTABLAÐIÐ

allt matur
Alla föstudaga

**Sýslumaðurinn á Húsavík**

# UPPBOÐ

Endurbirt vegna leiðréttingar.
Framhald uppboðs á eftirfarandi eign verður háð á eigninni sjálfri, sem hér segir:

Eignarhluti gerðarþola í Vatnsenda lóð 221-7717, Birkis Björnssonar, gerðarbeiðandi Sýslumaðurinn á Akureyri, föstudaginn 29. september 2006 kl. 11:00.

**Sýslumaðurinn á Húsavík, 25. september 2006**

# ATVINNUTÆKIFÆRI

Til sölu fyrirtæki í innflutningi, heildsölu og smásölu.
Góð álagning. Falleg, hrífandi og auðseljanleg vara.
Verð ca. 12 m.
Svar merkt: „Uppgrip“ sendist á netfangið: galle@isl.is

**OPIÐ HÚS Í DAG ÞRIÐJUDAGINN 26. SEPTEMBER KL 17:00 -17:30 LAUTASMÁRI 5 FALLEG 3JA HERBERGJA ÍBÚÐ Í LYFTUHÚSI. TILVALIN FYRIR ELDRI BORGARA.**

HÚSIÐ 513 4300
*Vilhjálmur Bjarnason lögg. fasteignasali*
*Helgi H. Jónsson lögg. fasteignarsali*



Falleg 3ja herbergja **94,1 fm** íbúð á annari hæð í góðu lyftuhúsi á vinsælum stað í Kópavoginum þar sem stutt er í alla helstu þjónustu svo sem verslun, heilsugæslu, þjónustumiðstöð, skóla og leikskóla. Íbúðin skiptist í anddyri, hol, tvö herbergi, baðherbergi, þvottahús, stofu, svalir og eldhús. Gólfefni eru parket og flísar.
**VERÐ 24,5 m**
Allar nánari upplýsingar gefur Ólafur Haukur í síma 693-4868
Verið velkominn

## Fulltrúakjör til ársfundar Alþýðusambands Íslands

EFLING stéttarfélag – Stendur með þér!

Allsherjaratkvæðafgreiðsla verður viðhöfð við kjör fulltrúa á ársfund Alþýðusambands Íslands sem haldinn verður í Reykjavík dagana 26. og 27. október 2006.

Tillögur vegna ársfundar Alþýðusambands Íslands með nöfnum 50 aðalfulltrúa og jafnmörgum til vara, ásamt meðmælum 120 fullgildra félagsmanna, skulu hafa borist skrifstofu Eflingar-stéttarfélags fyrir kl. 12.00 miðvikudaginn 4. október nk.

**Kjörstjórn Eflingar-stéttarfélags**

## Smiðir og verkamenn

**Óskum eftir smiðum í mælingu eða tímavinnu, sem og almennum verkamönnum - næg verkefni framundan**

Leggjum áheyrslu á skemmtilegt starfsumhverfi, öflugt starfsmannafélag og ferðasjóð. Sterkt og gott fyrirtæki

Upplýsingar gefa Kári Bessason í síma 693-7004 og Krisján Yngvason í síma 693-7005.

Einnig er hægt að sækja um á www.jbb.is.

JB Byggingafélag

JB Byggingafélag, Bæjarlind 4, s: 544-5333

# KÓPAVOGSBÆR

## Menningarstarf í Kópavogi

- **Lista- og menningarráð Kópavogs auglýsir eftir umsóknum um styrki til verkefna /viðburða á sviði menningar og lista í Kópavogi.**
Einstaklingar, félagasamtök og stofnanir geta sótt um styrki úr sjóðnum.

Umsóknum skal skilað á þar til gerðum umsóknareyðublöðum fyrir 9. október nk., ásamt fylgiskjölum.

Eyðublöðin fást á skrifstofu Tómstunda- og menningarsviðs Fannborg 2, 2. hæð og á heimasíðu Kópavogs, **www.kopavogur.is**

Lista- og menningaráð Kópavogs veitir styrki til menningarstarfs í Kópavogi tvisvar á ári, í október og apríl.

**www.kopavogur.is**

# Síðasti félagsfundurinn

**Lokafundur í Félagi járniðnaðarmanna** fyrir sameiningu félaganna verður haldinn þriðjudaginn 26. september í Borgartúni 30. Fundurinn hefst stundvíslega kl. 20:00.

Á dagskrá fundarins eru:

Sameining Félags járniðnaðarmanna og Vélstjórafélags Íslands og skil við Samiðn
Kjör fulltrúa á ársfund Alþýðusambandsins
Námskeiðsframboð á haustönn

Í fundarlok verður boðið upp á kaffiveitingar - Stjórnin.

Sveitarfélagið ÁRBORG

# Auglýsing

**um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Árborg.**

*Aðalskipulagsbreyting á landi Stóru -Sandvíkur.*

Í samræmi við 18. gr. Skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum er hér með auglýst til kynningar tillaga að breytingu á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Árborgar 2005 - 2025.

Svæðið sem breytingin nær til er í land Stóru - Sandvíkur og er 5,3 ha. og afmarkast af Kaldaðarnesvegi (nr. 316) að norðan, Eyrarbakkavegi (nr. 34) að austan og ræktuðum túnum Stóru Sandvíkur að sunnan (eignarhluta B) og vestan ( eignarhluta C ). Aðkoma að svæðinu mun vera frá Kaldaðarnesvegi. Gert er ráð fyrir einnar hæðar sérbýlislóðum 1.000 - 1.400 m2.

*Aðalskipulagsbreyting á landi Byggðarhorns.*

Í samræmi við 18. gr. Skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum er hér með auglýst til kynningar tillaga að breytingu á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Árborgar 2005 - 2025.

Svæðið sem breytingin nær til er land 1 og lóð 173956 í landi Byggðarhorns og er 150 ha. að stærð og afmarkast af landi Jórvíkur að austan, Brautartungu, Kökks, Hoftúns og Stokkseyrarmýrar að sunnan, Móskóga lands að vestan og Byggðarhorns og Lómhólstjarnar að norðan.

Tillagan gerir ráð fyrir breyttri landnotkun svæðinu verði breytt úr landbúnaðarnotum í blandaða landnotkun íbúðarsvæða og opinna svæða til sérstakra nota (búgarðabyggð).

**Skipulagsstofnun hefur gert athugasemd við aðalskipulagsbreytingarnar og liggur athugasemd stofnunarinnar frami á sama stað og skipulagstillögurnar.**

Teikningar og greinargerðir vegna tillagnanna, svo og athugasemdir Skipulagsstofnunar munu liggja frammi á skrifstofu framkvæmda - og veitusviðs Árborgar að Austurvegi 67 á Selfossi frá og með 25. september til og með 23. október 2006.

Frestur til að skila inn athugasemdum rennur út 09. nóvember 2006 og skal þeim skilað skriflega til skipulags- og byggingarfulltrúa á skrifstofu framkvæmda- og veitusviðs Austurvegi 67, 800 Selfossi.

Á sama tíma eru teikningar og greinagerðir til kynningar á heimasíðu Árborgar http://www.arborg.is þar sem hægt er að skoða þær og senda athugasemdir til skipulags- og byggingarfulltrúa í netfangi skipulag@arborg.is.

Þeir sem ekki gera athugasemdir við tillögurnar innan ofangreinds frests, teljast samþykkir þeim.

Selfossi, 20. september 2006
Bárður Guðmundsson, skipulags- og byggingarfulltrúi Árborgar.

RE/MAX LIND

# Teymi sem skilar árangri









Þórarinn
Jónsson hdl.
Lögg. fasteignasali

Vignir
Sölufulltrúi
865 4039
vignir@remax.is

Baldvin
Sölufulltrúi
892 3330
baldvin@remax.is

Konráð
Sölufulltrúi
konrad@remax.is

Gunnar
Sölustjóri
822 3702
gv@remax.is

Snorri Björn
Sölufulltrúi
699 4407
snorri@remax.is

Hreiðar
Sölufulltrúi
694 2324
hreidar@remax.is



Asparholt



Álfatún



Eyravegur



Hjallabraut



Ofanleiti



Hraunbær



Sunnuvegur



Laugarnesvegur



Þrastarás

# Þarf eignin þín að seljast?

## HRINGDU NÚNA Í SÍMA 822 3702
## OG VIÐ KLÁRUM MÁLIÐ

Allar RE/MAX fasteignasölur eru sjálfstætt reknar og í einkaeign

www.remax.is

## SJÓNARHORN



Lundinn svífur léttur um loftið í leit að æti.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## HVUNNDAGURINN

### *Hlakkar til að komast í kaffið*

„Mínir dagar eru þannig að það eru aldrei tveir eins," segir Anna Guðný Guðmundsdóttir píanóleikari þegar hún er spurð hvernig hvunndagurinn hennar sé. „Það er auðvitað byrjað á því að vakna. Ég hef klukkuna stillta á 7.10 og dorma svo í tíu mínútur. Þá vek ég unglinginn, fæ ég mér djús og síðan er keyrt af stað, fyrst með hann í skólann og svo fer ég í líkamsrækt sem ég stunda hér í minni heimabyggð, Mosfellsbæ. Eftir það er mikil tilhlökkun að komast heim og fá sér kaffi. Þar sem ég er fastráðin hjá sinfóníunni fer ég á æfingar þar á morgnana, þá er æft fyrir tónleikana sem jafnan eru á fimmtudagskvöldum. Eftir hádegið taka við aðrar æfingar, ýmist hér heima eða annars staðar því yfirleitt er ég með mörg verkefni framundan sem ég þarf að undirbúa vel," segir Anna Guðný sem meðal annars er fastur undirleikari hjá stórsöngkonunni Diddú. Meðfram spilamennskunni sinnir Anna Guðný svo heimili og fjölskyldu en kveðst þó sleppa við eldamennsku. „Ég er svo heppin að vera gift góðum kokki sem sér um matseldina og yfirleitt matarinnkaupin líka," segir hún glaðlega.



ANNA GUÐNÝ GUÐMUNDSDÓTTIR, PÍANÓLEIKARI

## Golden Gate-brúin



Golden Gate-brúin var vígð í lok maí árið 1937. Á þeim tíma var hún lengsta brú heims en í dag er það Akashi-Kaikyo brúin í Japan. Hún leysti af hólmi ferju sem flutti bíla og farþega yfir munna San Francisco-flóa og var mikil samgöngubót.

Brúin þykir ein sú fallegasta í heiminum og er hún löngu orðin að tákni San Francisco-borgar. Fáir vita að hún á sér systurbrú í Portúgal, en sú brú er minni og þykir ekki jafn falleg.

Golden Gate-brúin á sér dökka hlið. Frá vígslu bryggjunnar hafa um 1.300 manns stokkið fram af brúnni og framið sjálfsvíg. Einhverjar sögur eru af fólki sem stokkið hefur og lifað, einn meira að segja synti sjálfur í land, en dæmi eru um að fólk sem lifað hefur af fallið endurtaki stökkið.





Outlet
Mörkinni 1
neðri hæð

ALLT
á
500 kr.
fram á
laugardag

ZIKZAK
TÍSKUHÚS
• Mörkinni 1 •

# Greinargerð frá sóknarnefnd Skálholtssóknar

**Umræðan**

Grein eftir Ingólf Guðnason, formann sóknarnefndar, og Gylfa Haraldsson gjaldkera.

Árið 1989 var ákveðið að ráða organista til starfa í Skálholtsprestakalli. Sama ár var gengið til samninga við Hilmar Örn Agnarsson. Hefur sú ákvörðun reynst vera hið mesta heillaspor fyrir samfélagið. Sr. Guðmundur Óli Ólafsson, þáverandi sóknarprestur, vann hugmyndinni brautargengi og hafði forgöngu um ráðninguna. Gert var samkomulag um greiðslu launa organistans, þannig að Skálholtsstaður greiddi sem nemur 10 mánaðarlaunum árlega, sóknirnar fjórar í Skálholtsprestakalli greiða ein mánaðarlaun og Biskupstungnahreppur ein. Þetta samkomulag hefur sérstöðu í íslenskum sveitakirkjum; almennt standa sóknir straum af launum organista. Í ljósi sérstöðu Skálholts sem dómkirkjustaður, biskupssetur og móðurkirkja kristni á Íslandi, en um leið fámennt og tekjulítið prestakall, var sú ákvörðun tekin á sínum tíma og hefur ríkt fullur skilningur á því fyrirkomulagi, sem nú er komin löng og farsæl hefð á.

Ráðning organista sannaði fljótt gildi sitt fyrir kirkjustarfið. Pípuorgel Skálholtskirkju tók að hljóma oftar og organistinn fékk því framfylgt með þrautseigju að það var stækkað til muna og telst nú vera afbragðshljóðfæri. Ekki leið á löngu þar til hann hafði stofnað öflugan kór, Skálholtskór, sem söng í kirkjunum fjórum og víðar. Kórinn vakti fljótt athygli fyrir vandaðan flutning og skemmtilegt efnisval og laðaði til sín landsþekkt söngfólk og hljóðfæraleikara. Í dag er Skálholtskór einn virtasti kirkjukór landsins og nýtur bæði Skálholtsstaður, Skálholtsskóli og allur söfnuðurinn góðs af fjölbreyttu starfi hans.

Barna- og kammerkór Biskupstungna var stofnaður af Hilmari Erni fljótlega eftir að hann kom til starfa. Kórinn hefur ekki formleg tengsl við Skálholtsstað heldur er hann rekinn af sjálfsaflafé. Samt njóta sóknarbörn, Skálholtsstaður og þjóðkirkjan þess í ríkum mæli hversu stórkostlegt starf þar fer fram. Álit tónlistarfólks er að hann sé í hópi albestu barna- og unglingakóra á landinu. Sérlegur verndari Barna- og Kammerkórs Biskupstungna er Arndís Jónsdóttir skólastjóri, eiginkona vígslubiskupsins í Skálholti.

Nú ber svo við að stjórn Skálholts, þar sem vígslubiskup er í forsæti, kallar formenn sóknarnefnda á sinn fund þann 14. september sl. Á þeim fundi tilkynnti stjórnin að Hilmari Erni hefði verið sagt upp störfum frá 1. október að telja með 3 mán. uppsagnarfresti. Um leið sagði stjórn Skálholts upp, fyrir sitt leyti, samstarfssamningnum sem fyrr er getið. Skýringin sem fylgdi var að stjórnin hafði ákveðið að leggja niður starf organista í núverandi mynd. Í hans stað hyggst stjórn Skálholts ráða e.k. tónlistarstjóra sem hafa skal yfirumsjón með tónlistarmálum á Skálholtsstað, í nánum tengslum við m.a. embætti söngmálastjóra þjóðkirkjunnar, Tónskóla þjóðkirkjunnar og Sumartónleika í Skálholti ásamt Skálholtsskóla. Vitnaði stjórnarformaður í röksemdafærslu sinni nánast orðrétt í greinargerð vegna úttektar söngmálastjóra þjóðkirkjunnar á tónlistarstarfi í Skálholti, sem hann hafði verið beðinn um að gera fyrr á þessu ári og lá fyrir í drögum í júní s.l. „Hvað þið (þ.e. sóknirnar) gerið er ekki okkar mál,“ voru orð eins stjórnarmanns á fundinum, aðspurður um framtíðarsýn stjórnarinnar á tónlistarstarf í prestakallinu. Okkur var einnig gert ljóst að á þessum fundi væru þeir ekki komnir til samninga. „Enginn samningsgrundvöllur við sóknirnar,“ „Við erum ekki hér til að semja við ykkur,“ voru orð sem dundu á okkur. Ekkert okkar vissi að búið væri að ákveða að hrófla við stöðu organistans, hvað þá að honum hafði þá þegar verið sagt upp störfum. Það má því nærri geta að okkur var brugðið við þessar fréttir.

Vígslubiskup hefur sagt í fjölmiðlum (Fréttablaðið 18. sept.) að ákvarðanir um að segja Hilmari upp störfum hafi verið gerðar í fullu samráði við sóknarnefndirnar. Þeirri fullyrðingu hafa allar sóknarnefndirnar mótmælt í bréfi til biskups Íslands og stjórnar Skálholts, sem vonlegt er. Einnig segir vígslubiskup, m.a. í útvarpsviðtali á Rás 1 22. september og í Morgunblaðinu 20. sept., að væntanlegur tónlistarstjóri skuli fyrst og fremst aðlaga tónlistarstarfið þörfum ferðafólks, Skálholtsskóla og þeirra sem vilja dvelja á staðnum. Hann vék ekki einu orði að því að söfnuðurinn mætti búast við aukinni þjónustu þessa starfsmanns. Framganga stjórnar Skálholts samkvæmt ofangreindu getur vart talist samboðin leiðtogum þjóðkirkjunnar.

Sérstakt áhyggjuefni eru klausur úr greinargerð Harðar Áskelssonar söngmálastjóra. Sá hluti í greinargerð hans sem fjallar um fjármuni er fara til organistastarfsins gæti beinlínis gefið ástæðu til að efast um ályktunarhæfni hans í starfi: „Ekki verður séð að þeir fjármunir sem kirkjan leggur sérstaklega til þessa starfsþáttar skili sér í blómlegra starfi í Skálholti en gengur og gerist.“ Þvílík öfugmæli!

Þá segir Hörður í greinargerð sinni að það sé ástæða til að yfirstjórn kirkjunnar endurskoði „ýmsa þætti í mótun dagskrár og framkvæmd Sumartónleika í Skálholti“. Framkvæmdastjóri Sumartónleika í Skálholti hafði engar spurnir fengið af því að verið væri að þinga um málefni Sumartónleikanna er ég innti hann eftir því fyrir skömmu. Íhlutun yfirstjórnar kirkjunnar í dagskrá Sumartónleikanna hlýtur að teljast vera róttæk aðgerð. Hvert er álit íslensks listafólks á slíkum vinnubrögðum?

Sóknarbörn bera mikinn kvíðboga fyrir framtíðarstarfi í sóknarkirkjum sínum. Við horfum fram á vetur án þátttöku Skálholtskórs í tónlistarflutningi. Við sjáum fram á að allt starf Barna- og Kammerkórs Biskupstungna leggist niður. Við búum okkur undir þá raun að gera börnum okkar grein fyrir ástæðum þess, og eins að ástsæll kórstjóri þeirra, félagi og trúnaðarvinur til margra ára hafi þurft að hverfa af vettvangi á miðjum vetri. Nú blasir við, að óbreyttu, að í Skálholti verður í hugum sóknarbarna ekki lengur sóknarkirkja heldur ferðamannakirkja, gistiheimili, leikvöllur kirkjuvaldsins.

Hefði stjórn Skálholts unnið tillögur að breyttu fyrirkomulagi tónlistarstarfs í góðri samvinnu við núverandi organista, sóknarnefnd Skálholtssóknar og fulltrúa hinna sóknanna í prestakallinu, hefði án efa fundist farsæl niðurstaða þar sem kirkjan fengi áfram notið óumdeildra hæfileika Hilmars Agnarssonar.

Enn er von. Stjórn Skálholts getur ennþá dregið uppsögn Hilmars til baka og óskað eftir samvinnu við hann, sóknarnefnd og aðra hlutaðeigendi.




Öll börn eiga rétt á að geta greint á milli þess hvað má og má ekki gera við líkama þeirra.

Talaðu við barnið þitt og upplýstu það um staðreyndirnar – **því fyrr því betra.**

Barn sem þekkir muninn á réttu og röngu er betur í stakk búið til að neita, segja frá og komast óskaddað frá óeðlilegum kringumstæðum sem það vill ekki taka þátt í.

**Rjúfðu þögnina og fræddu barnið þitt – það er á þína ábyrgð**

**Hvernig tölum við um þetta við börnin? Fáðu leiðbeiningar á www.blattafram.is.**
**Ef velferð barns er í húfi hringdu í 112**

BLÁTT ÁFRAM!

# Öflugasta vörnin er uppbygging einstaklingsins

**Umræðan**
Forvarnardagurinn


**JÓNA FANNEY FRIÐRIKSDÓTTIR**

Fimmtudaginn 28. september verður í fyrsta sinn haldinn Forvarnardagur í grunnskólum landsins undir heitinu Taktu þátt!

Varla fyrirfinnst sú fjölskylda í landinu sem ekki hefur fengið óbragð af því þegar fjölskyldumeðlimur leiðist út af beinu brautinni. Á degi hverjum heyrum við sláandi fréttir af ungmennum sem hafa orðið vímuefnavandanum að bráð. Og víst er að ellefu ára barn er ekki gómað af lögreglu með fíkniefni nema þar standi að baki fullorðnir einstaklingar með skipulagða glæpastarfsemi. Íslenska þjóðin hefur fengið sig fullsadda af því að ráðist sé í gróðaskyni og með skipulögðum hætti inn í líf barna og unglinga og framtíð þeirra og aðstandenda lögð í rúst. Allt samfélagið ber ábyrgð á að koma í veg fyrir það.

Lögbundið forvarnarstarf sveitarfélaga í landinu er samtvinnað öðrum viðfangsefnum þeirra og fer markvisst fram innan veggja skólans, í æskulýðsstarfi og með fjárframlögum sveitarfélaga til æskulýðs- og íþróttafélaga. Félagsmiðstöðvar eru víðast hvar reknar af sveitarfélögunum og þar er unnið mikilvægt starf í samvinnu við ungmennin enda sýna niðurstöður rannsókna að þeir sem stunda skipulagt æskulýðs- og tómstundastarf verða síður fíkniefnum að bráð. Sveitarfélögin gegna því mikilvægu hlutverki sem einn hlekkur í forvarnarkeðjunni.

Allir sem koma að uppeldismálum innan samfélagsins eru mikilvægir hlekkir í keðjunni og þurfa að starfa sem ein heild. Öflugasta forvörnin hlýtur að vera uppbygging einstaklingsins. Niðurstöður íslenskra fræðimanna segja að þau ungmenni sem verja í það minnsta klukkustund á dag með fjölskyldum sínum séu síður líkleg til að hefja neyslu fíkniefna. Í hraða neyslusamfélagsins hljótum við foreldrar að geta staldrað við og hugleitt þetta alvarlega í stað þess að eiga á hættu að eyða ómældum tíma síðar í andvökur, gremju og sorg þegar barnið okkar er horfið á vit vímuefna.

Fórnarlömb vímuefna tilheyra hvorki einni tiltekinni þjóðfélagsstétt, eða stöðu. Börn og ungmenni á Blönduósi eru í jafn mikilli hættu á að lenda í öngstræti fíkniefna eins og ungmenni í Reykjavík eða á Kópaskeri. Því eru allir dagar ársins forvarnardagar.

Þakka ber frumkvæði forseta Íslands og þeim sem að deginum standa fyrir að tileinka einn dag ársins forvörnum og vekja þannig enn frekar vitund og umræðu um þennan málaflokk. Forvarnardagurinn, 28. september, hefur nú þegar vakið undirritaða til vitundar um mikilvægi þess að nú sé lag með að aðilar frá félagsmiðstöð, heilsugæslu, félagsþjónustu, lögreglu, kirkjunni og grunnskólanum á Blönduósi komi saman og vinni að hnitmiðari forvarnaráætlun sveitarfélagsins.

*Höfundur er móðir og bæjarstjóri Blönduósbæjar.*


CAPACENT KYNNIR

MICHAEL E.

Prófessor Michael E. Porter, sem talinn er fremsti hugsuður heims á sviði stefnumótunar og stjórnunar, heldur tvo fyrirlestra á Íslandi þann 2. október næstkomandi.

Hótel Nordica kl. 7.30–11.00

THE COMPETITIVENESS OF ICELAND

Michael Porter er forseti World Economic Forum sem gefur út virtustu skýrslu heims um samkeppnishæfni þjóða – „Global Competitiveness Report“. Dr. Porter hefur undanfarið unnið að skýrslu um samkeppnishæfni Íslands og gerir hann grein fyrir niðurstöðum sínum á ráðstefnunni. Þátttakendur fá skýrsluna í hendur og eftir fyrirlesturinn verða pallborðsumræður.

Þessi rannsókn er hvalreki fyrir alla sem áhuga hafa á einhverju eldfimasta umræðuefni síðustu missera og ára á Íslandi og á eflaust eftir að vekja mikla athygli.


Jón Sigurðsson
Iðnaðar- og viðskiptaráðherra
setur ráðstefnuna


Bjarni Snæbjörn Jónsson
Framkvæmdastjóri Capacent í Danmörku
Ráðstefnustjóri

PALLBORÐSUMRÆÐUR


Baldur Pétursson
European Bank, London


Sigurjón Þ. Árnason
Landsbankinn


Dr. Gylfi Magnússon
Háskóli Íslands


Þórdís Sigurðardóttir
Dagsbrún


Hannes Smárason
FL Group

Háskólabíó kl. 14.00–15.00

WHAT IS STRATEGY?

Í nýjustu útgáfu European Foundation of Management Development (EFMD) er Dr. Michael Porter talinn vera fremstur vísindamanna í heiminum á sviði stjórnunar og stefnumótunarfræða. Þessari skoðun deila flestir sem um þessi mál fjalla. Allt frá því bók hans „Competitive Strategy“ kom út árið 1980 hefur hann haft gríðarleg áhrif á stjórnun fyrirtækja og stofnana um allan heim og er enn leiðandi í allri umræðu um stefnumótun.

Í þessum fyrirlestri fjallar hann um hvað stefnumótun er – og einnig hvað hún er ekki og rekur ýmsar ranghugmyndir manna um efnið. Þetta er fyrirlestur sem enginn áhugamaður um stefnumótun og stjórnun má láta fram hjá sér fara.

Skráning er hafin á www.capacent.is

capacent
RÁÐGJÖF RÁÐNINGAR RANNSÓKNIR

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA


# Tækifæri fyrir verslunarfólk

**Umræðan**
Símenntun


**HILDUR FRIÐRIKSDÓTTIR**

Í viku símenntunar er sérstaklega höfðað til fyrirtækja að tileinka miðvikudeginum 27. september fræðslumálum starfsmanna á einn eða annan hátt.

Fullorðinsfræðsludeild Verzlunarskóla Íslands í samvinnu við VR vill koma til móts við fyrirtækin og bjóða öllu starfandi verslunarfólki að kynnast því hvað fer fram í tímum í verslunarfagnámi skólans þennan dag. Fræðsludagurinn er haldinn innan veggja skólans. Settar verða upp fjórar kennslustundir, 40 mínútur hver, þar sem fagkennarar fjalla um fjármál, vinnubrögð, sjálfsþekkingu og siðfræði, en öll þessi fög eru kennd í fagnáminu. Fyrsta kennslustund hefst kl. 8.55 og sú síðasta kl. 11.20 og er fólki frjálst að koma og fara að vild. Fræðslustundirnar verða því skemmtilegri sem þátttaka gesta er meiri en þó ber að geta þess að enginn er þvingaður til þátttöku.

Fyrir hverja er verslunarfagnám? Verslunarfagnám er ætlað fólki á öllum aldri sem starfar í verslun og hefur unnið við þau störf í a.m.k. eitt ár. Námið tekur 1½ ár og hafa þrír hópar nú þegar verið teknir inn, þar af hefur einn hópur brautskráðst sem verslunarfagmenn.

Litið er á námið sem samstarfsverkefni starfsmanns, vinnustaðar og skóla.

Markmið námsins er að auka verslunarfærni starfsfólks, meðal annars þjónustuvitund, vöruþekkingu og verkkunnáttu. Að námi loknu hefur starfsfólkið faglegar forsendur til að taka að sér aukna ábyrgð og verkefnastjórnun á ýmsum sviðum verslunarinnar.

Nokkrar staðreyndir um verslunarfagnámið:

- Aldursdreifing er á bilinu 19-54 ára.
- Meðallengd starfsaldurs í verslun er 5-6 ár.
- Ábyrgðarsvið starfsfólks er allt frá því að vera almennir sölumenn yfir í stjórnendur.
- 80% brautskráðra verslunarfagmanna hafa hlotið stöðuhækkun eða breytingu á starfi.
- Námið gefur möguleika til frekari menntunar.

Verslunarfólk er hvatt til að nota þetta tækifæri til að kynnast fagnámi í sinni grein og sækjast síðan eftir því hjá vinnuveitanda að komast í námið næsta haust þegar nýr umsækjendahópur verður tekinn inn.

*Höfundur er verkefnastjóri fullorðinsfræðslu í Verzlunarskóla Íslands*

## KAUPHÖLL ÍSLANDS [Hlutabréf]

**ICEX-15** 6.238 **-0,23%** **Fjöldi viðskipta:** 366 **Velta:3.212** milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **Dagsbrún** | +3,48% | **Avion** | -9,91% |
| **Atlantic Petroleum** | +1,05% | **Össur** | -1,19% |
| **Mosaic** | +0,57% | **Flaga** | -0,79% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Actavis 67,20 -0,15% ... Alfesca 5,05 +0,40% ... Atlantic Petroleum 576,00 +1,05% ... Atorka 6,35 +0,00% ... Avion 29,10 -9,91% ... Bakkavör 58,40 +0,00% ... Dagsbrún 4,46 +3,48% ... FL Group 22,70 +0,00% ... Glitnir 20,10 -0,50% ... KB banki 849,00 +0,00% ... Landsbankinn 26,00 +0,00% ... Marel 78,50 -0,63% ... Mosaic Fashions 17,70 +0,57% ... Straumur-Burðarás 17,20 +0,00% ... Össur 125,00 -1,19%

**viðskipti**
Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

# Avion Group undir áætlunum

### Útlit fyrir að fjórði ársfjórðungur verði erfiður. Hlutabréf Avion féllu um tíu prósent í gær.

Avion skilaði um tvö hundruð milljóna króna hagnaði á þriðja ársfjórðungi en alls nam tap félagsins yfir 4,8 milljörðum króna á fyrstu níu mánuðum reikningsársins. Afkoman er undir spám greiningaraðila, sem höfðu spáð yfir fimm milljarða hagnaði á fjórðungnum, en hafa ber í huga að áform um sölu á stórum eignarhlut í Avion Aircraft Trading gengu ekki eftir.

Heildartekjur í níu mánaða uppgjöri námu um 97 milljörðum króna en heildargjöld um eitt hundruð milljörðum. Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA) var yfir 2,4 milljarðar króna.

Rekstur tveggja af þremur afkomueiningum félagsins, annars vegar Eimskips og hins vegar flugþjónustusviðs,



**MAGNÚS ÞORSTEINSSON** Avion Group skilaði um 200 milljóna króna hagnaði á þriðja ársfjórðungi.

var í samræmi við áætlanir frá því í upphafi árs. Hins vegar var ferðaþjónustusviðið undir áætlunum og er ljóst að svo mun einnig verða á fjórða ársfjórðungi vegna erfiðra markaðsaðstæðna í Bretlandi. Hætta á hryðjuverkum, HM í fótbolta og hlýtt veðurfar hafa dregið úr ferðalögum og leitt til lækkunar meðalverðs á hvern flugmiða. Kemur þetta þungt við félagið, enda skapast stærstur hluti hagnaðar á þessu tímabili.

Í upphafi árs var stefnt að því að EBITDA ársins yrði um 165 milljónir bandaríkjadala en endurskoðaðar áætlanir félagsins gera ráð fyrir að hún verði um 120-125 milljónir dala fyrir árið.

Hlutabréf í Avion féllu um tæp tíu prósent í Kauphöllinni í gær og lækkaði markaðsvirði félagsins um 5,7 milljarða króna. **- eþa**




# FlyMe hættir við kaup

Stjórnendur sænska lággjaldaflugfélagsins FlyMe ætla sér ekki að kaupa 51 prósent hlutafjár í Astraeus, bresku leiguflugfélagi. FlyMe ætlaði að greiða um 770 milljónir króna fyrir hlutinn. Í staðinn hefur flugfélagið samið um þurrleigu á tveimur Boeing 737-700 frá Astraeus.

FlyMe ætlar heldur ekki að yfirtaka Lithuanian Airlines eftir að niðurstöður áreiðanleikakönnunar, sem hefur staðið yfir frá því snemma á þessu ári, lágu ljósar fyrir. Fons, stærsti hluthafinn í FlyMe, eignaðist þriðjungshlut í Lithuanian Airlines og var ætlunin að FlyMe tæki yfir félagið að lokum. Hins vegar verður samstarf með félögunum tveimur sem felst meðal annars í því að Lithuanian leigir tvær Boeing 737-500 til FlyMe.

Fons, félag Pálma Haraldssonar og Jóhannesar Kristinssonar, er stærsti hluthafinn í FlyMe með yfir fimmtungshlut. **- eþa**

# Fitch telur þróun banka jákvæða

Matsfyrirtækið Fitch Ratings segir bankakerfið hér hafa tekið róttækum breytingum undanfarin ár og að bankarnir séu nú minna háðir innlendu efnahagsumhverfi en áður.

Í skýrslu sem kom út í gær segja Alexandre Birry og Olivia Perney Guillot, sérfræðingar Fitch, þróunina jákvæða þótt alþjóðavæðing bankanna hafi einnig haft í för með sér ný verkefni, sér í lagi hvað varði áhættustjórnun og samþættingu kaupa bankanna í útlöndum. Bent er á að síðustu þrjú ár hafi eignir bankanna ríflega fimmfaldast og að þeir séu nú verulega háðir fjármögnun á erlendum mörkuðum. Bönkunum er engu að síður hrósað fyrir áhættustýringu og hvernig þeir hafi dreift eignum sínum síðustu ár. Um leið er bent á mikla hlutafjáreign bankanna og hún sögð meiri en almennt gerist hjá erlendum bönkum.

Fitch segir hluta af skráðri eign bankanna þó tengda framvirkum samningum og þeir beri því ekki nema takmarkaða áhættu af þeim hluta.

Fitch fjallar um þróun efnahagsmála hér og telur ójafnvægi í hagkerfinu svo mikið nú að hættan á „harðri lendingu“ með minni kaupmætti og lækkandi atvinnustigi hafi enn aukist frá því í síðustu skýrslu. Slíkt hefði ófyrirséðar afleiðingar fyrir skuldsettustu hluta hagkerfisins, heimili og fyrirtæki. **- óká**



**ÓLAFUR JÓHANN ÓLAFSSON FÆDDIST Á ÞESSUM DEGI 1962**

*„Maður sendir aldrei frá sér bók fyrr en maður er orðinn ánægður með hana.“*

***Þetta sagði rithöfundurinn í viðtali við Fréttablaðið fyrir nokkrum árum en í haust kemur út ný bók eftir hann.***

# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 26. SEPTEMBER 1888

## *Ljóðskáld í eyðilandi*



T.S. ELIOT

T. S. Eliot fæddist á þessum degi í St. Louis árið 1888. Hann var af virtum ættum en forfeður hans settust að í Ameríku á 17. öld. Faðir hans var virðulegur kaupmaður og móðir hans tók virkan þátt í góðgerðamálum í St. Louis. Sjálfur útskrifaðist Eliot frá Harvard þar sem hann lærði sanskrít, en eftir að hann hitti skáldið Ezra Pound fluttist hann til Englands en vinátta þeirra entist þeim ævina.

Árið 1915 giftist hann Vivian Haigh-Wood en það hjónaband var ávísun á óhamingju vegna geðsjúkdóma sem Vivian barðist við. Hún dó á geðspítala 1947. Eliot fékk vinnu í Lloyd's banka 1917 en skrifaði ritdóma og ritgerðir í frítíma sínum. Hann stofnaði meira að segja tímarit tengt því áhugamáli sínu en til hliðar, og í hljóði, orti hann. Fyrsta stóra verk hans, The Love-song of J. Alfred Prufrock, kom út 1917 en síðar gaf hann út meistaraverk sitt The Waste Land. Það var síðan ekki fyrr en 1925 að hann hætti í bankanum og fékk vinnu sem einn af ritsjórum hins virta forlags Faber and Faber. Hann vann þar til dauðadags. Eliot fékk Nóbelsverðlaunin árið 1948 en 1957 giftist hann aðstoðarmanni sínum, Valerie Fletcher. Hjónin lifðu hamingjusömu lífi þar til Eliot lést 1965.

## MERKISATBURÐIR

- **1580** Francis Drake lýkur hringferð sinni um hnöttinn.
- **1942** Bifreiðaeinkasala ríkisins er lögð niður.
- **1945** Fyrsti bandaríski hermaðurinn lætur lífið í Víetnam.
- **1957** Söngleikurinn West Side Story eftir Leonard Bernstein er frumfluttur í London.
- **1970** Fokker Friendship-flugvél frá Flugfélagi Íslands hf. ferst á Mykinesi í Færeyjum. Átta manns létust, þar af einn Íslendingur.
- **1973** Concorde-þota flýgur í fyrsta sinn yfir Atlantshafið á mettíma.
- **1984** Ákveðið er að Bretar afhendi Kínverjum Hong Kong-borg árið 1997.

---

*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma, systir og mágkona,*

**Inga Björk Halldórsdóttir**
Fellaskjóli, Grundarfirði,

andaðist á Fellaskjóli laugardaginn 23. september.

**Anna Dóra Markúsdóttir** — **Jón Bjarni Þorvarðarson**
**Benjamín Markússon** — **Anna María Hedman**
**Kristín Markúsdóttir**
**barnabörn**
**Jenný Halldórsdóttir** — **Guðmundur Finnsson**
**Ása Helga Halldórsdóttir** — **Ingvi Árnason**
**Sigurbjörg Halldórsdóttir**

---



*Elskuleg systir mín, móðursystir okkar og frænka,*

**Ólöf Birtha J. Huseby**
Grunnarsundi 6, Hafnarfirði,

lést á heimili sínu þriðjudaginn 19. september. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju fimmtudaginn 28. september kl. 11.00.

**Kristín Haraldsdóttir**
**Ingólfur Magnússon** — **Tinnar Ýr Ingólfsdóttir**
**Margrét Magnúsdóttir** — **Kolbeinn Björgvinsson**
**Hörður Magnússon** — **Hrafnhildur Baldursdóttir**

---



*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Kristinn Ólafsson**
frá Reynisvatni, Silfurteig 5,

lést á Landspítalanum við Hringbraut aðfaranótt föstudagsins 22. september. Útförin verður auglýst síðar.

**Fanný Guðbjörg Guðmannsdóttir**
**Sólveig Fanný Magnúsdóttir** — **Hallgrímur H. Gröndal**
**Valdís Magnúsdóttir** — **Unnsteinn Hermannsson**
**Halldóra Elín Magnúsdóttir** — **Guðmundur A. Sæmundsson**
**Sigurður Sveinn Másson** — **Vaida Másson**
**Jón Guðmann Jónsson**
**börn og barnabörn.**

---



*Eiginmaður minn, faðir okkar og sonur,*

**Helgi Hallgrímsson**
til heimilis að Norðurbyggð 1c, Akureyri,

lést mánudaginn 18. september. Útförin fer fram frá Akureyrarkirkju fimmtudaginn 28. september kl. 13.30. Blóm og kransar eru vinsamlega afþakkaðir. Þeim sem vilja minnast hans er bent á minningarsjóð Geðhjálpar, síma 570 1700. Fyrir hönd aðstandenda,

**Helga G. Erlingsdóttir**
**Steinþór Helgason**
**Sigríður Svana Helgadóttir**
**Arnar Helgason**
**Sigríður J. Helgadóttir**

---



**STEFANÍA ÓSK JÚLÍUSDÓTTIR** Ein af mörgum meðlimum félagsins og virkur þátttakandi í uppákomum á vegum þess.
FRÉTTABLAÐIÐ/SIGURJÓN EINARSSON

**BLINDRAFÉLAGIÐ:** TÓMSTUNDARSTARF HEFST AÐ NÝJU

# Fólk kemur alltaf aftur

Tómstundastarfsemi Blindrafélagsins hófst að nýju í gær, en á meðal námskeiðanna sem félagsmönnum býðst að sækja eru námskeið í dansi, smíðum og handavinnu. Steinunn Hákonardóttir, félagsmálafulltrúi Blindrafélagsins, segir ekkert því til fyrirstöðu að blindir og sjónskertir sæki námskeið í smíðum eða annarri handavinnu.

„Þetta er með stærra sniði en fyrir þá sem eru alsjáandi, en gengur eins og í sögu,“ segir Steinunn. „Við pössum upp á að það sé næg birta fyrir þá sem eru sjónskertir og kennarinn tekur tillit til sjónar þátttakenda,“ útskýrir hún og bætir við, „meðlimir Blindrafélagsins eru allt frá sjónskertu fólki og upp í lögblint fólk, svo það er á mörgum stigum. Eins eru margar og misjafnar ástæður fyrir sjónmissi hjá fólki.“ Steinunn segir fólk á öllum aldri sækja námskeiðin. „Hjá okkur eru líka margar eldri konur sem voru miklar handavinnukonur hér áður fyrr, áður en þær fóru að missa sjón. Þær hafa þetta hreinlega á tilfinningunni,“ segir Steinunn.

Fyrir utan tómstundastarfið er öflugt félagsstarf innan Blindrafélagsins. Félagið hefur opið hús tvisvar í viku og Steinunn segir um sextíu til sjötíu manns mæta reglulega á þær samkomur. Innan félagsins starfar foreldradeild og ungmennadeild, farið er í ýmsar ferðir, kvennadeild félagsins stendur fyrir fyrirlestrum, og einn laugardag í mánuði er haldinn fræðandi fyrirlestur. „Þetta er mjög menningarlegt,“ segir Steinunn hlæjandi.

Fyrsta ferð haustsins verður haustlitaferð á Þingvelli sem Steinunn segir um fimmtíu manns þegar hafa skráð sig í. „Ef að fólk kemur einu sinni á einhverja samkomu þá kemur það aftur,“ segir hún af öflugu tómstundastarfi Blindrafélagsins. „Það sprettur af þessu mikill vinskapur og fólk hittist fyrir utan félagið. Ég veit til dæmis af mörgum eldri konum sem gera sér oft ferð saman á kaffihús niðri í bæ,“ segir Steinunn.

sunna@frettabladid.is

LEGSTEINAR
Fallegir legsteinar úr graníti, grágrýti, blágrýti, gabbró, líparíti og marmara. Hjá okkur finnur þú það sem hentar þér og þínum.
Hafðu samband eða kynntu þér þjónustuna í verslun okkar.
S.HELGASON
Skemmuvegi 48 | 200 Kópavogur | sími 557 6677 | www.shelgason.is


Legsteinar
Kynningarafsláttur af völdum tegundum
Fjölbreytt úrval
Hagstæð verð
Stuttur afgreiðslufrestur
Steinsmiðjan Rein
Viðarhöfða 1 • 110 RVK.
sími 566 7878 • www.rein.is
REIN

## AFMÆLI



**Ásgerður Júníusdóttir,** söngkona, er 38 ára.



**Brynhildur Guðjónsdóttir,** leikkona, er 34 ára.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir í smáletursdálkinn hér til hliðar má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.

## MERKISATBURÐIR



**1870** Kristján X Danakonungur.



**1897** Páll páfi sjötti.



**1898** George Gershwin tónskáld.

ÁSKORUN TIL NORÐLENDINGA!

# SANNIÐ AÐ BESTA SÖNGFÓLKIÐ SÉ AÐ NORÐAN

ÁHEYRNARPRÓF **NÆSTA ÞRIÐJUDAG** Á HÓTEL KEA
Við skorum á söngvara og sönghópa

**Skráning á www.xfactor.is**






# STUÐ MILLI STRÍÐA Að eiga samleið með fólkinu

**FREYR GÍGJA GUNNARSSON** UNDIRBÝR SIG FYRIR KOSNINGASLAGINN



Nú þegar kosningavetur er genginn í garð eru stjórnmálamenn farnir að íhuga hvernig sé best að ná til fólksins í landinu. Sumir sjá reyndar fram á að komast ekki inn á þing eða finnst þeir hafa verið of lengi að og hætta, ákveða að gefa öðrum kost á að taka sæti sitt á þinginu. Pósthólfin fyllast brátt sneplum frá frambjóðendum sem vilja ólmir eiga fundarstað við okkur, telja sig eiga samleið með fólkinu í landinu og beita kunnuglegum brögðum til að sannfæra kjósendur um að þeir séu réttu aðilarnir til að stjórna skútunni. Frægt er þegar ungur stjórnmálamaður birtist eins og skrattinn úr sauðarleggnum, brúnn og án gleraugnanna sem hann hafði borið með stolti. Annað ágætt dæmi var þegar mikill ræðuskörungur ákvað að breyta um stíl þegar hann varð formaður stjórnmálaflokks, fór að bera bindi í stað slaufu. Þegar þessi ágæti maður tapaði endurkjörinu lét hann bindið flakka og hefur nú skyrtuna eilítið frjálslegri, fráhneppta í hálsinum.

Þingmennirnir gera meira en taka bara útlitsbreytingum því þeir þeysast um landið þvert og endilangt enda hefur fólkið úti á landi líka kosningarétt. Draga fram loparpeysuna, pelann og aðstoða við að draga í dilka, eitthvað sem er nauðsynlegt að kunna þegar sest er á þing.

Fjölmiðlum finnst fátt jafn skemmtilegt og að mynda þingmenn við alþýðleg störf en til dæmis um það hversu mikið þingmenn leggja á sig við að komast í mynd á kosningavetri var þegar myndavélin beindist að þingmanni sem stóð í fríðum hópi bænda sem söng ættjarðarlög og klámvísur. Þingmaðurinn kunni varla stakt orð í textanum en hreyfði varirnar eins og íþróttamaður á landsleik sem kann ekki þjóðsönginn en vill ekki að það fréttist. Síst á meðal þeirra sem gætu kosið hann.

## myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Øverli




### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





**DRENGIRNIR FRÁ DUBLIN** Hafa verið að í þrjátíu ár og eru í óða önn að taka upp sína tólftu breiðskífu. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES

# Saga U2 eftir U2

**Yfir hundrað aðdáendum rokksveitarinnar U2 gafst kostur á að hitta írsku goðin í tilefni af útgáfu ævisögu sveitarinnar, U2byU2.**

Hljómsveitin hefur verið starfandi í hartnær þrjátíu ár og hefur gengið í gegnum ótrúlega hluti. Félagarnir hófu feril sinn sem bílskúrshljómsveit í Dublin sem sló svo í gegn á heimsvísu þegar Bono gerði allt brjálað á LiveAid tónleikunum árið 1986. Síðan þá hefur frægðarsólin ekki sest og aðdáendur sveitarinnar hafa beðið spenntir eftir að geta lesið um allt sem hefur gerst á bak við tjöldin.

Bókin er 350 síður og hefur að geyma yfir 150 ljósmyndir, sumar sem hafa aldrei komið fyrir sjónir almennings og eru fengnar að láni úr einkasafni hljómsveitarmeðlimanna. Hljómsveitin stóð fyrir getraun á heimasíðu sinni þar sem 150 aðdáendum gafst kostur á að hitta hljómsveitarmeðlimina augliti til auglitis og fá árituð eintök af bókinni en auk þess biðu hundruð fyrir framan Waterstone-bókabúðina í þeirri von að fá miða á þennan stórmerka viðburð.

Á blaðamannafundi sem haldinn var á undan fundi hljómsveitarinnar við aðdáendur sína var söngvarinn Bono spurður út í þá pólitísku baráttu sem hann hefur staðið í undanfarin ár og hvort hann ætlaði ekki að fara að hætta henni. „Ég myndi miklu frekar vilja vera með strákunum í æfingahúsnæði og spila tónlist,“ sagði Bono. „Hins vegar sinni ég þessari baráttu af því ég get það og á að gera það. Hvað ætti ég annars að gera við þessa færánlegu frægð?“ bætti söngvarinn við.

Hljómsveitin er hvergi af baki dottin þrátt fyrir að ævisagan sé komin út. Hún er nú stödd í upptökuveri ásamt Rick Rubin, sem meðal annars hefur starfað með Beastie Boys og Red Hot Chilli Peppers, og vinnur að sinni tólftu breiðskífu. Þá mun sveitin spila á góðgerðartónleikum í Lousiana Superdome þar sem safnað verður peningum fyrir þeim hljóðfærum sem glötuðust í fellibylnum Katrínu á síðasta ári en það er gítarleikarinn The Edge sem hefur veg og vanda að þeim sjóði. - fgg

# Alvöru hæfileikar

**[TÓNLIST]**

**UMFJÖLLUN**

Puppy er fyrsta plata tónlistarmannsins Togga. Hann er 27 ára gamall og er búinn að vera að vinna að plötunni síðan 2004. Lögin Turn Your Head Around og Heart in Line hafa þegar fengið töluverða spilun í útvarpi. Ekki veit ég frekari deili á Togga, en platan er unnin í nánu samstarfi við Bjarka sem tekur hana upp og spilar á ýmis hljóðfæri. Fjöldi annarra tónlistarmanna kemur við sögu, bæði hljóðfæraleikarar og bakraddasöngvarar.

Það er greinilegt að hér hefur verið vandað til verka. Hljómurinn er óaðfinnanlegur, það hefur verið nostrað við útsetningarnar og öll vinna er til fyrirmyndar. Umslagið er til dæmis mjög flott.

Tónlistin á Puppy er sambland af trúbadorapoppi og indie-tónlist. Það er greinilegt að Toggi er mjög efnilegur lagasmiður og söngvari því hér er fullt af flottum lögum. Það er ekki neitt vont lag á plötunni, en mín uppáhaldslög eru My Baby Picked Me Up, Turn Your Head Around, titillagið Puppy, Kill the King, lokalagið Insomnia og Sexy Beast sem merkilegt nokk skartar „la la la“ viðlagi. Kannski strákarnir í Jeff Who? séu búnir að koma af stað tískubylgju? Ég verð líka að hrósa Togga fyrir flottar útsetningar. Notkunin á bakröddum og strengjum er sérstaklega vel heppnuð. Það er ekki verið að ofgera hlutunum. Og skemmtileg smáatriði setja svip á sum lögin. Grúvið sem malar undir í viðlaginu í My Baby Picked Me Up er t.d. ómótstæðilegt.

Puppy er frumsmíð sem er langt yfir meðallagi. Það eina sem hægt er að setja út á hana er að tónlistin hljómar stundum aðeins of lík einhverju sem maður hefur heyrt áður. Toggi á enn eftir að skapa sér sérstöðu. Hann hefur hins vegar alla burði til þess að gera það. Hér er greinilega alvöru hæfileikamaður á ferð.

Trausti Júlíusson




**TOGGI**
PUPPY

**Niðurstaða:** Puppy er óvenju vönduð og vel unnin frumsmíð. Toggi er greinilega mjög hæfileikaríkur tónlistarmaður þó að hann eigi enn eftir að skapa sér sérstöðu.

allt matur
Alla föstudaga

Hliðslár fyrir sumarhúsahverfi!




- Sindri býður hliðslár frá Automatic Systems með GSM opnunarbúnaði!
- Einungis ákveðin símanúmer geta opnað hliðið (hámark 250 númer).
- Þú getur hringt í hliðið hvaðan sem er og opnað það.
- Ath. að GSM samband þarf að vera þar sem búnaðurinn er uppsettur.

SINDRI

Byggingalausnir í Sindra
Klettagörðum 12 104 Reykjavík Sími: 575 0000
Viðarhöfða 6 Reykjavík - Strandgötu 75 Hafnarfirði - Draupnisgötu 2 Akureyri
www.sindri.is

**!** **Kl. 12.05**
*Hádegisfundaröð Sagnfræðingafélags Íslands fjallar að þessu sinni um sannleiksgildi sagnfræðinnar. Anna Agnarsdóttir, prófessor í sagnfræði við Háskóla Íslands, flytur erindið „Hvað er satt í sagnfræði?“ í Þjóðminjasafni Íslands við Suðurgötu. Aðgangur er ókeypis og öllum heimill.*

# menning

menning@frettabladid.is

# Drottning sembalsins

Serbneski semballeikarinn Smiljka Isakovic er gestur í TÍBRÁR-tónleikaröð Salarins í Kópavogi í kvöld. Isakovic leikur hér á landi í tilefni af serbneskri menningarhátíð sem nú stendur yfir.

Isakovi lauk tvöföldu meistaranámi, annars vegar í píanóleik frá Tónlistarháskólanum í Belgrad og Tsjaíkovskí-skólanum í Moskvu, og hins vegar í semballeik frá Konunglega tónlistarháskólanum í Madríd.

Hún hefur komið fram víða í Evrópu og farið í tónleikaferðir um Bandaríkin, Suður-Ameríku og Kúbu. Tónleikar sem hún hélt í Dag Hammarskjold-samkomusal Sameinuðu þjóðanna í New York vöktu geysimikla athygli og á sumarhátíðinni í Dubrovnik kölluðu gagnrýnendur hana hvorki meira né minna en drottningu sembalsins.



**SMILJKA ISAKOVIC SEMBALLEIKARI** Kynnir tónlist úr austri og vestri. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Með vali verka á efnisskrá sinni í Salnum er markmiðið að kynna fyrir Íslendingum tónlist bæði úr austri og vestri: „Iberica“ frá Íberíuskaga, samsafn verka sem voru samin undir spænskum og portúgölskum áhrifum, til dæmis verk eftir Domenico Scarlatti og Carlos Seixas, og „Balcanica“, frá Balkanskaga) verk frá Serbíu, Búlgaríu og Grikklandi en Isakovic mun meðal annars leika verk eftir Stavros Xarhakos og Dimitris Themelis. Tónleikarnir hefjast kl. 20 í kvöld.



## > Dustaðu rykið af...

verkum enska leikskáldsins **Peters Shaffer**. Leikfélag Reykjavíkur frumsýnir verkið **Amadeus** í næsta mánuði en Shaffer er einnig þekktur fyrir verkin **Equus** og **The Royal Hunt of the Sun** sem öll hafa verið kvikmynduð.





„SKYLDI HÆNA HAFA SÁL?“ MEIN KAMPF

RONJA RÆNINGJADÓTTIR
Lau 30/9 kl. 14 · Sun 1/10 kl. 14
Sun 8/10 kl. 14 · Sun 15/10 kl. 14

VILTU FINNA MILLJÓN?
Lau 30/9 kl. 20 · Fös 6/10 kl. 20
Fös 13/10 kl. 20 · Sun 15/10 kl. 20

FOOTLOOSE
Fim 28/9 kl. 20 · Fös 29/9 kl. 20 UPPS.
Lau 7/10 kl. 20 · Sun 8/10 kl. 20

HVÍT KANÍNA
Nemendaleikhúsið frumsýnir nýtt verk eftir hópinn.
Mið 27/9 kl. 20 · Fim 28/9 kl. 20
Fös 29/9 kl. 20 · Lau 30/9 kl. 20
BANNAÐ INNAN 16 ÁRA.
Engum hleypt inn án skilríkja.

FRÍTT FYRIR 12 ÁRA OG YNGRI
Börn 12 ára og yngri fá frítt í leikhúsið í fylgd með forráðamönnum*
*Gildir ekki á söngleiki og barnasýningar.
Nánari uppl. á www.borgarleikhus.is

MEIN KAMPF
Mið 27/9 kl. 20 UPPS.
Fös 29/9 kl. 20
Lau 7/10 kl. 20
Sun 8/10 kl. 20
Lau 14/10 kl. 20

ÁSKRIFTARKORT
Endurnýjun áskriftarkorta stendur yfir!
5 sýningar á 9.900 kr.
Mein Kampf e. George Tabori
Amadeus e. Peter Shaffer
Fagra veröld e. Anthony Neilson
Dagur vonar e. Birgi Sigurðsson
Söngleikurinn Grettir e. Ólaf Hauk Símonarson, Þórarin Eldjárn og Egil Ólafsson
Lík í óskilum e. Anthony Neilson
Ronja ræningjadóttir e. Astrid Lindgren
Viltu finna milljón? e. Ray Cooney
Belgíska Kongó e. Braga Ólafsson
Manntafl e. Stefan Zweig
Alveg brilljant skilnaður e. Geraldine Aron
Íslenski dansflokkurinn
og margt, margt fleira.
Nánari uppl. á www.borgarleikhus.is

Miðasala 568 8000
www.borgarleikhus.is
BORGARLEIKHÚSIÐ

550 5600
Hringdu ef blaðið berst ekki
FRÉTTABLAÐIÐ
- mest lesið




**RAGNHEIÐUR JÓNSDÓTTIR MYNDLISTARMAÐUR** „Ef þessi þjóð vill áfram kallast menningarþjóð þá held ég að hún ætti að sinna sínum listamönnum betur.“ FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Tilbrigði við sprengingu

**Myndlistarmaðurinn Ragnheiður Jónsdóttir sýnir verk sín í Listasafni ASÍ um þessar mundir. Ragnheiður er einn atkvæðamesti grafíklistamaður þjóðarinnar en hefur í seinni tíð unnið einvörðungu með kolateikningar. Hún ræðir um listina, menningarþjóðina og Ragnarökin sem beindu henni á listabrautinni.**

Yfirskrift sýningar Ragnheiðar er „Storð“ en hún sýnir stórar kolateikningar, unnar á síðustu tveimur árum, í Ásmundarsal safnsins. Ragnheiður hefur haldið fjölda einkasýninga en hún hefur á ferli sínum unnið með grafík, teikningar og málverk. Hún hóf svo að teikna stórar, óhlutbundnar kolateikningar á pappír í kringum 1989. Ragnheiður hefur tekið þátt í fjölmörgum samsýningum og haldið reglulegar einkasýningar.

**Ragnarök og sprengingar**

„Ég hef þróað mínar eigin aðferðir. Fólk þekkir kolin því margir teikna og skyggja með þeim en ég myl þau niður, set í nælonsokka og teikna með þeim,“ útskýrir Ragnheiður. Hún nuddar kolunum í pappír og segist nota líka strokleðrið töluvert. „Þetta eru alls konar útfærslur og það er mikil vinna á bak við þessi stóru verk en maður gleymir því alveg því þetta er svo spennandi.“ Kolateikningarnar þróuðust úr grafíkinni en Ragnheiður rekur upphaf þeirra til seríu sem hún vann árið 1992 upp úr efni Völuspár.

Ljóðlínurnar „vindöld, vargöld, áðr veröld steypisk“ voru henni innblástur. „Ég vann með form sem minnti á tré og á einni myndinni lét ég það tætast í sundur og þá fékk ég hugmyndina að útfærslunni á kolateikningunum – það varð sprenging í myndinni sem ég hef nýtt mér með ýmsum tilbrigðum æ síðan.“

Yfirskrift sýningarinnar vísar til heimsins og jarðarinnar en Ragnheiður vill síður útlista hugmyndaheim hennar frekar og lætur það áhorfendum eftir.

**Eitt stórt lotterí**

Ragnheiður hefur sterkar skoðanir á okkar meintu menningarþjóð og er uggandi yfir högum listafólks í landinu. „Ef þessi þjóð vill áfram kallast menningarþjóð þá held ég að hún ætti að sinna sínum listamönnum betur, mæta á sýningar og upplifa þá ánægju og næringu fyrir sálina sem fylgir því að njóta listarinnar,“ segir hún og bætir því við að ef fleira fólk fer ekki að fjárfesta í listaverkum muni koma að því að íslenskir myndlistarmenn þurfi að éta skósólana sína.

Ragnheiður hefur sjálf stundað sýningar frá unglingsárum og segist enn upplifa hátíðleikann í tengslum við listina. „Þannig vona ég að fólk skynji listina – að hún snerti við þeim,“ segir hún og áréttar að hér sé fólk að eyða fé og orku í ótrúlegustu hluti. Þjóðin hafi meiri áhuga á „ríka og fræga fólkinu“ en þá sé spurning hvort ekki væri vert að sleppa menningarforskeytinu. „Hugarsmíð og hæfni listamannanna er sá grunnur sem öll listasöfn og gallerí byggja starfsemi sína á. Starfsfólkið fær sín laun og engar refjar á meðan afkoma listamannanna – sjálfra hugmyndasmiðanna – er eitt stórt lotterí.

Ragnheiður tekur undir að heilmikið hafi verið gert til þess að kynna íslenska myndlist en áréttar að meira þurfi til. „Við þurfum fleiri „Björgólfa“-menn sem vilja hlúa að listgreinum. Það er stórkostlegt að veita fjármunum til dæmis í vinnuaðstöðu fyrir listafólk, það má ekki gleymast að fleira þarf til en blýant og pensla,“ segir hún.

**Spámenn í föðurlöndum**

Ragnheiður áréttar mikilvægi þess að við lítum okkur nær. „Ég fagna viðurkenningunni sem Ólafi Elíassyni hlotnaðist á dögunum en hann gat þess í viðtali að Danir sýndu honum mikinn þegjendahátt þegar hann bjó í Danmörku.

Svo fór hann burt og stóð sig rosalega vel og eftir það fóru Danir að taka eftir honum. Hann hrósaði Íslendingum og bar það saman að hann hefði fengið betri mótttökur hér heima heldur en úti. Svona er þetta víða líkt og Íslendingar sem sjá betur þá sem fara burt heldur en þá sem alltaf eru hjá þeim.“

Listasafn ASÍ er opið frá kl. 13 - 17, en þar stendur einnig yfir sýning á innsetningum Hörpu Árnadóttur. Sýningum lýkur 8. október.

kristrun@frettabladid.is

# Dekurdrengurinn Hitler

**LEIKLIST**

SÚSANNA SVAVARSDÓTTIR

**Mein Kampf**

Leikfélag Reykjavíkur / Borgarleikhúsið

**Höfundur** George Tabori/ **Þýðandi** Gísli Rúnar Jónsson **Leikarar** Þór Tulinius / Guðmundur Ólafsson / Bergur Þór Ingólfsson / Marta Nordal / Hanna María Karlsdóttir / Björn Ingi Hilmarsson. **Hljóð** Sigurvald Ívar Helgason / **Lýsing** Lárus Björnsson / **Leikgervi** Sigríður Rósa Bjarnadóttir / **Leikmynd og búningar** Snorri Freyr Hilmarsson / **Leikstjórn** Hafliði Arngímsson



Hitler ungur kynnist því hvað gyðingar eru góðir í Mein Kampf. Hann er kominn til Vínarborgar þeirra erinda að taka inntökupróf í myndlistardeild Listaakademíunnar. Ungur og auralaus sveitadrengur flytur hann inn í hús sem er skjól fyrir heimilislausa. Þar eru fyrir tveir gyðingar, Herzl, sem kallaður er Slómó, og Lobkówitz. Slómó tekur hinum unga Hitler af mikilli elsku, gengur honum nánast í móðurstað. En sjaldan launar kálfur ofeldi og það má með sanni segja að Hitler geri lítið annað en að níðast á Slómó svo Lobkówitz, sem stendur stuggur af þessum unga manni, er hreint alveg bit – frá byrjun. Það sem einkennir hinn unga, dekraða Hitler er snarlyndi, skapofstopi, yfirgangssemi, kenjar, sjúkdómaþráhyggja, svo eitthvað sé nefnt. Það eru tvær hliðar á hverjum peningi, tvær hliðar á öllum skaphöfnum mannsins, góð og ill – en Hitler hefur bara eina í þessu verki, þá illu. Ofstopinn er yfirgengilegur frá byrjun – en alltaf er Slómó jafn blíður, nema þegar Hitler þeytir heilagri ritningu í hænuna hans. Inn í samskipti þessarar heimilislausu þrenningar mæta svo Gréta, vinkona Slómós, Himmlish, vinur Hitlers og alveg jafn galinn, sem og Dauðinn.

Heldur finnst mér Mein Kampf vera þunnur þrettándi, of klisjukennt þar sem menn eru annað hvort alvondir eða algóðir, og sé ekkert fyndið við að Hitler segist einhvern tímann ætla að launa Slómó góðsemina með því að gefa honum ofn til að honum verði aldrei aftur kalt og auk þess leysa gyðingavandamálið í eitt skipti fyrir öll. Það bætir ekki úr skák að lögnin á persónu Hitlers, sem Bergur Þór leikur, er svo yfirdrifin að það verður fljótlega þreytandi. Hann stendur hreinlega á orginu alla sýninguna, texti hans drukknar oftar en ekki í hávaðanum og fer því fyrir ofan garð og neðan. Á hin mikla kúnst leiklistin engin önnur ráð til að koma stríðu skapi á framfæri en að láta leikarann garga?

Aftur á móti fór Þór Tulinius ákaflega vel með hlutverk Slómós, skapar heildstæða persónu sem er auðvelt að skilja þótt hún sé voðalega góð, eins góð og fólk getur orðið þegar það hefur ekkert að vinna, ekki lengur neinu að tapa – er eiginlega orðið að áhorfendum í lífinu og hefur því öðlast áhuga á því.

Sömuleiðis var Guðmundur Ólafsson bráðskemmtilegur í hlutverki Lobkówitz, enda kómíski karakterinn í verkinu og skilaði honum vel. Marta Nordal fer prýðilega með hlutverk Grétu, einkum í fyrri hlutanum þar sem hin saklausa Gréta þráir að vera í samvistum við hinn góða Slómó. Hanna María Karlsdóttir var frábær í hlutverki Dauðans sem lítur framtíðina björtum augum þar sem Hitler er annars vegar. Raddbeiting Hönnu Maríu var tempruð, á lágu nótunum – en hvert orð komst til skila og persóna Dauðans var ljóslifandi.

Björn Ingi birtist síðan í seinni hlutanum sem Himmlisch, vinur Hitlers – og er eiginlega óskiljanleg viðbót, fullkomlega asnalegt hlutverk sem hefur engar forsendur og bætir engu við verkið. Umgjörð sýningarinnar er vel heppnuð, eins konar kojuveggur sem skilar vel aðstæðum og andrúmslofti. Sömuleiðis var lýsing mjög góð. Þótt leikurinn eigi sér stað í skítugu, niðurníddu húsi, hefur ekki verið farin sú algenga leið að vera með daufa lýsingu á sviðinu til að undirstrika hvað allt er ömurlegt. Allir leikararnir sáust þegar þeir voru á sviðinu.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**SEPTEMBER**

23 24 25 **26** 27 28 29

**Þriðjudagur**

### TÓNLEIKAR

☐ 20.00 Sönghópurinn **Hljómeyki** heldur tónleika í **Hásölum**, safnaðarheimili Hafnarfjarðarkirkju. Á efnisskránni eru verk eftir kórfélaga auk verka eftir Báru Grímsdóttur, Jón Ásgeirsson, Jón Nordal og Úlfar Inga Haraldsson. Stjórnandi er **Magnús Ragnarsson.**

☐ 20.00 **Trommuleikarann Zoro** mun halda einleikstónleika í **FÍH salnum** í **Rauðagerði**. Ókeypis aðgangur á tónleikana á meðan húsrúm leyfir.

### FYRIRLESTRAR

☐ 12.00 **Magnús Þ. Bernharðsson** heldur erindi á vegum **Félagsvísindatorgs Háskólans á Akureyri** í stofu L201 á Sólborg. Yfirskrift erindisins er **Sjaríalög múslima:Forn lagabálkur í nútímasamfélagi?**

### UPPÁKOMUR

☐ 20.00 Boðað er til **fjöldagöngu** með **Ómari Ragnarssyni** frá **Hlemmi** að **Austurvelli** til stuðnings hugmyndum Ómars um nýjar leiðir í raforkuöflun fyrir álverið í **Reyðarfirði**.





**Sýningar í Landnámssetri í september og október**

Miðvikudagur 27. september kl. 20 Laus sæti
Fimmtudagur 28. september kl.20 Laus sæti
Fimmtudagur 5. október kl. 20 Laus sæti
Föstudagur 6. október kl. 20 Laus sæti
Laugardagur 7. október kl. 20 Uppselt
Sunnudagur 8. október kl. 20 Örfá sæti laus
Fimmtudagur 12. október kl. 20 Laus sæti
Föstudagur 13. október kl. 20 Laus sæti
Laugardagur 14. október kl. 20 Örfá sæti laus
Sunnudagur 15. október kl. 20 Laus sæti
Fimmtudagur 19. október kl. 20 Laus sæti
Föstudagur 20. október kl. 20 Laus sæti
Laugardagur 21. október kl. 20 Laus sæti

**LEIKHÚSTILBOÐ: Tvíréttaður kvöldverður og leikhúsmiði frá kr. 4300 - 4800**

**TEKIÐ Á MÓTI PÖNTUNUM frá kl. 10 til 16 mánudaga - fimmtudaga í síma 437 1600 Staðfesta þarf miða með greiðslu viku fyrir sýningardag**




**BROTTNÁMIÐ ÚR KVENNABÚRINU - eftir W. A. Mozart**
**Frumsýning fös. 29. sep. kl. 20**
2. sýn. sun. 1.okt. kl. 20 – 3. sýn. fös. 6. okt. kl. 20 – 4. sýn. sun. 8. okt . kl. 20
5. sýn. fös. 13. okt. kl. 20 - 6. sýn. sun. 15. okt. kl. 20
Kynning fyrir sýningu í boði Vinafélags íslensku óperunnar kl. 19.15

Námskeið um Mozart og Brottnámið úr kvennabúrinu hjá EHÍ hefst 3. október. Skráning í síma 525 4444 – endurmenntun@hi.is

www.opera.is | opera@opera.is | **Sími: 511 4200**

Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga. Símasala kl. 10-18 þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Netinu allan sólarhringinn.

ÍSLENSKA ÓPERAN

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ **Þjóðleikhúsið fyrir alla!**

**STÓRA SVIÐIÐ KL. 20:00**

**ELDHÚS EFTIR MÁLI** eftir Völu Þórsdóttur byggt á sögum Svövu Jakobsdóttur. Lau. 7/10, fös. 13/10, lau. 14/10, fös. 20/10. Allra síðustu sýningar!

**FAGNAÐUR** eftir Harold Pinter. Sun. 1/10 kl. 21:00, sun. 8/10 **kl. 21:00**, sun. 15/10 **kl. 21:00**. Allra síðustu sýningar!

**LEIKHÚSKVÖLD MEÐ PINTER.** Fyrirlestur - Kvöldverður - Leiksýning. Fyrir sýningu á **Fagnaði** er boðið upp á erindi um **Nóbelsskáldið Harold Pinter** og kvöldverð í anda verksins í Leikhúskjallaranum. Nánari upplýsingar í miðasölu.

**SITJI GUÐS ENGLAR** eftir Guðrúnu Helgadóttur. Leikgerð Illugi Jökulsson. Frumsýning fös. 29/9 kl. 20:00 uppselt, lau. 30/9 kl. 14:00 **örfá sæti laus**, sun. 1/10 kl. 14:00 **örfá sæti laus,**, fös. 6/10 **kl. 20:00**, lau. 7/10 kl. 14:00 **örfá sæti laus**, sun. 8/10 kl. 14:00 **örfá sæti laus**, lau. 14/10 kl. 14:00, sun. 15/10 kl. 14:00.

**KASSINN KL. 20:00**

**PÉTUR GAUTUR** eftir Henrik Ibsen. Leikgerð Baltasar Kormákur. Lau. 30/9 **uppselt**, sun. 1/10 **kl. 17:00 örfá sæti laus**, fim. 5/10 **uppselt**, lau. 7/10 **uppselt**, sun. 8/10 **kl. 17:00 örfá sæti laus**, mið. 11/10 **örfá sæti laus**, fim. 12/10, fös. 13/10 **örfá sæti laus**, lau. 14/10 **örfá sæti laus**, sun. 15/10, fös. 20/10 **uppselt**, lau. 21/10 **örfá sæti laus.**

**SMÍÐAVERKSTÆÐIÐ KL. 20:00**

**SUMARDAGUR** eftir Jon Fosse. Fim. 28/9, sun. 8/10 kl. 17:00.

Leikhúskjallarinn. Upplýsingar og borðapantanir í síma 585 1295.

KORTASALAN ER HAFIN! ÁSKRIFTARKORT OG OPIN KORT!
MIÐASALA Á NETINU: WWW.LEIKHUSID.IS
AFGREIÐSLA ER OPIN KL. 12:30-18:00 MÁN.– ÞRI. AÐRA DAGA KL. 12:30-20:00.
MIÐASÖLUSÍMI: 551-1200. SÍMAPANTANIR FRÁ KL. 10:00 VIRKA DAGA.

**VENDU ÞIG VIÐ GÆÐI – VENDU ÞIG VIÐ EIRVÍK**




**Miele**

Miele S381 Tango Plus ryksuga
með 1800W mótor
Verð áður kr. 24.600

**Tilboð: Kr. 15.990**

**Fáanlegir fylgihlutir t.d.:**
- **Hebafilter** sem hreinsar loftið af ofnæmisvaldandi efnum.
- **Kolafilter** sem hreinsar óæskilega lykt. Hentar vel fyrri þá sem eru með gæludýr.
- **Parketbursti** úr hrosshárum sem skilar parketinu glansandi.
- Fæst í rauðu og dökkbláu.

**Miele ryksugur á einstöku tilboðsverði**

Miele ryksugurnar eru traustar og kraftmiklar. Þær eru með stillanlegu röri og mikið úrval fylgihluta er innbyggt í vélina.

**Verið velkomin í Eirvík og kynnið ykkur Miele heimilistækin í einni glæsilegustu heimilistækjaverslun landsins.**

**35% AFSLÁTTUR**

**EIRVÍK** *-hágæðaheimilistæki*

Suðurlandsbraut 20 – 108 Reykjavík – Sími 588 0200 – **www.eirvik.is**

**Öflugasta**
sjónvarpsdagskráin

birta

fjörið ... **Fólk**
folk@frettabladid.is

# Gott partí aðalmálið hjá Ottesen-systrum

Nýjasta viðbótin í plötusnúðaflóru landsins eru systurnar Ásgerður og Jóna Ottesen. Frumraun þeirra var á Barnum síðasta fimmtudag þar sem staðurinn iðaði við gamaldags hip hop og indí rokk að hætti systranna.

„Þetta hefur blundað í okkur í mörg ár og við höfum alltaf haft mjög mikinn áhuga á tónlist. Það má segja að við einokum græjurnar í öllum partíum sem við mætum í,“ segir Ásgerður en plötusnúðateymi þeirra systra hefur ekki fengið neitt nafn ennþá. Stúlkurnar lýsa hér með eftir hugmyndum. „Það er alltaf erfitt að finna nafn og hingað til hefur okkur fundist allar okkar hugmyndir með eindæmum hallærislegar þannig að allar ábendingar eru vel þegnar.“

Ása og Jóna ætla að hafa þann sið að klæðast ávallt skemmtilegum búningum þegar þær spila. „Það býr til meiri stemningu og svo er alltaf þægilegt að geta falið sig á bak við búninginn ef eitthvað fer úrskeiðis,“ segir Ásgerður hlæjandi en systurnar hafa verið að bíða eftir góðu tækifæri til að þreyta frumraun sína á börum bæjarins en segja markaðinn á Íslandi svo lítinn að erfitt er að koma sér á framfæri enda flestir barir með plötusnúða í fastri vinnu. „Hingað til hefur það að við séum stelpur hjálpað okkur enda ekki margir plötusnúðar kvenkyns í augnablikinu.“

„Við spilum mjög fjölbreytta tónlist en elektró, indí rokk og gamaldags hip hop er í uppáhaldi. Okkar takmark sem plötusnúðar er að ná sem flestum á dansgólfið og halda gott partí,“ segir Ásgerður að lokum og eigum við eflaust eftir að sjá og heyra meira af þeim systrum í framtíðinni. **- áp**



**ÁSGERÐUR OG JÓNA OTTESEN** Systurnar skipa plötusnúðateymi sem er farið að láta til sín taka á börum bæjarins.
FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR



**PETE DOHERTY** Hefur loksins náð að sannfæra Kate Moss um að giftast sér.

# Doherty kvænist

Rokkarinn og eiturlyfjaneytandinn Pete Doherty hefur loksins náð að sannfæra kærustuna, ofurfyrirsætuna Kate Moss, um að giftast sér. Moss er sögð vera svo ánægð með hversu vel Pete hefur gengið að halda sér edrú að hún hefur játast honum.

Talið er að brúðkaupið verði innan nokkurra vikna, mögulega í Karíbahafinu. Pete og Kate munu vera að velta því fyrir sér að flytjast til Bandaríkjanna í kjölfarið.

# Frábærir tónleikar Björgvins

Margmenni var mætt í Laugardagshöllina um helgina til að fylgjast með einum ástsælasta söngvara landsins, sjálfum Björgvin Halldórssyni, troða upp ásamt Sinfóníuhljómsveit Íslands. Björgvin hefur greinilega engu gleymt og náði að hrífa salinn með sér. Krummi og Svala börn Björgvins tóku lagið ásamt föður sínum og einnig komu fram Eyjólfur Kristjánsson, Stefán Hilmarsson og Sigríður Beinteinsdóttir að ógleymdum karlakórnum Fóstbræðrum.

Það má segja að hápunktur tónleikana hafi verið þegar öll Sinfóníuhljómsveitin, karlakórinn og Björgvin sjálfur settu upp sólgleraugu og rokkuðu í takt við tímalausa slagara Björgvins sem fékk áhorfendur til að dilla sér í sætunum.



**„ÉG LIFI Í DRAUMI“** Björgvin hefur greinilega engu gleymt og hreif áhorfendur með sér á sviðinu.



**PRÚÐBÚIN** Sigrún Traustadóttir, Guðrún Kristjánsdóttir, Vilhjálmur Vilhjálmsson borgarstjóri og Anna Kristín Traustadóttir voru ánægð með tónleikana.



**Á FREMSTA BEKK** Árni M Mathiesen fjármálaráðherra var á fremsta bekk og einnig má greina Jónínu Bjartmarz umhverfisráðherra í fjöldanum en bæði virtust þau una sér vel á tónleikunum.



**ÁNÆGÐ Á TÓNLEIKUNUM** Gunnar Birgisson, bæjarstjóri í Kópavogi, var mættur á tónleikana ásamt konu sinni.
FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL






**JAMES BOND** Daniel Craig verður í fyrsta sinn í hlutverki James Bond í Casino Royale.

# Ný leikmynd byggð

Hafin er bygging nýrrar leikmyndar fyrir James Bond-myndirnar í Pinewood-kvikmyndaverinu í London.

Eldur kom upp í kvikmyndaverinu í júlí við tökur á nýjustu Bond-myndinni, Casino Royale, og eyðilagðist leikmyndin sem þá stóð uppi. Enginn meiddist í eldsvoðanum og enn er ekki vitað hvað olli honum. Var þetta í annað sinn sem Bond-leikmyndin eyðilagðist en hún var upphaflega smíðuð fyrir myndina The Spy Who Loved Me sem kom út 1977.



Nýja leikmyndin verður tilbúin á næsta ári og verður því klár þegar næsta James Bond-mynd verður frumsýnd á eftir þeirri nýjustu, Casino Royale, sem kemur út í nóvember. Er hennar beðið með mikilli eftirvæntingu þar sem þetta verður í fyrsta sinn sem Daniel Craig verður í hlutverki njósnarans 007.

# Barnlaus ofurfóstra

Ofurfóstran Jo Frost, sem hefur slegið í gegn í breska sjónvarpsþættinum Supernanny, er óviss um hvort hún muni nokkurn tímann eignast sitt eigið barn.

Frost, sem er 36 ára, hefur hjálpað foreldrum að ráða við erfið börn í þættinum með góðum árangri en á sjálf ekki börn. „Í augnablikinu þá heyri ég ekki lífsklukkuna segja tikk, tikk, tikk. Ég er 36 ára og þegar ég mun hitta einhvern og við ákveðum að eignast börn, þá verður kannski af því. En kannski eignumst við engin börn. Ég hef ekki sömu löngun til þess og margar aðrar konur,“ segir hún.

Frost starfaði sem barnfóstra í sautján ár áður en hún sló í gegn í sjónvarpi. Segir hún undarlegt hversu litla virðingu börn nú til dags beri fyrir foreldrum sínum. „Foreldrar þora varla að aga börnin sín. Þeir eru hræddir um að missa tengsl við þau er þau eldast. Orð á borð við „ég hata þig“ halda þeim í gíslingu því þau taka þeim svo persónulega.“



**OFURFÓSTRAN** Jo Frost veit ekki hvort hún mun nokkurn tímann eignast barn.

# Nýjar grennandi myndavélar

Nýjustu vélarnar frá Hewlett-Packard búa yfir stillingu sem gerir notendum kleift að virðast grennri á myndum en þeir eru í raun. Samkvæmt heimasíðu Hewlett-Packard eiga áhrif stillingarinnar þó ekki að vera meiri en svo að fólk sé auðþekkjanlegt á myndunum, en notendur hafa einhverja stjórn á því hversu mikið er tekið utan af þeim. Guðmundi Bender, vörustjóri Opinna kerfa, umboðs- og þjónustuaðila Hewlett-Packard á Íslandi, líst ágætlega á nýjungina. „Það hefur aldrei verið boðið upp á þetta áður og það er margt vitlausara en þetta, þó að það sé svolítið fyndið,“ segir hann.

Guðmundur bendir á að eftirvinnsla ljósmynda í dag sé mikil. „Hérna er í raun verið að færa myndvinnsluforrit inn í myndavélina sjálfa,“ útskýrir hann. „Sumu fólki er illa við að láta taka mynd af sér og þessi stilling róar það kannski aðeins. Þeir nota þetta sem vilja, aðrir ekki,“ segir Guðmundur.

Aðspurður hvort að búast megi við fleiri nýjungum á þessu sviði, svo sem stillingu til að hvítta tennur, segist Guðmundur alveg eins búast við því. „Það er nú þegar komin stilling sem fjarlægir litinn úr augum, svo maður veit aldrei.“ Vélarnar eru komnar á lager hjá Opnum kerfum, og segir Bjarni Stefánsson hjá HP búðinni að þegar sé búið að leggja inn pöntun fyrir einni slíkri. - sun




**GRENNANDI MYNDAVÉL FRÁ HP** Notendur vélanna geta skafið aukakílóin utan af myndefnum sínum.



**JUDE LAW** Ætlar að hvíla sig á kvikmyndaleik og snúa sér að sviðsleik í London. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES

# Yfirgefur Hollywood

Breski leikarinn Jude Law er ákveðinn í því að gefa Hollywood upp á bátinn. Jude segist vera kominn með nóg af því að leika í kvikmyndum og vill snúa sér aftur að sviðsleik í London, þar sem hann hóf feril sinn. „Ég lít á sjálfan mig sem sviðsleikara, en þar byrjaði ég. Ég er alltaf að svipast um eftir rétta leikritinu og vonast til að finna það innan tíðar,“ segir Jude. Leikarinn, sem er 33 ára, vill nú einbeita sér að sviðsleik en viðurkennir að hann muni ekki afsala sér auðævunum sem hann hefur aflað sér í borg englanna.



**ZORO** Trommuleikarinn Zoro verður með einleikstónleika hér á landi í dag og á fimmtudag.

# Zoro með tónleika

Trommuleikarinn Zoro mun halda einleikstónleika í FÍH-salnum í Reykjavík í dag og í Brekkuskóla á Akureyri á fimmtudag. Zoro er meðal annars þekktur fyrir að hafa leikið með Lenny Kravitz, Bobby Brown, Sean Lennon og Lisu Marie Presley. Hann hefur unnið til fjölda verðlauna og var meðal annars kosinn af tímaritinu Modern Drummer besti trommuleikarinn og námskeiðshaldarinn í flokki R&B tónlistarmanna á síðasta ári. Zoro hefur gefið út kennsluefni í trommuleik sem er fáanlegt á DVD-mynddiskum og bókum. Það er Hljóðfærahús Reykjavíkur sem stendur fyrir komu Zoros til Íslands. Tónleikarnir hefjast kl. 20.00 báða dagana og er aðgangur ókeypis á meðan húsrúm leyfir.


Aðgangur ókeypis! Meðan húsrúm leyfir.

Hljóðfærahúsið kynnir.




Trommuleikarinn Zoro
Sólo tónleikar/námskeið.

FÍH salnum Rauðagerði 27, Reykjavík
26. september kl. 20.

Brekkuskóla Laugargötu , Akureyri
28. september kl 20.

Af því tilefni verður sértilboð á öllum vörum frá Sabian, DW og Vic Firth dagana 25. – 30. september.

Zoro hefur meðal annars spilað og tekið upp með Lenny Kravitz, Bobby Brown, Frankie Valli and the Four Seasons, The New Edition, Jody Watley, Sean Lennon, Philip Bailey of Earth Wind & Fire, Lisa Marie Presley, Vanessa Paradis og miklu fleirum!

SABIAN
dw
VIC FIRTH

HLJÓÐFÆRAHÚSIÐ

Hljóðfærahúsið Laugavegi 176 105 Reykjavík www.hljodfaerahusid.is info@hljodfaerahusid.is Sími 591 5340








# Annað barn eftir brúðkaupið

Leikkonan Katie Holmes hefur lofað unnustanum Tom Cruise öðru barni, eftir að þau hafa gengið í hjónaband. Katie eignaðist sem kunnugt er dótturina Suri í aprílmánuði. Hún hefur nú lofað því að uppfylla draum Cruise um að eignast annað barn, en ekki fyrr en hún er orðin eiginkona hans.

„Katie elskar að vera mamma og getur ekki beðið eftir að eignast annað barn. En fyrst vill hún giftast Tom. Þess vegna hafa þau gert með sér samkomulag,“ sagði vinur hjónaleysanna við breska blaðið National Enquirer. Af þessum sökum hafa Tom og Katie ákveðið að flýta brúðkaupinu, enda er stefnan sett á að hún verði aftur ófrísk fyrir árslok.

„Tom hefur alltaf verið ákveðinn í því að kvænast Kate en ýmislegt hefur staðið í vegi fyrir því. Nú þegar hann sér fram á að eignast annað barn er hann tilbúinn að gera allt til að flýta brúðkaupinu,“ sagði vinur Toms og Katie.



**ALDREI EINS HAMINGJUSÖM** Katie og Tom ætla að ganga í hjónaband á næstunni og stefna á frekari barneignir.
FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES






# Ágúst Guðmundsson skellti á Capone

**Útvarpsþátturinn Capone á X-FM stóð nýlega fyrir kosningu meðal hlustenda sinna um hver væri versta íslenska kvikmyndin. Viðbrögðin létu ekki á sér standa.**

Í takt við tímann eftir Ágúst Guðmundsson fékk þann vafasama heiður að vera valin versta íslenska kvikmynd allra tíma en hún er sjálfstætt framhald hinnar ofurvinsælu Með allt á hreinu. Fast á hæla hennar fylgdi Opinberun Hannesar í leikstjórn Hrafns Gunnlaugssonar og þar skammt á eftir var framtíðarmyndin Blossi sem Júlíus Kemp leikstýrði.

Yfir hundrað manns hringdu og sendu inn tölvupósta til þeirra Capone-félaga og létu í ljós skoðun sína. „Fólki finnst að atkvæði sitt megi ekki vera undanskilið þegar verið er að velja eitthvað sem er verst,“ segir Andri Freyr Viðarsson, annar stjórnandi útvarpsþáttarins. Úrslitin í kosninni komu útvarpsmanninum á óvart en hann bjóst við að Opinberun Hannesar myndi vinna með miklum yfirburðum.

Að sjálfsögðu reyndu þeir Andri Freyr og Búi Bendtsen að ná tali af Ágústi Guðmundssyni, leikstjóra verstu myndarinnar. „Við köstuðum upp á hver okkar ætti að hringja og það féll á hann Búa sem sýndi herramennsku og mikla kurteisi þegar hann náði tali af leikstjóranum,“ segir Andri Freyr. „Ágúst var hins vegar ekkert mikið fyrir að ræða þetta mál og skellti á Búa,“ bætir Andri við.

freyrgigja@frettabladid.is



**OPINBERUN HANNESAR** Ekki þótt mörgum mikið til þessarar kvikmyndar Hrafns Gunnlaugssonar koma og vermdi hún því annað sætið.

### VERSTU ÍSLENSKU KVIKMYNDIRNAR

1. Í takt við tímann
2. Opinberun Hannesar
3. Blossi
4-5. Stella í framboði
4-5. Nei er ekkert svar
6. A Little Trip to Heaven
7-8. Kristnihald undir Jökli
7.8. Bjólfskviða
9. Foxtrott
10. Gemsar



**ÁGÚST GUÐMUNDSSON** Vildi ekki ræða við þá pilta um þessa kosningu.



**BLOSSI** Framtíðarsýn Júlíusar Kemp með Páli Banine, Þóru Dungal og Finni Jóhannessyni fékk örugga kosningu í þriðja sætið.



**Í TAKT VIÐ TÍMANN** Hlustendum X-FM fannst sjálfstætt framhald kvikmyndarinnar Með allt á hreinu eiga þann vafasama heiður skilinn að vera útnefnd versta íslenska myndin.



**CAPONE** Stýrðu kosningu á útvarpsstöðinni X-FM um hver væri versta íslenska kvikmyndin.




## SAMBÍÓIN / ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| NACHO LIBRE | kl. 6 - 8 - 10:20 | B.i. 7.ára. |
| NACHO LIBRE VIP | kl. 4:50 - 8 - 10:20 | |
| ÓBYGGÐIRNAR M/- Ísl tal. | kl. 4 - 6 | Leyfð |
| THE WILD M/- ensku tal. | kl. 4 - 6:15 - 8:10 | Leyfð |
| THE ALIBI | kl. 8:10 - 10:20 | B.i.16.ára. |
| BÖRN | kl. 6 - 8 - 10:10 | B.i.12.ára. |
| STEP UP | kl. 5:50 - 8 - 10:10 | B.i. 7.ára. |
| MAURAHRELLIRINN M/- Ísl tal. | kl. 3:50 | Leyfð |
| LADY IN THE WATER | kl. 10:20 | B.i. 12.ára. |
| OVER THE HEDGE M/- Ísl tal. | kl. 3:50 | Leyfð |
| BÍLAR M/- Ísl tal. | kl. 4 | Leyfð |

## SAMBÍÓIN / KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| NACHO LIBRE | kl. 5:45 - 8 - 10:15 | B.i. 7.ára. |
| ÓBYGGÐIRNAR M/- Ísl tal. | kl. 6 | Leyfð |
| STEP UP | kl. 5:50 - 8 - 10:15 | B.i. 7.ára. |
| UNITED 93 | kl. 8 - 10:15 | B.i.14.ára. |

Munið afsláttinn

## SAMBÍÓIN / KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| STEP UP | kl. 8 - 10 | B.i. 7 |
| TAKK FYRIR AÐ REYKJA | kl. 8 | B.i.14 |
| UNITED 93 | kl. 10 | B.i. 12 |

## SAMBÍÓIN / AKUYREYRI

| | | |
|---|---|---|
| ÓBYGGÐIRNAR M/- Ísl tal. | kl. 6 | Leyfð |
| NACHO LIBRE | kl. 6 - 8 - 10 | |
| UNITED 93 Síð. Sýn | kl. 8 - 10 | Leyfð |

www.sambioin.is 575 8900 www.sambioin.is




| | | |
|---|---|---|
| BÖRN | kl. 5:50 - 8 - 10.15 | B.i.12 |
| THE PROPOSITION | kl. 5:50 - 8 - 10:15 | B.i. 16 |
| ÓBYGGÐIRNAR M/- Ísl tal. | kl. 6 | Leyfð |
| AN INCONVENIENT TRUTH | kl. 8 - 10:15 | Leyfð |
| BJÓLFSKVIÐA | kl. 8 - 10:15 | B.i.16 |
| PIRATES OF CARIBBEAN 2 | kl. 6 - 9 | B.i. 12 |
| MAURAHRELLIRINN M/- Ísl tal. | kl. 6 | Leyfð |

HAGATORGI • S. 530 1919


# Fullur á tökustað

Tökur á þriðju myndinni um Jack Sparrow og sjóræningana í Karíb ahafi fóru út um þúfur þegar Keith Richards mætti drukkinn á upptökustað. Richards samþykkti að koma fram í hlutverki föður Jacks Sparrow, sem leikinn er af Johnny Depp, í Pirates of the Caribbean: At World's End. Tökuliðið hafði beðið Richards með nokkurri eftirvæntingu þegar hann birtist loksins slagandi á sviðið, augljóslega ofurölvi.

Bill Nighy sem fer með hlutverk í myndinni sagði í viðtali við vefsíðu kvikmyndatímaritsins Empire að það hefði kostað mikið vesen að ná Richards út úr hjólhýsi sínu. Þá hafi Gore Verbinski, leikstjóri myndarinnar, þurft að styðja við hann svo hann kæmist á tökustað. „Ef þið vilduð hafa þetta slétt og fellt þá réðuð þið rangan mann,“ mun Richards hafa svarað kurri tökuliðsins. Richards mætti aftur í tökur daginn eftir og mundi að sögn lítið eftir deginum áður.



**KEITH RICHARDS** Drekkur eins og svampur þótt hann sé á sjötugsaldri.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Það er sjaldan lognmolla í kringum **Mel Gibson** og nú hefur leikarinn ákveðið að ráðast gegn Bandaríkjastjórn og stríðsrekstrinum í Írak. Gibson er nú að kynna kvikmynd sína Apocalyptico og líkti falli veldi Maya við stjórnmálaástandið í Bandaríkjunum. Ljóst hefur verið frá upphafi að kvikmyndin hefði pólitískan undirtón og hikaði Gibson ekki við að gagnrýna ástandið í Írak. „Við sjáum ótrúlega mikla hliðstæðu við mannfórnir Maya og þann hernað sem er í gangi fyrir botni Persaflóa. Hvað eru mannfórnir ef ekki að senda menn til Íraks án nokkurs tilgangs?“





**Lindsay Lohan** hætti með kærastanum sínum **Harry Morton** á dögunum, en var byrjuð aftur með honum nokkrum klukkustundum síðar. Það var reyndar Harry sem sagði Lindsay upp og ástæðan var hversu stíft hún stundar skemmtanalífið. Allt er þó fallið í ljúfa löð að nýju.

# Tveggja tíma sprettur

**[KVIKMYNDIR]**

**UMFJÖLLUN**

Leigumorðinginn Chev Chelios (Statham) vaknar einn góðan veðurdag og kemst að því að honum hefur verið byrlað eitur. Eina leiðin til að hægja virkni eitursins er að halda hjartslættinum gangandi á fullu. Hefst því mikið kapphlaup við tímann þar sem Chelios gerir allt hvað hann getur til að komast í adrenalínvímu, á meðan hann reynir að finna móteitur og ná sér niðri á þeim sem byrlaði honum eitrið.

Uppskriftin er einföld og gengur ekki út á neitt nema hraða. Séu allar raunsæiskröfur hins vegar skildar eftir heima er Crank býsna vel heppnað aksjón. Bensínið er stigið í botn allt frá upphafi til enda og alls kyns stælum bætt við til að auka á áhrifin. Leikstjórarnir og jafnfram handritshöfundarnir eru tveir, Mark Neveldine og Brian Taylor, og er þetta frumraun þeirra í leikstjórastól. Bakgrunnur þeirra liggur aðallega í sjónrænum brellum og Crank ber þess greinileg merki. Áferðin hrá en ofhlaðin þó hún haldi sér yfirleitt réttu megin við línuna. Jason Statham þekkir greinilega takmarkanir sínar, heldur sig við harðjaxlarulluna sem hann kann best og smellur eins og flís við rass við heildarútlitið. Hin ýmsu örþrifaráð sem hann grípur til til að hraða á hjartslættinum eru oft á tíðum fyndin og mátulega grótesk.

Eini tilgangur Crank er augljóslega sá að láta tvær klukkustundir líða hratt - sem tekst - en að öðru leyti skilur hún lítið eftir sig. Ofunnið útlitið í anda MTV gerir líklega að verkum að myndin verður afgreidd sem barn síns tíma, en mér er til efs að höfundarnir hafi hugsað langt fram í tímann þegar Crank var smíðuð.

**Bergsteinn Sigurðsson**



**CRANK**

LEIKSTJÓRAR: MARK NEVELDINE OG BRIAN TAYLOR.

**Aðalhlutverk:** Jason Statham, Amy Smart og Dwight Yokam.

**Niðurstaða:** Hasar hasarsins vegna lætur tvær klukkustundir líða ógnarhratt en skilur lítið annað eftir sig.


## Öryggisvika sjómanna

*Tæknileg samvinna útgerða, áhafna og aðila í landi*

**RÁÐSTEFNA UM ÖRYGGI SJÓFARENDA**

**miðvikudaginn 27. september 2006**

**í Fjöltækniskóla Íslands, Reykjavík**

*Skráning á ráðstefnuna frá kl. 09:30 til 10:00*

*Setning ráðstefnunnar kl. 10:00*
Sturla Böðvarsson, samgönguráðherra.

*Dagskrá:*

1. *Áætlun um öryggi sjófarenda. Samgönguáætlun 2007 - 2010.* Gísli Viggósson, forstöðumaður, Siglingastofnun Íslands
2. *Öryggisstjórnun í fiskiskipum.* Ingimundur Valgeirsson, verkfr., Slysavarnafélagið Landsbjörg

*Hádegismatur í boði Siglingastofnunar Íslands.*

3. *Viðhorf útgerða til öryggistjórnunar í fiskiskipum.* Rúnar Þór Stefánsson, útgerðarst. HB Granda
5. *Eldvarnir í skipum.* Þráinn Skúlason, Slysavarnaskóli sjómanna
6. *Rannsóknir um vatnsþéttileika skipa.* Jón Bernódusson, skipaverkfr., Siglingastofnun Íslands
7. *Rannsóknir um loftgæði í skipum.* Agnar Erlingsson, skipaverkfr., Navis-Fengur ehf.
8. *Rannsóknir um hávaða í skipum.* Jón Bernódusson, skipaverkfr., Siglingastofnun Íslands
9. *Kynning á verkefninu „Öryggi sjófarenda á norðurslóðum“.* Ingibjörg Jónsdóttir, Háskóli Íslands

*Kaffihlé.*

10. *Lokaerindi.* Sigurbjörn L. Guðmundsson, skipstjóri á Sturlu GK-12.
11. *Umræður.*

*Léttar veitingar í boði samgönguráðuneytis frá kl. 15:45 til 17:15*

**Fundarstjórar:**
Svana Margrét Davíðsdóttir, formaður verkefnisstjórnar áætlunar um öryggi sjófarenda.
Sævar Gunnarsson, formaður Sjómannasambands Íslands.

JJ LISTO. 06



**ALLIR ÁHUGAMENN UM ÖRYGGI SJÓFARENDA VELKOMNIR**

**AÐGANGUR ÓKEYPIS**

Að undirbúningi standa:
Samgönguráðuneytið, Siglingastofnun Íslands, Slysavarnafélagið Landsbjörg, Landhelgisgæsla Íslands, Samband íslenskra kaupskipaútgerða, Landssamband íslenskra útvegsmanna, Landssamband smábátaeigenda, Farmanna- og fiskimannasamband Íslands, Vélstjórafélag Íslands og Sjómannasamband Íslands.

## > Gísli tekur við hjá ÍA

Eins og Fréttablaðið greindi frá á dögunum þá hefur verið orðrómur í gangi um að Gísli Gíslason, fyrrum bæjarstjóri á Akranesi, myndi taka við stjórnartaumunum hjá knattspyrnudeild ÍA og að hann ætlaði sér að ráða Guðjón Þórðarson sem þjálfara liðsins. Gísli staðfesti við Fréttablaðið í gær að hann myndi taka við knattspyrnudeildinni. „Það er verið að skipta um stjórn í vikunni og ég hef gefið jákvætt svar um að taka að mér formennsku hjá rekstrarfélaginu," sagði Gísli en er hann búinn að ráða Guðjón Þórðarson? „Það er ekki búið að ganga frá einu né neinu. Það þekkja allir þjálfaraferil Guðjóns og hann er mjög glæsilegur. Ég vil ekki segja mikið meira um málið á þessu stigi en ég er ekki í þeim hópi sem leggst á móti mjög dyggum og góðum Skagamönnum."



# sport

sport@frettabladid.is

**JÓNAS KRISTINSSON:** FÉKK BÍLLYKIL Á BÓLAKAF Í LÓFANN Í MIÐJUM FAGNAÐARLÁTUM

## *Slasaðist í fagnaðarlátum KR-inga*

Jónas Kristinsson, formaður KR Sports, lenti í heldur skrautlegri reynslu á laugardaginn er KR náði stigi af Val með dramatísku marki á lokamínútu leiksins. Úrslitin þýddu að KR næði 2. sæti deildarinnar sem gæfi liðinu þátttökurétt í UEFA-bikarkeppninni að ári. KR-ingar höfðu því miklu að fagna en fögnuðurinn var ekki sársaukalaus fyrir formanninn.

„Já, það mætti kannski segja að maður hefði verið krossfestur á Laugardalsvellinum," sagði Jónas en félagi hans, Kristinn Kjærnested, átti þar hlut að máli. Sá síðarnefndi lýsir þessu þannig.

„Maður var alveg búinn á því undir lok leiksins og ég ákvað því að tölta úr stúkunni. Ég fór á bakvið markið og er bara einn með sjálfum mér að fylgjast með leiknum. Svo kemur markið og maður trompast eins og lítill strákur í fagnaðarlátunum. Svo þegar ég kem til baka þá kemur Jónas á móti mér með báðar hendur á lofti og biður um „high-five". Ég var búinn að setja hendurnar í frakkann og lyfti þeim upp og tek bara á því eins og Jón Páll hefði gert. Svo lít ég við skömmu síðar og þá skelfur Jónas þarna eins og hrísla og það fossblæðir úr lófanum á honum. Þá hélt ég á bíllykli sem hafði bara nánast farið í gegnum lófann á honum.

Báðir gátu þeir hlegið að atvikinu en Jónas fékk aðhlynningu hjá sjúkraþjálfara KR-liðsins. „Hann tók mig til meðferðar og var ég eini maðurinn sem þurfti að huga að allan leikinn," sagði Jónas og hló. „En við erum enn góðir vinir, það breytist ekkert."

Það sem skipti mestu voru úrslit leiksins og Jónas var ánægður með þau. „Þetta var einmitt það sem við þurftum á að halda og nú getum við farið að koma okkur almennilega á kortið aftur."



## ÚRSLIT LEIKJA Í GÆR

### *Enska úrvalsdeildin*

| | |
|---|---|
| PORTSMOUTH-BOLTON | 0-1 |

0-1 Kevin Nolan (22.).

**STAÐA EFSTU LIÐA:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **CHELSEA** | **6** | **5** | **0** | **1** | **11-3** | **15** |
| MAN. UTD | 6 | 4 | 1 | 1 | 12-4 | 13 |
| **PORTSMOUTH** | **6** | **4** | **1** | **1** | **9-1** | **13** |
| EVERTON | 6 | 3 | 3 | 0 | 11-5 | 12 |
| **ASTON VILLA** | **6** | **3** | **3** | **0** | **8-3** | **12** |
| BOLTON | 6 | 3 | 2 | 1 | 5-3 | 11 |
| **LIVERPOOL** | **6** | **3** | **1** | **2** | **8-6** | **10** |
| READING | 6 | 3 | 1 | 2 | 8-7 | 10 |
| **ARSENAL** | **5** | **2** | **2** | **1** | **6-3** | **8** |
| BLACKBURN | 6 | 2 | 2 | 2 | 6-8 | 8 |
| **FULHAM** | **6** | **2** | **1** | **3** | **6-8** | **7** |

### *Sænska úrvalsdeildin*

| | |
|---|---|
| GEFLE IF-DJURGÅRDEN | 2-0 |

Kári Árnason og Sölvi Geir Ottesen byrjuðu báðir á varamannabekknum hjá Djurgården. Kári kom inn á á 69. mínútu en Sölvi kom ekkert við sögu í leiknum.

| | |
|---|---|
| IFK GAUTABORG-GAIS | 0-0 |

Hjálmar Jónsson var í byrjunarliði Gautaborgar og lék allan leikinn. Jóhann B. Guðmundsson var í byrjunarliði GAIS en var skipt út af á 79. mínútu.

| | |
|---|---|
| KALMAR FF-BK HÄCKEN | 0-0 |

Ari Freyr Skúlason var ekki í leikmannahópnum hjá BK Häcken.

**STAÐAN**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **AIK** | **19** | **11** | **6** | **2** | **35-17** | **39** |
| ELFSBORG | 19 | 9 | 9 | 1 | 35-17 | 36 |
| **GÖTEBORG** | **20** | **8** | **8** | **4** | **33-22** | **32** |
| KALMAR | 20 | 9 | 4 | 7 | 28-21 | 31 |
| **DJURGÅRDEN** | **20** | **8** | **6** | **6** | **22-18** | **30** |
| MALMÖ | 20 | 8 | 6 | 6 | 34-29 | 30 |
| **HELSINGB.** | **19** | **7** | **7** | **5** | **29-23** | **28** |
| HAMMARBY | 19 | 9 | 4 | 6 | 32-28 | 28 |
| **GEFLE** | **20** | **7** | **5** | **8** | **21-28** | **26** |
| GAIS | 20 | 5 | 8 | 7 | 20-25 | 23 |
| **HALMSTAD** | **20** | **4** | **9** | **7** | **17-25** | **21** |
| ÖRGRYTE | 19 | 3 | 5 | 11 | 19-33 | 14 |
| **HÄCKEN** | **20** | **2** | **7** | **11** | **19-36** | **13** |
| ÖSTER | 19 | 3 | 4 | 12 | 14-36 | 13 |

### *Sænska 1. deildin*

| | |
|---|---|
| LJUNGSKILE SK-IFK NORRKÖPING | 0-0 |

Garðar Gunnlaugsson lék allan leikinn í liði Norrköping en Stefán Þórðarson var ekki í leikmannahópi liðsins.

### *Austurríki - handbolti*

| | |
|---|---|
| BREGENZ-UHK KREMS | 32-31 |

# Heimir hafnaði Fram

**Heimir Guðjónsson, aðstoðarþjálfari FH, hafnaði í gær tilboði frá Fram um að taka að sér þjálfun félagsins. Hann mun þess í stað skrifa undir nýjan þriggja ára samning við FH. Hann verður áfram aðstoðarþjálfari meistaraflokks FH.**

**FÓTBOLTI** Heimir Guðjónsson hefur ákveðið að hafna tilboði Fram um að taka að sér meistaraflokk félagsins. Fram hefur undanfarna daga verið í viðræðum við nokkra þjálfara en úr varð að félagið vildi semja við Heimi þar sem ekki var vilji fyrir því að halda Ásgeiri Elíassyni hjá félaginu.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins var allt svo gott sem klappað og klárt í gær um að Heimir myndi taka við Fram en eftir fund með FH-ingum í gærkvöldi snerist Heimi hugur og hann mun því starfa áfram fyrir Íslandsmeistarana. Það er því enn óljóst hver tekur við Fram en samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er Ólafur Þórðarson næstur á óskalista Fram.

„Tilboð Fram var freistandi en ég vildi halda tryggð við mitt lið í Firðinum og hlakka til að halda starfi mínu þar áfram," sagði Heimir við Fréttablaðið í gær en ásamt því að vera aðstoðarþjálfari meistaraflokks mun hann koma að þjálfun ungra og efnilegra leikmanna hjá félaginu.

Nokkur lið hafa borið víurnar í Heimi síðustu vikur, sem hefur alltaf stefnt á að gerast þjálfari, en án árangurs. Margir FH-ingar hafa viljað sjá Heimi sem aðalþjálfara hjá félaginu en ekkert verður af því í bili þar sem Ólafur Jóhannesson hefur framlengt samning sinn við félagið. Miðað við nýjustu tíðindi er ekki ólíklegt að verið sé að munstra Heimi sem framtíðarþjálfara eftir að Ólafur stígur frá borði.

Heimir er 37 ára að aldri, uppalinn hjá KR en lék einnig með KA og ÍA áður en hann fór í FH þar sem hann lauk glæstum ferli sem Íslandsmeistari eftir langa eyðimerkurgöngu.

Forráðamenn Fram sögðu snemma í gær að þeir stefndu að því að loka málinu í gærkvöld en sinnaskipti Heimis gera það að verkum að Safamýrarliðið er enn án þjálfara.

**henry@frettabladid.is**



**HEIMIR ÁFRAM Í HAFNARFIRÐI** Heimir Guðjónsson hafnaði freistandi tilboði frá Fram og ákvað að framlengja við FH í staðinn. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**BESTUR Í UMFERÐUM 10-18** Björgólfur var frábær seinni hluta mótsins.

Bestir í Landsbankadeildinni:

## Björgólfur og Ólafur bestir

**FÓTBOLTI** Íþróttafréttamenn Fréttablaðsins og Sýnar völdu í gærkvöld í sérstökum Landsbankadeildarþætti á Sýn bestu einstaklingana í síðari hluta Íslandsmótsins.

Þrír bestu leikmennirnir að mati íþróttafréttamanna Fréttablaðsins og Sýnar voru Björgólfur Takefusa úr KR, Bjarni Guðjónsson frá ÍA og FH-ingurinn Tryggvi Guðmundsson. Af þrem góðum kostum þótti Björgólfur standa upp úr en hann skoraði átta mikilvæg mörk á seinni hluta tímabilsins.

Ólafur Jóhannesson, þjálfari FH, stýrði sínum mönnum til titils þriðja árið í röð og var valinn besti þjálfarinn en aðrir þjálfarar sem sköruðu fram úr voru Teitur Þórðarson hjá KR og Skagaþjálfararnir Arnar og Bjarki Gunnlaugssynir.

Garðar Örn Hinriksson var útnefndur besti dómarinn í seinni umferðinni en hann dæmdi oft á tíðum frábærlega á seinni hluta mótsins. Þeir sem komust næst honum að mati Fréttablaðsins og Sýnar voru Ólafur Ragnarsson og Jóhannes Valgeirsson. **- hbg**



**ÓLAFUR JÓHANNESSON** Áfram hjá FH.

Ólafur Jóhannesson:

## Framlengir við meistara FH

**FÓTBOLTI** Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er Ólafur Jóhannesson búinn að skrifa undir nýjan eins árs samning við FH.

Ólafur gaf í skyn í lok móts að hann vildi halda áfram með FH-liðið og forráðamenn félagsins voru fljótir til og eru búnir að loka málinu. **- hbg**

Manchester United mætir aftur á leikvang ljóssins í Lissabon:

# Manchester United vill hefna ófara síðasta árs

**FÓTBOLTI** Árið 1966 skoraði átján ára unglingur að nafni George Best þrennu fyrir Manchester United gegn portúgalska liðinu Benfica í Evrópukeppni meistaraliða. Þá þaggaði hann í áhorfendum á leikvangi ljóssins í Portúgal sem fyrir rest stóðu upp og hylltu afrek hans. Tveimur árum síðar skoraði hann aftur gegn liðinu, þá í úrslitaleik keppninnar og tryggði ensku liði í fyrsta sinn Evrópumeistaratitil.

Liðin hafa mæst alls fimm sinnum í Evrópukeppninni og í desember í fyrra vann Benfica sinn fyrsta sigur á Manchester United. Sá sigur þýddi að Benfica komst áfram í 16-liða úrslit en Manchester United sat eftir með sárt ennið.

Sir Alex Ferguson ætlar að ganga úr skugga um að það endurtaki sig ekki. Reyndar hefur Manchester United ekki unnið síðustu átta útileiki sína í Meistaradeildinni. Benfica er aftur á móti ósigrað í síðustu fjórum leikjum sínum á heimavelli og hefur liðið haldið hreinu í síðustu þremur. Í hinum leik riðilsins tekur Celtic á móti FC Kaupmannahöfn þar sem Peter Gravesen, leikmaður Celtic, mætir löndum sínum. Þá verður einnig athyglisverð viðureign Real Madrid og Dynamo Kiev en bæði lið töpuðu sínum leikjum í fyrstu umferðinni.

Í G-riðli tekur Arsenal á móti Porto í fyrsta leik þeirra ensku á nýjum heimavelli sínum í aðalkeppni Meistaradeildarinnar. Arsene Wenger gefst kostur á að fagna tíu árum í starfi hjá Arsenal með sigri í dag á fyrrum Evrópumeisturunum. Liðin hafa aldrei mæst í Evrópukeppninni áður en í níu ferðum Porto til Englands hefur liðinu aldrei tekist að sigra. **- esá**



**ÚR LEIK** Alan Smith gengur niðurlútur af velli í Lissabon í fyrra eftir að Benfica vann 2-1 sigur á Manchester United sem um leið féll úr leik í Meistaradeildinni. NORDIC PHOTOS/GETTY

**LEIKIR KVÖLDSINS**

**E-RIÐILL:**

| | |
|---|---|
| STEAUA BÚKAREST-OLYMPIQUE LYON | 18.45 |
| REAL MADRID-DYNAMO KIEV | 18.45 |

**F-RIÐILL:**

| | |
|---|---|
| BENFICA-MANCHESTER UNITED | 18.45 |
| CELTIC-FC KAUPMANNAHÖFN | 18.45 |

**G-RIÐILL:**

| | |
|---|---|
| CSKA MOSKVA-HAMBURGER SV | 16.30 |
| ARSENAL-PORTO | 18.45 |

**H-RIÐILL:**

| | |
|---|---|
| AEK AÞENA-ANDERLECHT | 18.45 |
| LILLE-AC MILAN | 18.45 |



MAGNUS HEDMAN Hér í leik með Celtic en hefur leikið með Ancona, Coventry, AIK og IFK Stokkhólmi. NORDICPHOTOS/GETTY

Hættur en vinsæll:

## Newcastle vill fá Hedman

**FÓTBOLTI** Aftonbladet greindi frá því í gær að Newcastle hefði sett sig í samband við fyrrum sænska landsliðsmarkvörðinn Magnus Hedman sem lagði skóna á hilluna fyrir fimmtán mánuðum. Hedman er 33 ára gamall og fyrirspurnin kom honum algerlega í opna skjöldu. „Ég átti ekki von á því að fólk myndi eftir mér þar sem ég hef ekki spilað lengi,“ sagði Hedman.

Shay Given lagðist nýverið undir hnífinn og verður frá í sex vikur. - esá

Rannsókn um spillingu:

## 50 grunsamleg félagaskipti

**FÓTBOLTI** Fyrr á árinu réð enska knattspyrnusambandið fyrrum yfirmann Lundúnalögreglunnar, Stevens lávarð, til að rannsaka ásakanir um mútugreiðslur í tengslum við félagaskipti leikmanna. Greint var frá því um helgina að rannsókn Stevens hefði leitt í ljós 50 grunsamleg félagaskipti sem skoða þyrfti nánar. Alls voru 362 félagaskipti skoðuð. Niðurstöðu rannsóknarinnar er að vænta á mánudag. - esá

# Valsmönnum spáð sigri

**Valur og Stjarnan munu standa uppi sem sigurvegarar í DHL-deild karla og kvenna ef spár forráðamanna og fyrirliða liða í deildunum rætast. Átta lið mæta til leiks í 1. deild karla og þar er Aftureldingu og FH spáð í 1. og 2. sætið.**

**HANDBOLTI** Árlegur kynningarfundur fyrir handboltatímabilið sem senn er að hefjast var haldinn í gær. Þar spáðu þjálfarar og fyrirliðar liða í deildunum um gengi liðanna í vetur. Skemmst er frá því að segja að Valsmönnum var spáð sigri í DHL-deild karla og Stjörnunni í DHL-deild kvenna. Aftureldingu var spáð sigri í 1. deild karla og FH 2. sætinu en tvö efstu liðin komast í úrvalsdeild að ári. Fylki og ÍR var spáð falli úr úrvalsdeildinni. Leikin er þreföld umferð í öllum deildum.

„Mér líst ágætlega á þessa spá en hafa ber í huga að menn reyndust ekki sannspáir í fyrra,“ sagði Óskar Bjarni Óskarsson, þjálfari Vals. „En það er alltaf gaman að þessum spám, hún markar alltaf upphaf tímabilsins og vonandi að hún rætist í ár. Þetta er það sem við stefnum að og við erum þakklátir fyrir að þjálfarar og fyrirliðar annarra liða hafa greinilega trú á okkur og okkar mannskap. Ég vil líka meina að stjórn handknattleiksdeildarinnar hafi unnið gott starf í sumar og fengið til liðsins marga skemmtilega leikmenn.“

Óskar segir þó ekki ólíklegt að raunveruleikinn verði annar en spáin sýnir. „Það eru mörg hörkulið í deildinni sem eiga eftir að valda usla. Sem dæmi gætu HK og Stjarnan farið ofar en þeim er spáð. Ég held að það hafi ef til vill aldrei verið erfiðara að spá en núna í ár.“

Breytt fyrirkomulag er á Íslandsmótinu í ár en boðið verður upp á keppni í tveimur deildum í fyrsta sinn í langan tíma. „Mér fannst reyndar mjög gaman í fyrra en það hafa margir beðið eftir því að fá tvær deildir. Átta liða deild býður upp á mikla spennu og því vona ég að verði gaman í vetur.“




MEISTARARNIR? Markús Máni Michaelsson og Óskar Bjarni Óskarsson, fyrirliði og þjálfari Vals sem er spáð titlinum í ár. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Fjórtán lið voru í DHL-deild karla í fyrra og hafa nú tvö þeirra, KA og Þór, sameinast í eitt lið, Akureyri. Það keppir í úrvalsdeildinni en fimm lið frá því í fyrra keppa nú í 1. deildinni auk þriggja nýrra. Það eru Grótta, Höttur og Haukar 2 en tvö síðastnefndu liðin hafa undanfarin ár keppt í utandeildinni.

Viðbúið er að fimm lið verði í sérflokki í DHL-deild kvenna en þar keppa níu lið í ár. Tíu lið voru í deildinni í fyrra og aðeins tvöföld umferð verður þéttari hjá konunum í vetur. Fækkunina má skýra með því að tvö lið hafa sameinast undir merkjum Akureyrar.

„Spáin staðfestir grun okkar í Stjörnunni að við erum á réttri lið með liðið okkar,“ sagði Aðalsteinn Eyjólfsson, þjálfari Stjörnunnar. „Ég býst við því að 4-5 lið eru með hvað bestan mannskap en það telur ekki alltaf. Ung lið eins og Fram og HK gætu vel spýtt í lófana og strítt hinum liðunum. En ég tel að Grótta muni mæta gríðarlega sterkt til leiks í vetur.“ eirikur.asgeirsson@frettabladid.is

## SPÁIN 2006-2007

*DHL-deild karla*

| | |
|---|---|
| 1. VALUR | 226 STIG |
| 2. FRAM | 209 |
| 3. HAUKAR | 191 |
| 4. STJARNAN | 159 |
| 5. HK | 155 |
| 6. AKUREYRI | 123 |
| 7. FYLKIR | 101 |
| 8. ÍR | 84 |

*DHL-deild kvenna*

| | |
|---|---|
| 1. STJARNAN | 253 STIG |
| 2. HAUKAR | 240 |
| 3. VALUR | 205 |
| 4. ÍBV | 185 |
| 5. GRÓTTA | 175 |
| 6. FH | 139 |
| 7. HK | 108 |
| 8. FRAM | 93 |
| 9. AKUREYRI | 60 |

*1. deild karla*

| | |
|---|---|
| 1. AFTURELDING | 224 |
| 2. FH | 214 |
| 3. ÍBV | 167 |
| 4. SELFOSS | 156 |
| 5. GRÓTTA | 147 |
| 6. VÍKINGUR/FJÖLNIR | 136 |
| 7. HAUKAR 2 | 124 |
| 8. HÖTTUR | 84 |

Þýska knattspyrnan:

## Gladbach og Aachen sektuð

**FÓTBOLTI** Þýsku úrvalsdeildarfélögin Aachen og Borussia Mönchengladbach hafa verið sektuð af þýska knattspyrnusambandinu eftir að stuðningsmenn liðanna viðhöfðu niðrandi ummæli sem fólu í sér kynþáttafordóma um leikmennina í leik liðanna. Aachen var sektað um 6,75 milljónir króna og Gladbach um 2,25 milljónir. FH var í sumar sektað um 30 þúsund krónur fyrir samskonar atvik í leik liðsins gegn ÍBV. - esá



## ÚR BÍÓHEIMUM

Hver mælti og í hvaða kvikmynd?

**„People say crazy shit during sex. One time I called this girl „Mom".“**

Svar: Randal Graves (Jeff Anderson) úr Clerks frá 1994

# dagskrá

VIÐ TÆKIÐ ÁLFRÚN PÁLSDÓTTIR FYLGDIST MEÐ PÍNLEGUM TILÞRIFUM FEGURÐARDÍSANNA

## *Smælað framan í heiminn*

Sunnudagar eru ávallt miklir sjónvarpsdagar á mínu heimili þar sem heilinn er settur í pásu þennan eina dag fyrir átök komandi viku. Því miður eru sjónvarpsstöðvarnar ekki jafn innstilltar inn á þennan sjónvarpsdag því dagskrá sunnudaga er með eindæmum léleg alls staðar. Það býður ekki upp á neitt annað en kvöld af stöðvaflakki þar sem fjarstýringin er varla lögð niður og ekki horft á neinn þátt til enda.

Ég datt samt sem áður niður á kynningarþátt fyrir Ungfrú heim sem fer fram á fimmtudaginn. Ég er nú ekki mikill aðdáandi slíkra kroppasýninga og var vægast sagt pínlegt að horfa á stúlkurnar dilla sér fyrir framan myndavélina brosandi framan í heiminn með vaselín á tönnunum. Stelpugreyin þurftu að segja hvað þær vildu gera í lífinu og þar sem flestar þeirra eru ennþá óharðnaðir unglingar voru markmiðin ansi háleit að mínu mati. Til dæmis sagði stúlkan frá Tékklandi, ef mig minnir rétt, að ástæðan fyrir því að hún vildi vinna þessa keppni væri að hún vildi útrýma fátækt í heiminum. Hvað kemur fátækt fegurð við, ég bara spyr? Af hverju á fallegasta kona í heimi að geta útrýmt þessu alþjóðavandamáli sem helstu leiðtogar heimsins geta ekki einu sinni leyst?

Önnur fegurðardís sagði svo kostulega á meðan hún brosti sínu fegursta framan í myndavélina að ef allur heimurinn mundi brosa þá væru meinsemdir heimsins læknaðar. Já, góð hugmynd eða hvað? Þessi þáttur uppskar allavega nokkur bros hjá mér þannig að kannski að ég hafi með því leyst fjárhagserfiðleika einhverra fjölskyldna í heiminum á meðan.



**KEPPENDUR UM TITILINN UNGFRÚ HEIMUR** Kynntu sig til leiks í þætti sem sýndur var á sunnudagskvöldið og höfðu þær flestar háleit markmið um hvernig ætti að útrýma vandamálum heimsins.



▶ 19.35 *Dægurmál*

KASTLJÓS



▶ 19.40 *Gaman*

THE SIMPSONS



▶ 20.30 *Veruleiki*

ROCK SCHOOL



▶ 20.10 *Veruleiki*

QUEER EYE FOR THE STRAIGHT GUY



▶ 21.20 *Íþróttir*

ARSENAL – PORTO

### SJÓNVARPIÐ

**17.05** Leiðarljós **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Magga og furðudýrið (3:26) **18.25** Andlit jarðar (10:16)

**18.30 Kappflugið í himingeimnum (3:26)** (Oban Star-Racers)
**19.00 Fréttir, íþróttir og veður**
▶ **19.35 Kastljós**
**20.30 Veronica Mars (5:22)** (Veronica Mars II)
**21.15 Sjónvarpið 40 ára (18:21)**
**21.25 Drög að bíómynd**
**22.00 Tíufréttir**
**22.25 Vincent (3:4)** (Vincent) Breskur sakamálaflokkur um fyrrverandi lögreglumann sem orðinn er einkaspæjari og fæst við ýmis snúin mál. Atriði í þættinum eru ekki við hæfi barna.

**23.40** Spaugstofan (2:29) **0.05** Kastljós **1.05** Dagskrárlok

### STÖÐ 2

**6.58** Ísland í bítið **9.00** Bold and the Beautiful **9.20** Í fínu formi 2005 **9.35** Martha **10.20** My Sweet Fat Valentina **11.10** Sisters

**12.00** Hádegisfréttir **12.25** Neighbours **12.50** Í fínu formi 2005 **13.05** Home Improvement (14:28) **13.30** Meistarinn (12:22) (e) **14.15** Jane Hall's Big Bad Bus Ride (4:6) **15.05** I'm Still Alive (4:5) **16.00** Shin Chan **16.25** Mr. Bean **16.45** He Man **17.10** Nornafélagið **17.35** Músti **17.40** Bold and the Beautiful **18.05** Neighbours

**18.30 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.00 Ísland í dag**
▶ **19.40 The Simpsons (11:22)** (Simpson fjölskyldan)
**20.05 The Apprentice (12:14)** (Lærlingurinn) Lærlingarnir fjórir sem eftir eru þurfa nú að búa til þrjátíu sekúndna auglýsingu fyrir nýjan Microsoft Office pakka.
**20.50 Hustle (4:6)** (Svikahrappar) Glæpagengið reynir að blekkja illræmdan asískan eiganda barnaþrælkunarverksmiðju. Hann er mikill unnandi Bollywood-mynda og því er ætlunin að nota gamalt bíóbragð á hann.
**21.45 NCIS (12:24)** (Glæpadeild sjóhersins)
**22.30 Man Stroke Woman (4:6)** (Maður/Kona)

**23.00** Shield (4:11) (Stranglega bönnuð börnum) **23.45** Deadwood (4:12) (Stranglega bönnuð börnum) **0.35** Bones (22:22) (Bönnuð börnum) **1.20** The Barber of Siberia **4.10** Hustle (4:6) **5.05** Fréttir og Ísland í dag **6.15** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

### SIRKUS TV

**18.00** Insider (e)

**18.30 Fréttir NFS**
**19.00 Ísland í dag**
**19.30 Seinfeld** (The Doodle)
**20.00 Entertainment Tonight**
▶ **20.30 Rock School 1**
**21.00 Rescue Me** Frábærir þættir um hóp slökkviliðsmanna í New York borg þar sem alltaf er eitthvað í gangi.
**22.00 24 (7:24)**
**22.45 24 (8:24)**

**23.30** Insider **0.00** The War at Home (e) **0.25** Seinfeld **0.50** Entertainment Tonight (e)

### SKJÁREINN

**7.00** 6 til sjö (e) **8.00** Dr. Phil (e)

**15.35** Surface (e) **16.20** Beverly Hills 90210 **17.05** Dr. Phil **18.00** 6 til sjö

**19.00 Melrose Place**
**19.45 Ungfrú heimur 2006: Asía** Nú kynnumst við stúlkunum sem berjast um titilinn ungfrú Asía.
▶ **20.10 Queer Eye for the Straight Guy**
**21.00 Innlit / útlit – Ný þáttaröð** Innlit útlit hefur skapað sér sess sem einn vandaðasti hönnunar- og lífsstílsþáttur þjóðarinnar.
**22.00 Conviction** Stórlax í tónlistarheiminum er ákærður fyrir morðtilraun og Potter fer í vettvangskönnun með lögreglunni og allt fer úr böndunum.
**22.50 Jay Leno**

**23.35** Survivor: Cook Islands (e) **0.30** The Dead Zone (e) **1.15** Beverly Hills 90210 (e) **2.00** Melrose Place (e) **2.45** Óstöðvandi tónlist

### SÝN

besta sætið

**17.30** Meistaradeild Evrópu **18.00** Meistaradeildin með Guðna Bergs

**18.30 Meistaradeild Evrópu** Benfica – Man. Utd. Á sama tíma er Arsenal – Porto sýndur á Sýn Extra og Real Madrid – Dynamo Kiev á Sýn Extra 2.
**20.40 Meistaradeildin með Guðna Bergs** Meistaramörk
▶ **21.20 Meistaradeild Evrópu** Arsenal – Porto

**23.20** Meistaradeild Evrópu **1.20** Meistaradeildin með Guðna Bergs

### SKJÁR SPORT

**7.00** Að leikslokum (e) **12.00** Parma – AC Milan (e) Frá 24.09 **14.00** Fulham – Chelsea (e) Frá 23.09 **16.00** Wigan – Watford (e) Frá 23.09 **18.00** Þrumuskot (e)

**19.00 Ítölsku mörkin (e)** .
**20.00 Liverpool – Tottenham (e) Frá 23.09**
**22.00 Portsmouth – Bolton (e) Frá 25.09**

**0.00** Dagskrárlok

### CARTOON NETWORK

**12.00** Atomic Betty **12.30** The Grim Adventures of Billy & Mandy **13.00** Ed, Edd n Eddy **13.30** Battle B-Daman **14.00** The Powerpuff Girls **14.30** The Life & Times of Juniper Lee **15.00** The Grim Adventures of Billy & Mandy **15.30** Codename: Kids Next Door **16.00** Dexter's Laboratory **16.30** World of Tosh **17.00** Foster's Home for Imaginary Friends **17.30** What's New Scooby-Doo? **18.00** Sabrina, The Animated Series **18.30** Tom & Jerry **19.00** X-Men Evolution **19.30** X-Men Evolution **20.00** X-Men Evolution **20.30** X-Men Evolution **21.00** Johnny Bravo **21.30** Ed, Edd n Eddy **22.00** Dexter's Laboratory

### OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

### E! ENTERTAINMENT

**12.00** E! News **12.30** The Daily 10 **13.00** Child Star Confidential **13.30** E! News Special: Paris Hilton **14.00** Johnny Depp THS **15.00** Women of Sex and The City THS **17.00** Girls of the Playboy Mansion **17.30** Girls of the Playboy Mansion **18.00** E! News **18.30** The Daily 10 **19.00** Punky Brewster THS **20.00** 101 Most Sensational Crimes of Fashion! **21.00** Naked Wild On **21.30** Naked Wild On **22.00** Dr. 90210 **23.00** Girls of the Playboy Mansion **23.30** Girls of the Playboy Mansion **0.00** Punky Brewster THS **1.00** 101 Most Sensational Crimes of Fashion! **2.00** 101 Most Shocking Moments in Entertainment

### SJÓNVARP NORÐURLANDS

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15


2 BÍÓ NFS SIRKUS



RÚV PLÚS
NÚ Á DIGITAL ÍSLANDI
STÆRSTA DREIFIKERFIÐ | EINFALDASTA UPPSETNINGIN | LANG FLESTAR STÖÐVAR
Rúv plús er á rás 99

OG VODAFONE / 515 6100 / DIGITALISLAND.IS
digital ísland

## VIÐ MÆLUM MEÐ

### SKJÁREINN KL. 19.45

### Ungfrú heimur

Næstkomandi laugardag verður Ungfrú heimur 2006 krýnd í beinni útsendingu á SkjáEinum. Vikuna fyrir keppni verða stúlkurnar kynntar og áhorfendur geta kosið fegurstu stúlku síns heimshluta. Byrjað var á Norður- og Suður-Evrópu og í kvöld er komið að stúlkunum sem berjast um titilinn Ungfrú Asía. Á morgun er komið að síðasta þættinum en þá spranga fögur fljóð frá Afríku um sýningapallana.
Eins og alþjóð veit er Unnur Birna núverandi Ungfrú heimur og spennandi verður að sjá hvort Ásdísi Svövu gengur jafn vel. Allir kusu Magna, nú skulum við öll kjósa Ásdísi!



## Sudoku dagsins

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com. Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

**Lausn á gátu gærdagsins**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 3 | 9 | 6 | 1 | 5 | 2 | 7 | 4 |
| 7 | 5 | 6 | 2 | 3 | 4 | 8 | 9 | 1 |
| 1 | 4 | 2 | 7 | 8 | 9 | 3 | 6 | 5 |
| 3 | 8 | 5 | 4 | 6 | 2 | 9 | 1 | 7 |
| 6 | 7 | 4 | 1 | 9 | 8 | 5 | 3 | 2 |
| 9 | 2 | 1 | 3 | 5 | 7 | 4 | 8 | 6 |
| 4 | 1 | 3 | 9 | 2 | 6 | 7 | 5 | 8 |
| 5 | 6 | 7 | 8 | 4 | 3 | 1 | 2 | 9 |
| 2 | 9 | 8 | 5 | 7 | 1 | 6 | 4 | 3 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 7 | | | | 1 | | |
| | | | | | | | | |
| | 6 | | 1 | 8 | 3 | | 5 | |
| 8 | | | 7 | | 6 | | | 2 |
| | 2 | | | 5 | | | 6 | |
| 3 | | | 4 | | 2 | | | 5 |
| | 3 | | 9 | 6 | 8 | | 4 | |
| | | | | | | | | |
| | | 2 | | | | 8 | | |



▶ **22.00**

*Spenna*

TO KILL A KING

## STÖÐ 2 BÍÓ

**6.00** Full Frontal (Bönnuð börnum) **8.00** Fíaskó **10.00** Teenage Mutant Ninja Turtles

**12.00** One True Thing **14.05** Fíaskó **16.00** Teenage Mutant Ninja Turtles **17.55** One True Thing

**20.00** **Full Frontal** (Allt opinberað) Bönnuð börnum.

▶ **22.00** **To Kill a King** (Kóngamorð) Dramatísk kvikmynd, byggð á sannsögulegum atburðum. Bönnuð börnum.

**0.00** Ring O (Stranglega bönnuð börnum) **2.00** Hardball (Bönnuð börnum) **4.00** To Kill a King (Bönnuð börnum)

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**6.30** Morguntónar **6.50** Bæn **7.05** Morgunvaktin **9.05** Laufskálinn **9.45** Morgunleikfimi **10.13** Norrænt **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd

**12.20** Hádegisfréttir **12.50** Dánarfregnir og auglýsingar **13.00** Vítt og breitt **14.03** Útvarpssagan: Lygasaga **14.30** Seiður og hélog **15.03** Orð skulu standa **16.13** Hlaupanótan **17.03** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.25** Spegillinn **18.50** Dánarfregnir og auglýsingar **19.00** Vitinn **19.30** Laufskálinn **20.20** Óvissuferð – allir velkomnir **21.00** Afsprengi **21.55** Orð kvöldsins

**22.15** Dægradvöl **23.10** Fimm fjórðu

## RÁS 2 FM 90,1/99,9

**6.05** Morguntónar **6.30** Morgunútvarp Rásar 2 **9.03** Brot úr degi **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Poppland

**16.10** Síðdegisútvarpið **18.00** Kvöldfréttir **18.25** Spegillinn **19.00** Sjónvarpsfréttir **19.30** Á vellinum **22.10** Rokkland **0.10** Popp og ról **0.30** Spegillinn **1.10** Glefsur **2.03** Næturtónar **3.00** Samfélagið í nærmynd **4.00** Næturtónar **5.05** Norrænt **5.45** Næturtónar

## BYLGJAN FM 98,9

**7.00** Ísland í bítið **9.00** Ívar Guðmundsson

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi **13.00** Rúnar Róberts **16.00** Reykjavík Síðdegis

**18.30** Kvöldfréttir og Ísland í dag **19.30** Bjarni Ólafur / Ívar Halldórs **1.00** Ragnhildur Magnúsdóttir

## AÐRAR STÖÐVAR

**FM 90,9 TALSTÖÐIN**
**FM 99,4 ÚTVARP SAGA**
**FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin
**FM 102,2 Útvarp Latibær** / Fjölskyldu útvarp
**FM 102,9 Lindin** / Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt Bylgjan** / Tónlist og afþreying
**FM 105,5 Útvarp Boðun** / Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss** / Nýja bítið í bænum
**FM 88,5 XA-Radíó** / 12 spora efni
**FM 91,9 XFM** / Tónlist og afþreying
**FM 97,7 X-ið** / Enginn viðbjóður




**HRÓSIÐ ...**



*... fær útvarpsmaðurinn Freyr Eyjólfsson sem nýverið tók bílpróf, 32 ára að aldri, og fer aldrei yfir löglegan hámarkshraða né gleymir að gefa stefnuljós.*



**LÁRÉTT:**
**2** andlegt áfall **6** málmur **8** kúgun **9** vell **11** öfug röð **12** hlé **14** hindrun **16** persónufornafn **17** loka **18** mál **20** í röð **21** frumeind.

**LÓÐRÉTT:**
**1** rótartauga **3** tveir eins **4** skotskífa **5** málmur **7** loftauga **10** rá **13** fiskur **15** stefna **16** borða **19** kusk.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2** lost, **6** ál, **8** oki, **9** gos, **11** on, **12** aflát, **14** tálmi, **16** ég, **17** lás, **18** tal, **20** lm, **21** atóm.
**LÓÐRÉTT: 1** tága, **3** oo, **4** skotmál, **5** tin, **7** loftgat, **10** slá, **13** áll, **15** ismi, **16** éta, **19** ló.

**VEISTU SVARIÐ**

Svör við spurningum á síðu 8

1. Kaupmannahöfn
2. Nirvana
3. Ian Woosnam






# Stórskotalið í nýjum sjónvarpsþætti

Mikil leynd hvílir yfir verkefni þeirra Sigurjóns Kjartanssonar og Óskars Jónassonar sem gengur undir vinnuheitinu Press en samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er um að ræða hálfgerðan E.R - þátt á dagblaði með tilheyrandi drama og spennu. Félagarnir hafa fengið handritastyrk frá Kvikmyndasjóði Íslands og eru Saga Film og Stöð 2 gengin til liðs við þá.

Sigurjón vildi lítið tjá sig um málið þegar Fréttablaðið hafði uppi á honum en sagði verkefnið vera í góðum farvegi. „Þetta er á handritastigi og það er verið að leita eftir fjármagni en við stefnum á að fara í tökur um mitt næsta ár," sagði Sigurjón en ekki hafa verið ráðnir neinir leikarar né leikstjóri.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hafa glæpasagnahöfundarnir Yrsa Sigurðardóttir og Árni Þórarinsson verið fengin í handritateymið en þeir Sigurjón og Óskar eru titlaðir „skaparar" og munu hafa yfirumsjón með gerð handritsins þannig að ekki verði neitt misræmi með persónur.

Samkvæmt Magnúsi Viðari Sigurðssyni hjá Saga Film er verið að leita eftir fjármagni frá Svíþjóð og Þýskalandi, væntanlega með það fyrir augum að selja þættina þangað en norrænar glæpasögur hafa átt góðu gengi að fagna í síðarnefnda landinu og því ljóst að þarna gæti verið frjór jarðvegur fyrir þættina. „Okkar draumur er að fjármagna tólf þátta röð," sagði Magnús Viðar en vildi ekki tjá sig um málið að öðru leyti. **- fgg**



**SIGURJÓN KJARTANSSON** Er titlaður sem annar skapari þáttanna Press sem núna eru í fullum undirbúningi.



**YRSA SIGURÐARDÓTTIR** Er af hinni nýju kynslóð glæpasagnahöfunda sem notið hafa mikilla vinsælda hér heima og erlendis.



**ÓSKAR JÓNASSON** Þættirnir eru sagðir gerast inni á fjölmiðli og er þeim líkt við sjúkrahúsþáttinn E.R.



**ÁRNI ÞÓRARINSSON** Hefur verið ráðinn í handritateymi þáttanna en hann er þekktur fyrir sögur sínar um Einar blaðamann.



**VIÐ UPPTÖKUR** Viðar ásamt afa sínum Vilberg Vilbergssyni og strákunum úr hljómsveitinni Flís við upptökur á plötunni sem er að sögn Viðars fyrsta flokks djass- og blúsplata.
FRÉTTABLAÐIÐ/SARA VILBERGS

**VIÐAR HÁKON GÍSLASON:** UNDIRBÝR ÚTGÁFU Á NÝRRI PLÖTU

# Gefur út djassplötu með afa sínum

„Ég ólst upp við glamur afa á píanóið á Ísafirði og það er eiginlega honum að kenna að ég fór að vinna í tónlist," segir Viðar Hákon Gíslason, gítarleikari í hljómsveitinni Trabant, sem hefur nýlokið upptökum að plötu ásamt afa sínum, Vilberg Vilbergssyni. Platan verður gefin út á næstunni á vegum 12 Tóna en ekki er enn komið nafn á verkið.

„Þetta er djassplata og samansafn af lögum eftir afa. Ég sá aðallega um upptökurnar og að velja úr efni," segir Viðar en upptökurnar fóru fram í Félagsheimilinu í Bolungarvík og í sundlaugarstúdíói Sigur Rósar í Mosfellsbæ. Viðar fékk strákana í hljómsveitinni Flís til að leggja þeim lið á plötunni.

Vilberg Vilbergsson er 76 ára gamall og algjör snillingur á harmónikku og saxófón og hefur smitað nánustu fjölskyldumeðlimi af tónlistarbakteríunni. Ásamt því að vera tónlistarmaður var Vilberg rakari á Ísafirði og segir Viðar afa sinn vera hinn fyrsta Hairdoctor.

„Ástæðan fyrir því að ég ákvað að fara með afa í stúdíó og gera plötu var að mig langaði að gefa honum eitthvað til baka. Hann hefur haft áhrif á mína tónlistargerð og nú þegar ég kann að taka upp tónlist langaði mig að gera eitthvað sniðugt með honum," segir Viðar. Hann bætir því við að tónlist Vilbergs sé með einhvern ákveðinn hljóm sem erfitt sé að lýsa en að platan sé fyrsta flokks blús- og djassplata.

**alfrun@frettabladid.is**

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Þáttur **Hemma Gunn**, Í sjöunda himni, fer í loftið frá Nasa á fimmtudaginn og eru miklar vonir við hann bundnar. Fyrsti gestur Hemma verður sjálf **Dilana** úr sjónvarpsþáttunum Rock Star: Supernova ásamt **Magna Ásgeirssyni** en þau ætla að halda tónleika á Hótel Íslandi um helgina ásamt Á móti Sól. Að sögn komast gestir í salnum ekki inn án vegabréfs því einn heppinn gestur verður dreginn út í beinni og keyrður út á flugvöll á sömu mínútunni.



Áheyrnarprufur fyrir þáttinn X-Factor hefjast á þriðjudaginn í næstu viku á Hótel KEA á Akureyri. Þegar hafa um fimm hundruð manns skráð sig og þrjátíu hópar auk þess sem fullmannaður kór mun hafa ákveðið að láta slag standa. Þau **Ellý** úr Q4U og **Páll Óskar** skipa dómnefndina auk **Einars Bárðarsonar** sem er kampakátur með velgengni Nylon. Umboðsmaðurinn hlýtur því að vera spenntur að sjá hvað birtist fyrir sjónum hans í X -Factor og hvort arftakar stúlknasveitarinnar knáu kunni að leynast þar.



**Eyrún Magnúsdóttir** hefur tekið lífinu með ró frá því að hún kvaddi Kastljós og safnað kröftum fyrir komandi verkefni. Hvaða verkefni það eru hefur hún aftur á móti verið ófáanleg til að gefa upp. Þó er haft fyrir satt að hún ætli að söðla algjörlega um og gerast upplýsingafulltrúi hjá ónefndu fjármálafyrirtæki, sem þýðir að líklega er hún að kveðja fjölmiðlabransann fyrir fullt og allt. Eyrún er með B.A.-gráðu í hagfræði, en hefur þó eingöngu starfað á fjölmiðlum frá því að hún lauk háskólanámi, og er ekki ósennilegt að hún vilji hasla sér völl á sviði sem stendur nær hennar menntun. **- fgg/bs**



# Gerði Bubba brjálaðan

Auðunn Blöndal, sem er þekktur fyrir strákapör sín í þættinum Strákunum, er að byrja með nýjan þátt á sjónvarpsstöðinni Sirkus undir nafninu Tekinn og verður fyrsti þátturinn sýndur 9. október. Þar hrekkir Auðunn fræga fólkið með áður óþekktum hætti en fyrirmyndin er sótt í þáttinn Punk'd á MTV sem gerði Ashton Kutcher að stórstjörnu.

„Ég er búinn að skemmta mér konunglega, hef verið að stjórna leikurum og haft mikið gaman af," segir Auðunn og bætir því við að svona þátt væri ekki hægt að gera öðruvísi en með dyggri aðstoð ættingja, vina og maka fórnarlambanna. „Tolli hjálpaði okkur til dæmis að gera at í bróður sínum Bubba Morthens," segir Auðunn en þeir létu draga bíl kóngsins á brott. „Bubbi varð náttúrlega alveg brjálaður og hringdi á lögguna," útskýrir Auðunn og hlær. Þá er Halla Vilhjálmsdóttir látin líta út fyrir að vera búðarþjófur og fékk kynnir X-Factor hálfgert sjokk í kjölfarið en þar var ekki látið við sitja heldur var Halla síðan æst upp úr öllu valdi. Auðunn segir þó að flestir hafi tekið gríninu með stóískri ró og hann hafi ekki hlotið neinn líkamlegan skaða af.

Skemmtilegast fannst Auðuni þó að hrekkja Badda, söngvara Jeff Who?, sem var sendur í hálfasnalega myndatöku hjá ljósmyndaranum Ara Magg. „Þátturinn gengur enda ekki eingöngu út á að hrekkja fólk heldur líka að koma þeim í vandræðalega aðstöðu." **- fgg**



**NÆSTA FÓRNARLAMB?** Auðunn Blöndal hefur verið að hrekkja fræga fólkið og hver veit nema Beyoncé verði næsta fórnarlamb.

# Sýnum hug okkar í verki!

# Göngum lengra!



## Jökulsárganga niður Laugaveginn í kvöld kl. 8 frá Hlemmi að Austurvelli

**Fundur á Austurvelli – þjóðarsátt fyrir komandi kynslóðir**
Ómar Ragnarsson hefur kynnt stórkostlegar hugmyndir um nýjar leiðir sem fela í sér að hægt verði að afla raforku til að knýja álverið í Reyðarfirði án þess að fórna þeim náttúruperlum sem færu undir fyrirhugað Hálslón. Ómar leggur til að fyllingu Hálslóns verði frestað og Kárahnjúkavirkjun verði geymd ógangsett sem magnað minnismerki um hugrekki þjóðar sem leitaði sátta við kynslóðir framtíðarinnar og eigin samvisku.

**Tökum áskorun Ómars! Við hvetjum alla til að sýna stuðning sinn í verki með því að safnast saman og ganga niður Laugaveginn!**

## Kaupum stífluna!

**Sáttargjörðin felst í alþjóðlegri söfnun um að kaupa stífluna og útvega álveri á Reyðarfirði orku með öðrum leiðum.**

Með því fæst:

- Þjóðarsátt til frambúðar
- Jafnmiklar útflutningstekjur
- Eitt þúsund störf
- Þjóðgarður á heimsminjaskrá UNESCO – eitt af kennimerkjum Íslands í framtíðinni
- Álver á Reyðarfirði
- Einstök mannvirki
- Engin hætta á uppblæstri eða stíflubresti

Félag um verndun hálendis Austurlands
Framtíðarlandið
Fuglavernd
HÆTTA!-hópurinn
Íslandsvinir
Landvernd

Náttúruvaktin
Náttúruverndarsamtök Íslands
NSS Náttúruverndarsamtök Suðurlands
NSV Náttúruverndarsamtök Vesturlands
NAUST Náttúruverndarsamtök Austurlands

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**




**BAKÞANKAR**


ÞÓRHILDAR ELÍNAR ELÍNARDÓTTUR


## *Píslir gefinna loforða*

Sem meistari í þeirri list að láta óheppileg orð falla, sór ég á dögunum að hlaupa tíu kílómetra á næstu menningarnótt. Þessi mistök urðu í hita leiksins í vitna viðurvist en með tilliti til aðstæðna hefði verið kurteislegt að líta á rausið sem óráðshjal.

**ÞVÍ** miðað við úthald, þrek og form er verkefnið tiltölulega vonlaust. Sennilega hefði ég átt að sukka meira á yngri árum, að minnsta kosti eru bæði Bubbi og Ellý rosaflottir kroppar. Af einhverjum ástæðum, kannski annarlegum hvötum, greip bóndi minn loforðið á lofti og skipaði sjálfan sig umsvifalaust sérlegan þjálfara. Ekki var liðin nema svona vika frá yfirlýsingunni að hann hafði mjakað mér í gamlar hlaupatúttur og pokalegar joggingbuxur og var þar með tilbúinn til að láta hía á mig úti á götu. Hann þóttist vilja hlaupa með mér til halds og trausts, en undirliggjandi ástæða var nú sennilega ótti við svindl.

**VEGNA** þess að maðurinn minn telur allar hindranir í lífinu liggja í hugarfarinu, fannst honum þjóðráð að láta mig strax hlaupa rosalega langt, bara svo allar styttri vegalengdir yrðu hjóm þaðan í frá. Hann gleymdi reyndar að segja mér frá þessu plotti, ég hélt við ætluðum í rómantískt skokk kringum Tjörnina. Fyrsta húsalengdin var líka bara fín, en þegar hann tók stefnuna rakleitt niður að sjó fóru að renna á mig tvær grímur. Reyndar leyfði hann mér að ráða hraðanum þannig að um tíma óttaðist ég að vegalengdin milli mín og konunnar álengdar með barnavagninn myndi aldrei minnka, en með seiglunni fór ég að lokum fram úr henni.

**ALLA** leiðina hélt bóndi minn uppi léttu spjalli en fékk engin svör frekar en frá gæludýri sem hjalað er við, einungis astmakennt hvæs. Þegar við skeiðuðum á milli póstnúmera spurði hann um hugsanir mínar. Mér sem hafði einmitt ekki dottið neitt í hug annað en hversvegna í ósköpunum ég væri ekki heima að slappa af. Þetta gat ég vitaskuld ekki sagt honum en fann út að „þú - ert - kríp“ er taktföst setning, hvetjandi og góð til endurtekningar á meðan maður hleypur.

**SIGURSÆLAN** sem fylgdi því að lifa af þessar píslir var reyndar frábær. Endorfín er verðlaun þeirra sem hafa þolað miklar þjáningar.


BÍLASPRENGJA!
Mitsubishi Lancer GLXi station 4x4
Skráður 1/99 ekinn 113.500 km
áður 620.000 kr. nú 300.000 kr.
12.891 kr. í 24 mán.*

VW Passat Variant 4Motion 1,8
Skráður 5/00 ekinn 135.000 km
áður 1.090.000 kr. nú 690.000 kr.
eða 15.616 kr. í 48 mán.*

VW Golf Variant 4Motion 2,0
Skráður 3/02 ekinn 189.000 km
áður 840.000 kr. nú 490.000 kr.
eða 8.958 kr. í 60 mán.*

VW Golf Variant 4Motion Highline 2,0
Skráður 5/03 ekinn 125.000 km
áður 1.190.000 kr. nú 740.000 kr.
eða 11.490 kr. í 72 mán.*

VW Passat Trendline 2,0
Skráður 4/03 ekinn 82.000 km
áður 1.600.000 kr. nú 1.270.000 kr.
19.928 kr. í 72 mán.*

Mitsubishi Pajero 3,5
Skráður 11/00 ekinn 82.500 km
áður 1.850.000 kr. nú 1.360.000 kr.
eða 29.544 kr. í 50 mán.*

Nissan Terrano II Sport
Skráður 11/03 ekinn 104.000 km
áður 2.290.000 kr. nú 1.850.000 kr.
eða 28.782 kr. í 72 mán.*

* M.v. 100% lán, SP-bílasamning (lántökugjald ekki innifalið), 3,7% vexti og erlenda myntkörfu.

SPRENGIDAGAR
Lægra verð – 100% lán

SPRENGIVERÐ!
Ótrúlegt úrval af bílum á sprenghlægilegu verði. Það finna allir réttu bílinn á Sprengidögum og borga niðursprengt verð!

SPRENGIKJÖR!
Vextir frá 3,7% og lægri lántökukostnaður. 100% fjármögnun á völdum bílum. Allir geta nýtt sér sprengikjörin!

SPRENGIPOTTUR
Ef þú kaupir bíl á sprengidögum lendir þú í sprengipotti Bílaþings. Dregið daglega í beinni á Bylgjunni og sprengheppinn kaupandi vinnur helgarferð fyrir tvo til Dublin með Úrvali-Útsýn.

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA - 7293

Opið í dag kl. 10–18 á Kletthálsi 11

HEKLA
www.bilathing.is
bilathing@hekla.is
Sími 590 5760

Einnig Sprengidagar hjá umboðsmönnum HEKLU
á Selfossi, Akureyri og í Reykjanesbæ
Lokað hjá Bílaþingi Laugavegi

BÍLAÞING HEKLU
Númer eitt í notuðum bílum



10%
vaxtaauki!

Kynntu þér málið á **spron.is**





spron